

FORNLEIFAR Í RANGÁRVALLASÝSLU III.

Aðalskráning í Djúpárhreppi

Oddgeir Hansson & Orri Vésteinsson

með viðauka eftir Mjöll Snæsdóttur



Fornleifastofnun Íslands
FS146-00051
Reykjavík 2001

© Fornleifastofnun Íslands 2001

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	bls. 4
2. Um fornleifaskráningu.....	bls. 5
3. Fyrri fornleifakönnun.....	bls. 8
4. Byggðasaga.....	bls. 10
5. Fornleifaskrá.....	bls. 16
<i>Þykkvibær</i>	bls. 18
<i>Háfshverfi</i>	bls. 40
<i>Sandhólaferja</i>	bls. 51
<i>Ægissíða</i>	bls. 59
<i>Bjóluhverfi</i>	bls. 72
6. Fornleifar og byggð í Djúpárhreppi.....	bls. 88
7. Verndun og kynning fornleifa í Djúpárhreppi.....	bls. 95
8. Niðurlag.....	bls. 96
9. Heimildaskrá	bls. 97
Viðauki I: Fornleifakort af Þykkvabæ.	
Viðauki II: Mjöll Snæsdóttir: Athugun á leifum í húsgrunni í Hábæ.	

1. kafli. Inngangur

Fornleifaskráning hófst í Djúpárhreppi árið 1999 þegar gerð var svæðisskráning fornleifa í Rangárvallasýslu. Þá var safnað heimildum um fornminjar í héraðinu á vegum sýslunefndar Rangæinga og var þá skráður 281 minjastaður í sveitarfélaginu.¹

Djúpárhreppur nær yfir 5 fornar landareignir sem skiptust árið 1847 í 39 jarðir. Skráningin var gerð dagana 28.-29. júlí og 1. september og voru alls skráðir 249 staðir. Umtalsverð fækkun minjastaða við vettvangsvinnu stafar af því að í Þykkvabæ hafði verið mikið um tvískráningar þar sem sömu bæir eða kot höfðu skipt um nöfn, nokkur mörgum sinnum.

Efnisskipan í þessari skýrslu er hin sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa.² Á eftir inngangi er yfirlit um löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (2. kafli). eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskrárm í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknum á skráningarsvæðinu (3. kafli) og byggðasögu sveitarinnar (4. kafli). Í þeim kafla er fjallað um heimildir um landnám og elstu byggð á skráningarsvæðinu og fjallað um þróun byggðar á seinni öldum, byggt á ritheimildum jafnt sem niðurstöðum fornleifaskráningar. Síðan er birt skrá yfir fornleifastaði sem kannaðir voru árið 2000 (5. kafli). Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Er miðað við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Hver jörð fær sérstakan kafla þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hverri jörð fylgir síðan skrá með ítarlegri umfjöllun um hvern minjastað með teikningum þar sem við á. Með hverri jörð fylgir einnig minjakort sem sýnir minjastaði, örnefni og aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum og horfnum búskaparháttum. Í Þykkvabæ ná minjakortin yfir nokkra bæi þar sem þeir standa þétt saman. Í 6 kafla eru dregin saman megineinkenni byggðar og fornleifa á skráningarsvæðinu og í 7 kafla eru settar fram tillögur um verndun og kynningu einstakra staða og fjallað um nauðsynlegar aðgerðir í þá átt.

¹ Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, *Fornleifar í Rangárvallasýslu I. Svæðisskráning fornleifa í Fljótshlíð, Hvolhreppi, Rangárvöllum, Djúpárhreppi, Ásahreppi, Holta- og Landssveit*, Reykjavík 1999.

² Sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I-*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, Akureyri 1994-.

Fornleifaskráning í Djúpárhreppi var gerð fyrir sveitarstjórn hreppsins af Fornleifastofnun Íslands. Oddgeir Hannsson gerði skráninguna og teiknaði myndir og kort, en Orri Vésteinsson fornleifafræðingur stjórnaði verkinu og gekk frá skýrslunni. Sérstakar þakkir fá Heimir Hafsteinsson oddviti Djúpárhrepps fyrir margvíslega aðstoð á vettvangi; Óttar Geirsson hjá Bændasamtökum Íslands, Elín Erlingsdóttir landfræðingur og Pétur H. Jónsson landslagsarkitekt fyrir aðstoð við kortavinnu. Ekki síst eiga allir heimildamenn bestu þakkir skildar.

2. kafli. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanfórnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um

menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 11. gr. að skylt sé “... að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.” Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (14. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Lögbundin skilgreining á fornleifum

Hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 9. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar ...

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið.

Samkvæmt lögnum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön,

áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellar, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar.

3. kafli Fyrri fornleifakönnun

Fornleifaskráning hafði ekki áður farið fram í Djúpárhreppi þegar svæðisskráning var gerð þar 1999 og aðalskráning í kjölfarið árið 2000. Fyrst er getið fornleifa á svæðinu í skýrslum sóknarpresta til hinnar konunglegu nefndar um varðveislu fornleifa frá 1818. Sr. Steingrímur Jónsson í Odda getur um hella á Ægissíðu sem séu “miög gamlir, sumpart hvelfdir af náttúrunni, sumpart af mönnum.” (FF, 136). Ægissíðuhellarnir eru án vafa þær fornleifar sem mesta athygli hafa vakið í Djúpárhreppi og lýsti Brynjólfur Jónsson frá Minna Núpi einum þeirra í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1900, Einar Benediktsson skoðaði þá 1905 en Matthías Þórðarson ritaði ítarlega lýsingu á 12 hellum þar í Árbók félagsins 1930-31. Á grundvelli athugana sinna friðlýsti Matthías Ægissíðuhella árið 1927 og eru þeir einu friðlýstu fornminjarnar í Djúpárhreppi. Í fornleifaskýrslu sinni frá 1818 getur Brynjólfur Guðmundsson í Kálfholti um Unnhól “í Tunskiækli Bæarins Unnhols í Þyckvabæj” sem “meinast að fornmanni hagur sé” (FF, 189).

Í sóknarlýsingu frá 1840 er getið um haug Sigmundar Sighvatssonar sem Landnámabók segir að hafi verið veginn við Sandhólaferju en sagt að ekkert sjáist til hans lengur. Þó er þess getið að gömul hrossbein hafi blásið upp austan undir hamrinum og þar geti því hestur Sigmundar hafa verið heygður (SSR, 214). Í sóknarlýsingunni er þess jafnframt getið að bærinn á Sandhólaferju hafi áður staðið nær ánni í vestur-útnorður frá bænum við Ferjuhamar (SSR, 206).

Kristian Kålund fjallar nokkuð um svæðið í riti sínu um íslenska sögustaði frá 1877, einkum m.t.t. landslagsbreytinga sem þar höfðu orðið, bæði við Ósa Þjórsár og Hólsár og um Djúpós sem varð til í byrjun 19. aldar og skóp Safamýri. Kålund getur þess að ekkert sé vitað um haug Sigmundar, en segir frá járnhring sem eigi að vera kletti við foss í Rangá ofan við Hrafnstöftir. Þar átti Ketill hængur að hafa bundið skip sitt. Kålund hafði þó ekki skoðað hring þennan sjálfur og hefur sennilega ekki farið um svæðið (KK I, 152-54).

Sigurður Vigfússon fornfræðingur ferðaðist um Holt árið 1883 og kom þá m.a. í Sandhólaferju. Hann lýsir ferjustaðnum og segir frá forngripum sem fundist höfðu uppi á Hamrinum við ferjustaðinn. Sigurður taldi að haugur Sigmundar hefði verið uppi á Ferjuhamri, en þar höfðu m.a. fundist hrosstennur sem Sigurður taldi að gætu verið komnar úr kumli. Sigurður taldi einnig að bærinn hefði upphaflega staðið uppi á Hamrinum en verið fluttur seinna á núverandi stað (Árbók 1888-1892, 35-36).

Árið 1919 kom í ljós spjótsoddur er gröf var tekin í hinum nýja kirkjugarði við Há bæ, og 1943 fannst mannsbeinagrind skammt utan við garðinn. Árið 1957 fundust mannstennur á svipuðum stað og spjótsoddurinn í kirkjugarðinum, og ári síðar axarblað og skjaldarbóla skammt frá. Kristján Eldjárn rannsakaði þann fund og er það eina eiginlega fornleifarannsóknin sem gerð hefur verið í Djúparhreppi. Taldi Kristján ótvírætt að á þessum stað væri kumlateigur úr heiðnum sið (KEKH2, 68-69).

Um og eftir 1980 voru gerðar ítarlegar rannsóknir á manngerðum hellum á Íslandi, og voru þá m.a. Ægissíðuhellarnir og aðrir hellar í Djúparhreppi kortlagðir og þeim lýst (Anton Holt og Guðmundur J. Guðmundsson 1980; Árni Hjartarson o.fl. 1991)

Þegar unnið var við skráningu í Þykkvabæ sumarið 2000 kom í ljós að nýbúið var að taka stóran grunn í austurhluta hins mikla bæjarhóls í Há bæ. Þar sáuust allþykk mannvistarlög í bökkum og gerði Mjöll Snæsdóttir uppdrátt af sniðunum.


4. kafli Byggðasaga

Í Landnámabók er frá því sagt að Ketill hængur kom skipi sínu í Rangárós og var hinn fyrsta vetur á Hrafnútóftum. Örnefnið er skýrt þannig að þar hafi Ingunn kona Ketils, fætt Hrafn son þeirra, sem síðar varð fyrsti lögsögumaður á Íslandi (ÍF I, 347). Hið eiginlega landnám Ketils var hinsvegar fyrir austan Rangá og námu aðrir menn land í Holtum þó yngri gerðir Landnámabókar telji þau einnig hafa verið innan áhrifasvæðis Ketils. Austurhluti Djúpárhrepps er í landnámi Ráðorms í Vetleifsholti og Sandhólaferja gæti hafa verið í landnámi Jólgeirs bróður hans á Jólgeirsstöðum en þeir voru frá Bretlandseyjum. Í raun eru takmörk landnáma á þessum slóðum ekki skýr og má vel vera að Sandhólaferja hafi verið í landnámi Þorkels bjálfa sem bjó í Háfi, en Þykkvibær heyrði einnig undir landnám hans (ÍF I, 367-68). Sandhólaferju er einnig getið í Landnámabók þar sem segir frá vígi Sigmundar Sighvatssonar rauða (ÍF I, 352, sbr. Njáls sögu, ÍF XII, sem telur Sighvat hafa verið veginn við Sandhólaferju).

Ekki verður lagt mat á sannleiksgildi frásagna Landnámabókar – í sjálfu sér virðist skipting landnámana ekki ólíkleg – og er meira hald í kumlum þeim sem fundist hafa í Þykkvabæ, við Háabæ, þar sem kirkjugarðurinn er nú. Þau sýna að þar hefur verið komin byggð í heiðni og má hafa kenningu Sigurðar Vigfússonar um kuml á Hamrinum við Sandhólaferju til sama marks. Í raun er full ástæða til að ætla að svæðið allt hafi verið numið snemma og orðið fullbyggt þegar á 10. öld.

Tengdasonur Þorkels bjálfa var Skeggi Ásgautsson og bjó hann einnig í Háfi að sögn Kristni sögu (Bsk I, 21), en sonur Skeggja var Þorvaldur í Ási sem átti Koltorfu, systur Hjalta Skeggjasonar úr Þjórsárdal (ÍF I, 368, Ólafs saga Tryggvasonar hin mesta II, 189). Þorvaldur Skeggjason á samkvæmt Kristni sögu að hafa verið ungur maður, a.m.k. enn búandi í föðurhúsum þó giftur væri, þegar Hjalti kom þar við á leið til alþingis árið 1000. Þá verða ættliðirnir heldur fái eða mennirnir mjög langæir og seinir til að fjölga sér ef Þorkell bjálfi á að hafa komið út á landnámsöld, þ.e. fyrir 930.

Þó afkomendur þessa fólks verði ekki raktir lengra nú virðast hér vera á ferðinni upphafsliðirnir af staðbundinni valdaætt, e.t.v. smáhöfðingja sem sátu í Ási eða Háfi áður en Oddaverjar náðu völdum í Holtum.



Það virðast þeir hafa gert fyrir miðja 12. öld ef marka má sögu af tilraun þeirra til að kvæna Þorlák helga ríkri ekkju á Háfi, sennilega um 1160. Þorlákur var skjólstæðingur Oddaverja og þeir höfðu stutt hann til náms erlendis, en þegar hann kom heim aftur vildu þeir finna handa honum gott kvonfang í héraði og hafa væntanlega ætlast til að hann settist að í Háfi og gæti hagsmuna þeirra þar um slóðir. Þorláki snérist hugur á síðustu stundu og var ekki við kvenmann kenndur eftir það (Bsk I, 93). Oddaverjar hafa eflaust fundið annan lepp til að gæta hagsmuna þeirra út við Þjórásá neðanverða, og sjást ítök þeirra á svæðinu vel í elsta máldaga Oddakirkju frá 1270. Þá átti kirkjan 240 faðma fjöru fyrir Þykkvabæ – og er það elsta heimild um þá jörð – vætt matar í Háfi, gelding gamlan í Ægissíðu og annan á Hrafnatóftum. Í yngri máldögum kirkjunnar kemur fram að hún var undanþegin ferjutolli á Sandhólaferju. Í máldaga frá 1397 kemur ennfremur fram að Oddakirkja átti vætt matar í Þykkvabæ, en Breiðabólstaðarkirkja í Fljósthlíð átti þar vætt mjöls samkvæmt máldögum frá 14. öld. Mjöltollurinn bendir áreiðanlega til akuryrkju í Þykkvabæ, og matartollarnir sennilega einnig, og virðist líklegt að skilyrði til akuryrkju hafi verið með besta móti á þessu svæði.³ Sauða- og matartollar Oddakirkju sem – ásamt osttollum – voru greiddir til hennar af bæjum um alla Rangárvallasýslu eru vitnisburður um veldi Oddaverja á 13. öld, og urðu síðan ein helsta undirstaðan undir rekstri staðarins í Odda eftir að hann komst undir forræði Skálholtsbiskupa í lok 13. aldar. Þar fyrir utan heyrðu Ægissíða, Bjóluhverfi og Vettleifsholt undir Odda hvað varðar kirkjusókn og tíundargreiðslur og sýnir það áreiðanlega ítök Oddaverja í neðanverðum Holtum á 12. og 13. öld. Hugsanlegir höfðingjar í Ási eða á Háfi hafa því snemma fallið í skuggann af Oddaverjum en sóknarkirkja á Háfi sýnir þó að þar hefur verið lítil miðstöð sem Þykkvabær hefur heyrt undir.

Í sóknarlýsingu frá 1840 er þess getið að bænhus hafi verið í Glæsi í Þykkvabæ sem hafi verið lagt niður fyrir um 100 árum, þ.e. um 1740. Það er sennilega ekki rétt því bænhus þar er ekki getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709, og hefur það sennilega lagst af mun fyrr ef nokkur fótur er fyrir sögninni – sem verður að teljast líklegt. Í fjörumarkalýsingu frá 1439 er getið um Glæsishús á hlaðinu í Þykkvabæ og er það því greinilega gamalt örnefni. Eins og Háfur var Þykkvabær 60 hundraða jörð, og voru þessar tvær langstærstar á svæðinu; Ægissíða

³ Árni Óla telur að mjöltollarnir hafi byggst á meltaki á þessum slóðum og má það vel vera, en hafi einhversstaðar verið góð skilyrði til akuryrkju á Íslandi þá er það á suðurströndinni og er ekki ástæða til að ætla að Þykkvæingar hafi ræktað minna korn en aðrir þó þeir hefðu einnig nægt meltak.

var 40 hundruð, Sandhólaferja 30 hundruð, Bjóla 20 og Hrafnatóftir 16 hundruð. Má af þessu ráða nokkuð um í hvaða röð byggð hófst á þessum bæjum. Þykkvabær og Háfur eru örugglega elstu býlin, byggð af þeim sem fyrstir lögðu upp í ósa Þjórsár og Hólsár (Djúpár). Þar næst hafa efri hlutar Holtanna byggst – Ægissíða þar á meðal – en Bjóluhverfi og Sandhólaferja sennilega síðar þegar landþröng var orðin meiri og menn urðu að láta sér nægja að nema þá geira sem orðið höfðu eftir milli eldri landnáma. Ekki verður ráðið af staðháttum eða eignaskiptingu að neinar af þessum jörðum hljóti að vera byggðar frá öðrum, þó líkur megi leiða að því að Sandhólaferja hafi byggst frá Háfi eða Ási og Bjóluhverfi frá Vetleifsholti.

Finnur Jónsson biskup skýrði örnefnið Þykkvabær þannig að það þýddi þéttbýli (densas habitaciones) og hafa felstir fallist á þá skýringu. Nafnið er nú ekki tengd við neinn sérstakan bæ í byggðarlaginu heldur er það samheiti fyrir það allt og hefur svo verið a.m.k. síðan í byrjun 18. aldar. Í áðurefndu fjöllumarkabréfi frá 1439 er getið um Glæsishús á hlaðinu í Þykkvabæ og verður það ekki skilið öðruvísi en að Hábær hafi þá verið kallaður Þykkvibær. Það er í samræmi við sagnir á síðari öldum um að byggðin hafi upphaflega verið í kringum Hábæ og síðan dreifst, mest í austur. Þannig segir frá því í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín að byggðin muni öll upphaflega hafa verið í einu þorpi þar sem nú er Hábær og þar um kring, en að mörg býlin hafi verið flutt fyrir manna minni (JÁM I, 374). Í sóknarlýsingu frá 1834 er tekið í sama streng og sagt að öll 34 býlin sem þá voru í byggð í Þykkvabæ hafi byggst úr Hábæ eða Glæsi sem stóð á Háþéjarhólum.

Í andstöðu við þessar sagnir er saga sem Brynjúlfur Jónsson frá Minna Núpi heyrði er hann var á ferð um svæðið í byrjun 20. aldar. Hún var á þá leið að Hólsá hefði í fyrstu heitið Djúpa og að á vesturbakka hennar hefði staðið stórbýlið Djúpárbakki sem getið er um í Njáls sögu. Sú jörð hafi síðan skipst í þrjár sem kallaðar voru Efstibakki, Miðbakki og Syðstibakki en að þær hafi að lokum eyðilagst undan ágangi árinna, Syðstibakki síðast (Brynjúlfur Jónsson 1910, 31-32). Sá fótur er fyrir þessu að í byrjun 18. aldar voru nokkur býli í Þykkvabæ sem hétu Bakki: Syðstibakki, Vestastibakki, Syðstibakkapartur, Miðbakki og nafnlaust býli “vestast á Bökkunum” Samanlagt voru þau 12,5 hundruð af jarðarverðinu. Öll þessi býli virðast hafa verið komin í eyði á seinni hluta 18. aldar og er engar minjar lengur um staðsetningu þeirra. Þau eiga að hafa staðið út við Hólsá sem væntanlega hefur gengið á bæjarstæðin og þau horfið undan ágangi hennar – og er þess raunar getið í jarðabókinni frá 1709 að Rangá hafi afskorið mikinn part af landinu og brjóti af engjunum (JÁM I, 384). Sennilegt er að sögnin sem Brynjúlfur skráði

sé skýringarsögn um eyðingu þessara býla og með þeim stórs hluta byggðarinnar í Þykkvabæ. Hinsvegar er enginn fótur fyrir að þar hafi verið sjálfstætt býli, afskipt frá Þykkvabæ, og ekkert líklegra að þar hafi verið Djúparbakki Njáls sögu en bær með því nafni í Fljótshverfi í Skaftafellssýslu.

Árið 1524 seldi Ögmundur Pálsson Skálholtsbiskup 20 hundraða hlut í Þykkvabæ (DI X, 61-62) og má af því álykta að jörðin hafi þá skipst upp í a.m.k. þrjá hluta. Frá 17. öld eru til allmörg sölubréf sem varða Þykkvabæ og voru það yfirleitt 15 eða 10 hundraða hlutir eða minna. Svo virðist sem eignarhald á jörðinni hafi smátt og smátt komist á fleiri og fleiri hendur og í byrjun 18. aldar áttu 7 menn Þykkvabæ, allir fleiri en einn part og var enginn partur stærri en 5 hundruð. Þeir voru alls 19 og fylgdu þeim stærri, eða tveimur saman, samtals 12 hjáleigur. Ekki voru býli þessi öll í byggð eins og síðar verðir vikið að. Athyglisvert er að í tveimur tilfellum voru partar í Þykkvabæ seldir á tvöföldu nafnverði, þ.e. 5 hundruð í Þykkvabæ voru seld fyrir 10 hundruð í annari jörð, og bendir það til að landgæði hafi verið mun meiri í Þykkvabæ en jarðamatið gefur til kynna og/eða að eignarhlutur í Þykkvabæ hafi verið venju fremur eftirsóknarverður.

Í jarðabókinni er þess getið að þó að sum býlin séu fjarri Háabæ þá eigi allir partarnir afmarkaðar skákir í túnunum í kringum Háabæ og jafnframt kemur þar fram að partar sem ekki lágu saman gátu átt hjáleigu í sameiningu sem var svo á þriðja staðnum. T.d. áttu Vesturholt (hjá Háabæ) og Syðstibakki (við Hólsá) saman hjáleigu hjá Tobbakoti. Það er því löng hefð fyrir því að einstök býli eigi sína skika hér og þar um jörðina og er einfaldast að ætla að svo hafi verið frá öndverðu. Þó má greina þrjár megin þyrpingar sem gætu komið heim og saman við þrískiptingu jarðarinnar á 16. öld. Þar er í fyrsta lagi Háabær og þorpið í kringum hann. Ef sameign á hjáleigu er vitnisburður um að partar hafi upphaflega átt saman þá þýðir það að Tobbakot og Dísukot hafa upphaflega verið einn partur, og hafa myndað ásamt með Háabæ, Stöðulkoti, Gunnuparti og Oddskoti 20 hundraða hlut í jörðinni. Allir þessir partar eru við Háabæ nema Tobbakot sem er meðal Austurbæja, og hjáleigan Gróukot sem var hjá Borgartúni. Í öðru lagi er byggðin á Bökkunum en eins og áður er getið voru 5 partar þar í byrjun 18. aldar og voru þeir í eignatengslum við tvo parta hjá Háabæ, Búð og Vesturholt og einnig fylgdu þeim hjáleigur meðal Austurbæja, hjá Unhóli, Tobbakoti og Háarima. Þriðji 20 hundraða hlutinn hafði svo þungamiðju meðal Austurbæja, þ.e. Nýibær, Vatnskot og Háirimi, en hjá Háabæ var Litla Rimakot og þessum hlut tilheyrði einnig Borgartún, vestasta býlið í Þykkvabæ. Þessi skipting partanna í þrjú

aðalhverfi sem öll áttu eignir í hinum þarf alls ekki að vera upphafleg og ekkert er því til fyrirstöðu að einstök býli hafi flutst milli parta, og þeir stækkað og minnkað, eftir því sem byggðin þandist út eða dróst saman. Þó virðist mega draga þá ályktun að byggðin hafi á miðöldum skipst upp í þrjú aðalhverfi, eitt mjög þétt í kringum Hába, annað sennilega dreifðara austur við Djúpárbakka og hið þriðja einnig heldur dreift á milli, þar sem nú er kallað Austurbær. Þó að bæjarstæðin hafi þannig skipst í hverfi hafa býlin átt sína skika hér og þar óháð staðsetningu bæjarhúsa og hefur það leitt til þess að sama parti gátu tilheyrt býli í öllum þremur hverfunum, einkum þegar skammæjar hjáleigur byggðust á stökum skikum.

Ekki er hægt að rekja eignarhaldssögu partanna samfellt frá upphafi 18. aldar og fram á þá 19. Munar mestu um eyðingu Bakka-bæjanna en athyglisvert er að þó heilt hverfi virðist hafa horfið í Hólsá á 18. öld þá hefur það ekki haft nein áhrif á jarðarmatið heldur byggðust sömu partar á ný undir nýjum nöfnum enda hafa þeir átt land hér og þar um jörðina. Mestur stöðugleiki hefur verið meðal Austurbæja – þar eru enn allmörg býli með sömu nöfnum og að því er best verður séð á sömu stöðum og í byrjun 18. aldar, en austustu býlin í Þykkvabæ eru öll frá 19. öld – og má líta á þau sem arftaka Bakka-bæjanna.

Sennilegt er að heimilin í Þykkvabæ hafi ávallt verið lítil á landsvísu og byggðin því viðkvæmari fyrir sveiflum í árferði, fiskigengd og breytingum á landslagi. Fallvötnin í kringum Þykkvabæ hafa breyst í tímans rás, bæði til góðs og ills fyrir byggðina. Þau hafa brotið land eða fært til sand sem gekk á tún á engi, en einnig borið áburð á engin og þannig aukið slægjur. Útgerð hefur sennilega ávallt verið þýðingarmikil fyrir Þykkvabæinga en breytingar á útfalli Hólsár hafa á tímabilum gert útræðið erfitt eða ómögulegt og hefur það sennilega getað haft mikil áhrif á þéttleika byggðarinnar. Í lok 17. aldar og byrjun þeirrar 18. virðist byggðin í Þykkvabæ hafa verið að dragast saman – af 27 býlum voru 16 í eyði og höfðu verið það frá einu ári upp í 36 ár. Mörg höfðu farið í eyði í Stórubólu en meir en helmingur fyrir þann tíma. Getur Árni Óla þess til að þessi samdráttur í byggðinni hafi orsakast af því að lending eyðilagðist vegna breytinga á útrás Hólsár – og er það ekki ósennilegt því að á næstu bæjum hafði byggðin verið í sókn á 17. öld. Á seinni hluta 17. aldar byggðust þrjár nýjar hjáleigur á Háfi, til viðbótar við þá einu sem verið hafði frá alda öðli. Ein þeirra var þegar farin í eyði 1709. Einnig hafði byggst hjáleiga hjá Sandhólaferju um 1682 en hún fór í eyði í Stórubólu 1707. Á Hrafnatóftum og Bjólu var sitt hvor hjáleigan 1709, Steintóft og Bjóluhjáleiga, og virðast þær hafa verið gamlar í hettunni.

Á 18. öld var byggðin sveiflukennd, Bakka-bæi tók af vegna landbrots Djúpár en önnur

býli byggðust í staðinn. Ætla má að slæmt árferði um miðja öldina og í Móðuharðindum eftir 1783 hafi haft sín áhrif í Þykkvabæ sem víðast annarsstaðar á landinu en á fyrri hluta 19. aldar er byggðin komin í sókn og um 1840 voru þar 34 býli í byggð. Á seinni hluta aldarinnar byggðust allmörk húsmannsbýli og hefur býlafjöldin verið mestur áratugina í kringum 1900 en þegar leið á 20. öldina hurfu húsmannskotin og minnstu býlin voru sameinuð stærri búum. Á sama tíma fækkaði hjáleigum hjá Háfi en þær urðu flestar 6 á fyrri hluta 19. aldar.

5. kafli Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (RA, ÁR o.s.fr.v.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-357:001). Fornleifaskrá hvernjarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjarð greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma hey í). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu

eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annari línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu, og 3) mikil hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í Heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Eins og áður segir voru 249 staðir skráðir í Djúpárhreppi, þar af 103 í Þykkvabæ og 29 í Háfshverfi, 26 á Sandhólaferju, 35 á Ægissíðu og 56 í Bjóluhverfi.

Í Djúpárhreppi eru mannvirkjaleifar sjáanlegar á 37 minjastöðum en á 169 stöðum sjást leifarnar ekki lengur. Meðal þeirra eru fornleifar sem hafa verið eyðilagðar eða horfið í tímans rás af ýmsum orsökum. Þetta er óvenjuhátt hlutfall af horfnum fornleifum en það helgast fyrst og fremst af því að í Þykkvabæ er meirihluti minjastaðanna bæjarstæði sem horfið hafa undir yngri byggingar, ræktun eða vegi. Alls hafa 63 staðir horfið vegna túnasléttunar, framræslu eða ræktunar, 42 hafa lent undir byggingum og 4 undir vegum en aðeins 3 hafa horfið vegna vansrofs svo vitað sé með vissu, en víslega eru þeir staðir sem þannig hafa eyðilagst mun fleiri. Sjaldan er unnt að ákvarða hvort minjastaður hefur verið algjörlega eyðilagður þó ekki sjást merki um hann á yfirborði. Margar þessara minja kunna enn að leynast undir grassverði eða nýbyggingum og gætu komið í ljós við framkvæmdir síðar. 33 fornleifar eru ekki mannvirki heldur þjóðsögustaðir, náttúruminjar eða þjóðháttastaðir.

Á þeim stöðum þar sem mannvirkjaleifar sjást enn er eitt hús undir þaki, 12 eru nokkuð greinilegar, þ.e. hleðslur standa enn eða eru vel merkjanlegar, en 24 eru fremur útflattar og ógreinilegar.

Hættumat er aðeins gert þar sem mannvirki eru eða hafa verið eða á 211 stöðum af 249. 35 staðir töldust ekki vera í neinni hættu en 176 töldust í hættu. Langflestir staðir, eða 160, teljast í hættu vegna ábúðar og rasks, þ.e. þeir eru á svæðum þar sem atvinnustarfsemi á sér stað.

9 staðir eru í hættu vegna uppblásturs og vatnagangs, allir á bökkum Hólsár. 1 staður er í hættu vegna trjáræktar og 3 vegna vegagerðar. Enginn staður telst í mikilli hættu í Djúparhreppi.

Í fornleifaskránni hér að neðan er getið um þær minjar sem heimildir eru til um jafnt sem um þá staði sem varðveist hafa til þessa dags. Í skránni eru 16 staðir með tóftum af ýmsum stærðum og gerðum, 87 bæjarstæði, 7 garðlög, 11 hellar og 2 vörður en á 12 stöðum eru örnefni eina vísbendingin um gömul mannvirki og fyrir 95 stöðum eru eingöngu ritheimildir. Í 6. kafla er fjallað nánar um einstaka flokka minja í Djúparhreppi.

RA-318 Hábær

5 hdr. 1709, 1847. Bændaeign. Hábær er talið aðalbýlið í Þykkvabæ sem var 60 hdr jörð. [1270]: Nichulas kyrkia j odda. a ... j þycka bæ cc j fiurv. - DI II, 86-88 sbr. 1553 – DI XII, 652. [1332]: Skal gjalda til Breiðabólstaðarkirkju "vætt vr þyckuabæ." – DI II, 688. [1371]: Skal gjalda til Breiðabólstaðarkirkju "wett miols wr þyckuabæ." – DI III, 269 sbr. 1397 – DI IV, 82, 1480 – DI VI, 332. 1397: Oddakirkja á "j Þykkabæ vett matar." – DI IV, 72 sbr. 1480 – DI VI, 325. 1397: Áskirkja "a reka er Kolbeinn bondi gaf henne oc liggur fyrir þyckuabæ." DI IV, 61. 18.4.1439 gefur Pétur Þorsteinsson "ólafs kirkiu j kalfholtti j holtamannahrepp halfa fiuru vid mig iiijc tolfraed. þa sem liggur fyrir þykkvabæ j sogdum hrepp. eru þar þessi fiurumork. ad allri þeirri fiuru sem hier seiger. fyrir austan liggur burfell. austan ad glæsihusi. þui sem stendur a hladinu j þyckuabæ. enn hin vestri fiurumork skal bera burfell austan ad eydzel. og akhljyd j milli." – DI IV, 584. um 1480: Áskirkja "a reka er ... kolbeinn bonnde (Pétursson) gaf henni er liggur fyrir þyckuabæ. Enn þesse eru þar fiurumork. fyrir vestann audnner j mitt burfell. Enn fyrir austan stendur stika oc þadann rettsyne j þyckuabæiar biorg j skardzfiall austannvertt." DI VI, 322, sbr. 1491-1518 – DI VII, 41; 1553 – DI XII, 656. 2.1.1524 selur Ögmundur biskup Pálsson sr. Snæbirmi Halldórssyni 20 hdr í Þykkvabæ í Háfskirkjusókn – DI X, 61-62. 1636: Snorri Ásgeirsson býður Gúðrúnu eldri 5 hdr í Þykkvabæ fyrir 10 hdr í Langholti – DI III, 191. 26.5.1681 greiðir Torfi Guðmundsson Helgu Gísladóttur 10 hdr í Þykkvabæ fyrir 20 hdr í fasteign – Jarðabréf, 5. [1703] á Jón Vídalín 15 hdr í Þykkvabæ, landsk 80 álnir, 3 kúgildi – JÁM XIII, 60. [1703] á Helga Gísladóttir 10 hdr í Þykkvabæ og fékk hún þau í tilgjöf eftir sinn ektamann, Jón Guðmundsson – JÁM XIII, 108. 26.4.1703 fá Kristín Ísleifsdóttir og Einar Ísleifsson sitthvort 6 hdr og 5 aura í Þykkvabæ í arf eftir föður sinn Ísleif Þórðarson – JÁM XIII, 72. 13.6.1703 á Einar Ísleifsson 6 hdr og 5 aura í Þykkvabæ, landskuld 46 álnir en ekkert kúgildi – JÁM XIII, 77. 26.6.1703 á Helga Gísladóttir þessa eftirskrifaða parta: Vatnaskot, landskuld 35 ál, 1,5 kúgildi; Unahól, landskuld 60 ál, 3,5 kúgildi, Bakkakot, landskuld 35 ál, 2 kúgildi – JÁM XIII, 109. "1803 var Háibær aðalbýlið í Þykkvabæ, með eyðihjáleigunum Önnutóft og Glæsi. "Þykkvabæjar er fyrst getið, svo að ég viti, í máldaga Oddakirkju árið 1270, og segir þar, að kirkjan eigi 200 (faðma?) í Þykkvabæjarfjörü. Þó getur verið, að Þykkvabæjar sé getið tuttugu árum fyrr í Sturlungu ..." 1332: Þykkvibær er nefndur í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. Árni Óla telur kenningu Finns Jónssonar biskups lang líklegasta þegar kemur að því að skýra nafnið Þykkvibær og að það þýði þéttbýli (densas habitationes). Árni Óla: Þúsund ára sveitapörp, 29-30. "Er sundur skipt í smá parta, og eru sumir hjá öðrum, aðrir nokkuð lengra í burt. Sögn manna er að heyrt hafi af eldri sjer, þessi byggð muni hafa í gamladaga öll verið í einu þorpi, þar sem nú heitir Háibær og þar um kríng, hvað haldið er fyrir víst, því allir partarnir eiga afmarkað pláts í túnunum, sem eru í kringum Háabæ, þó hafa býlin fyrir manna minni flutt verið." JÁM I, 374. 1847 var jörðinni skipt í 34 býli.

"1803 segir, að eingjarnar í Þykkvabæ nær því alltaf séu undir vatnaflóði, og að heyskapur því sé mjög örðugur; að þær allar sé óskiptar og brúki þær hver, sem hann hefur menningu til; að allir eigi saman viðreka í Þykkvabæ, þó eigi nokkrir bændur, og einkum kirkjur, þar rekaitök, og er þess sérílagi getið um kirkjuna, sem var á Hlíðarenda, að hún hafi þar við á einn hest árlega; að Þykkvabæjarbændur allir hafi tækifæri til silúngsveiðar og vorfiskis, sem þó um nokkur ár eigi hafi orðið að arði, og að kotin öll eigi vetrararbeit í Vetleifsholts landi, fyrir viðreka ítak." JJ, 39

RA-318:001 Hábær bæjarhóll bústaður

63°44.839N 20°36.644V

"Næst [eftir Rimakoti RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot; næst er Tjörn og Melur. Norðan til eftir boðleið telst nú Miðkot, Jaðar, Háabær og Skinna." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús í Háabæ I sem byggt var árið 1924 í stendur á

bæjarhólnum. Árið 1999 var grafinn húsgrunnur, fast austan við íbúðarhúsið og komu þá í ljós mannvistarleifar. Í túni. Á hólnum standa nú byggingar og umhverfis þær aðkeyrslur.

Sumarið 2000 vann Fornleifastofnun Íslands að aðalskráningu fornleifa í Djúpárhreppi. Við þá skráningu fengu starfsmenn vitneskju um að nýbúið væri að grafa fyrir nýbyggingu við Háabæ I í Þykkvabæ og reyndist sá gröftur hafa skaddað mannvistarlög. Athugun var gerð á ummerkjum á bæjarstæði Háabæjar í Þykkvabæ dagana 8.-9. júlí 2000. Er greint nánar frá þeirri athugun í viðauka aftan við skýrsluna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1-2

RA-318:002 gripir

63°44.867N 020°36.839V

Spjót frá miðöldum, hugsanlega 10. öld, "fundið í nýja kirkjugarðinum í Háabæ í Þykkvabæ." Fannst 4-5 m austur af NA-horni núverandi kirkju í Háabæ. Kirkjugarður.

Þjms. 8209: spjót, 32,7 sm að lengd, vantar lítið eitt neðan á fallinn; út af legg standa þverstýfðir hnúðar eða tappar.

Heimildir: KEKH, 283

RA-318:003 Syðstibakki bæjarstæði býli

1709: "Bygging er á þessum parti í burt og fallin." ÁG: "Rústir Efsta-, Mið- og Syðsta Bakka á sandinum fyrir ofan Hólsá." Ekki er ljóst hvar þetta býli var að öðru leyti en því að það hefur verið á vesturbakka Hólsár. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ. "Hans er síðast getið 1825 og bjuggu þar þá Árni Jónsson og Ólöf Einarssdóttir."

Heimildir: JÁM I, 376; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 82; ÁG. Friðlýsingarskrá, 70

RA-318:004 Miðbakki bæjarstæði býli

3 hdr. 1709. ÁG: "Rústir Efsta-, Mið- og Syðsta Bakka á sandinum fyrir ofan Hólsá." Ekki er ljóst hvar þetta býli var að öðru leyti en því að það hefur verið á vesturbakka Hólsár. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Heimildir: JÁM I, 376; ÁG. Friðlýsingarskrá, 70

RA-318:005 Efstibakki bæjarstæði býli

3 hdr. 1709. ÁG: "Rústir Efsta-, Mið- og Syðsta Bakka á sandinum fyrir ofan Hólsá." Ekki er ljóst hvar þetta býli var að öðru leyti en því að það hefur verið á vesturbakka Hólsár. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Heimildir: JÁM I, 376-377; ÁG. Friðlýsingarskrá, 70

RA-318:006 Vestasta býli á Bökkunum bæjarstæði býli

3 hdr. 1709: "Hefur óbyggt verið þetta ár, nema hvað ekkjan Þorgerður hefur það til slægja brúkað látið." Ekki er ljóst hvar þetta býli var að öðru leyti en því að það hefur verið á vesturbakka Hólsár. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Heimildir: JÁM I, 377

RA-318:007 Háapúfa álagablettur

63°44.857N 020°36.597V

"Háapúfa er eign álfa og er hún norðaustur af bænum, efst á hólnum. Það er ekki bannað að slá en ekki má hrófla við henni." Háapúfa er á hábungu hólsins sem Háabær I (001) stendur á. Á þessum sama stað mun bærinn Glæsir(022) hafa staðið í eina tíð. Glæsisnafnið gjarnan verið tengt við þessa þúst sem þó er það lítil að hún getur ekki verið bæjarhóll. Er líklegt að Glæsisnafnið hafi einfaldlega færst yfir á þúfuna þar sem hún er á sama svæði og bærinn sem upphaflega bar það, stóð á og hennar rétta nafn, Háapúfa hafi einfaldlega gleymst. Einnig er þó mögulegt að þúfan beri bæði nöfnin og bærinn hafi heitið eftir henni.

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 255

RA-318:008 mannabein legstaður

63°44.894N 20°36.833V

"Prestssetrið í Þykkvabæ var reist árið 1943 ... Þegar grafið var fyrir gunni hússins, kom þar upp mannshauskúpa og leifar af beinagrind." Gamla prestssetrið brann vorið 2000 og hefur nú verið reist nýtt hús á grunni þess gamla. Stendur þetta hús á milli íbúðarhúsanna í Gerði og Háabæ I a, gegnt kirkjunni.

Tún eða garður er í kringum húsið.

"Beinin voru mjög fúin, en samt mátti á þeim sjá, að hinn dauði hafði legið á hliðinni og sneri höfðinu í suðaustur." Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 235

RA-318:009 *Vallarhús* bæjarstæði bústaður

63°44.884N 20°37.244V

"Vallarhús var nefnt tómthúsbyli, er Guðlaugur Jónsson byggði 1916 og var þar með konu sinni ... fram til 1931. Þá voru húsin rifin. Byli þetta var um 300 m suðvestur af Skarði."

Ræktað tún

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 87

RA-318:010 bæjarstæði býli

"Í suður frá þessum parti [009] við túnið hefur verið hjáleiga, sem fylgdi Syðstabakka og Vestruholtum, pörtum Eyjólfs. Var fyrst bygð fyrir 30 og nokkrum árum. Eyðilagðist fyrir 15 eða 16 árum. ... Allar tóftir eru hjer fallnar til grunns." segir í Jarðabók Árna og Páls frá 17098. Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háðæ.

Heimildir: JÁM I, 378

RA-318:011 *Oddskot* bæjarstæði býli

3 hdr. 1709: "Hefur í eyði verið þetta ár, því ábúandi fekkst ekki." Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háðæ.

Gæti verið sama og RA-336

Heimildir: JÁM I, 383

RA-318:012 *Gljábær* bæjarstæði bústaður

63°44.817N 20°37.281V

"Gljábær (tómthúsbyli). Það reisti Bjarni Sigurðsson (sem bjó í Litla-Hrauk 1901) árið 1890 ... [og bjó þar] til 1896. ... Gljábær var um 400 m suðvestur af Skarði." Þar er nú kartöflugarður í eigu Vesturholts.

Kartöflugarður.

Ekki sést til fornleifa. Á þessum stað var lengi myndarlegur hóll sem nú hefur verið sléttaður. Komu hleðsluleifar í ljós við sléttunina. Þá kemur oft upp aska er garðurinn er plægður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 87

RA-318:013 *Valahraun* bæjarstæði býli

3 hdr. 1709. "Valahraun. Hefur ei byggt í 12 ár, nema ábúandinn á Háarima hefur brúkað það til slægna ..." Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háðæ.

Heimildir: JÁM I, 379

RA-318:014 *Rúnkakot* bæjarstæði býli

3 hdr. 1709. Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háðæ.

Heimildir: JÁM I, 380

RA-318:015 bæjarstæði býli

1709: "Heima við þetta býli [001] er hjáleiga sem fylgir Syðstabakka parti og Vestasta bakka býli, pörtum Magnúsar. Er það bygð fyrir manna minni." Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Heimildir: JÁM I, 381

RA-318:016 *Gunnupartur* bæjarstæði býli

3 hdr. 1709. Í eyði 1709, notað frá Háabæ. Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Heimildir: JÁM I, 381

RA-318:017 *Einkofi* bæjarstæði bústaður

63°44.864N 020°36.763V

"Einkofi (tómthúsbylí). Þess er getið í kirkjubókum 1810-1818 og í manntali 1816. Fá ár mun það hafa verið í byggð að því sinni, eða heitið því nafni. Mestar líkur eru taldar til, að það hafi staðið um 30 m suður frá prestssetrinu Kirkjuhvöli. Þar voru gömul tóttarbröt, sem sléttað hefir verið yfir nú fyrir skemmstu, og segja gamlir menn, að þar hafi verið nefnt Árnagerði á uppvaxtarárum sínum." - "Árnagerði var sameinað Rimakoti." Á þessum stað stendur nú hús sem nefnist Gerði.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85, 87

RA-318:018 *Nýlenda* bæjarstæði býli

"Nýlenda. Hennar er getið í manntali 1762 en annars staðar ekki." Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 82

RA-318:019 *Megin* bæjarstæði býli

"Megin. Þessa býlis er getið nokkrum sinnum á árunum 1832-1844 en síðan ekki, og ... enginn veit nú, hvar það hefir staðið." Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 82-83

RA-318:020 *Afakot* bæjarstæði býli

"Afakot. Þess er getið í manntali 1791 og öðru hvoru fram til 1820." Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ.

Afakoti var bætt við Tobbakot.(RA-321)

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 83

RA-318:021 *Gata* bæjarstæði bústaður

"Gata var sameinuð Stöðulkoti." Ekki er ljóst hvar þetta býli var. Það er ekki nefnt í Jarðatali Johnsens frá 1847 og því skráð með Háabæ. Stöðulkot(RA-328) er þar sem nú stendur íbúðarhúsið í Smáratúni.

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85

RA-318:022 *Glæsir* bæjarstæði býli

63°44.857N 020°36.597V

Í lýsingu fjörumarka frá 1439 er getið um Glæsishús á hlaðinu í Þykkvabæ. Samkvæmt jarðatali Johnsens frá 1847, var Háabær aðalbýlið í Þykkvabæ, 60 hdr jörð árið 1803 með eyðihjáleigunum Önnutóft og Glæsi. "Glæsir er nefndur í bæjartali 1762 og 1801, en ekki í manntali 1816. Hefir ekki alltaf verið í byggð. Frá 1850-1890 er búið þar, en ekki síðan. ... Glæsir var á hólum norðan við Háabæ I." Hábunga hólins, sem Háabær stendur á og er norðan við bæinn, nefnist Glæsir.

Á bæjarhólum.

Á hábungunni er dálítill og sérkennileg þúst og hefur Glæsisnafnið verið tengt við hana. Sú þúst mun þó líklega vera svonefnd Háapúfa (007), enda er sagt að hún sé efst á bæjarhólum norðaustur frá bænum og kemur ekki önnur þúfa til greina þar. Þá er þúfan það lítil að hún getur ekki verið bæjarhóll. Er líklegt að Glæsisnafnið hafi einfaldlega færst

yfir á þúfunu þar sem hún er á sama svæði og bærinn sem upphaflega bar það, stóð á. Einnig er þó mögulegt að þúfan beri bæði nöfnin og bærinn hafi heitið eftir henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JJ,39 ; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86

RA-318:023 *Vesturkot* bæjarstæði býli

63°44.476N 020°35.814V

"Vesturkot. Gamlir menn segja að um 190 m norður frá Stóra-Rimakoti hafi býli verið, er nefnt var Vesturkot. Það var norðan vegarins og markanna á milli Rimakots og Norður-Nýjabæjar. Sléttað hefur verið yfir tættarnar." Eru hnit tekin samkvæmt þessari lýsingu.

Á þessum stað er nú kartöfluskák.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85

RA-318:024 *Norðurkot* bæjarstæði býli

63°44.362N 020°35.694V

"Norðurkot á að hafa verið norðaustan við veginn, um 120 m frá Stóra-Rimakoti. Þar er nú smábali sléttur." Eru hnit tekin samkvæmt þessari lýsingu.

Á þessum stað er nú kartöfluskák.

Ekki sést til fornleifa.

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85

RA-318:025 heimild um bænhús

63°44.857N 020°36.597V

"Bænhús var í Glæsir í Þykkabæ, lagt niður á að gizka fyrir rúmum 100 árum." segir í sóknarkýsingu frá 1840. Engar aðrar heimildir eru um þetta bænhús og þess er ekki getið í JÁM sem bendir til að það hafi verið löngu aflagt 1709. Ekki er vitað hvar það var, en Glæsir (sbr. 022) var á norðurhluta bæjarhólsins í Háabæ og er sennilegast að bænhúsið hafi verið þar hjá.

Heimildir: SSR, 210.

RA-319 Skinnar

5 hdr. 1847 - ekki getið 1709.

RA-319:001 *Skinnar* bæjarhóll bústaður

63°44.867N 20°36.648V

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot; næst er Tjörn og Melur. Norðan til eftir boðleið telst nú Miðkot, Jaðar, Háabær og Skinna. Er talið, að bærinn beri nafn af því, að skinn hafi verið þurrkuð í brekkunni, þar sem hann stendur." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús sem byggt var árið 1925, stendur á bæjarhólnum. Undir því er steypur kjallari, lítt niðurgrafinn.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa, en hóllinn sem bærinn stendur á er um 70x50 m að stærð. Erfitt er að átta sig á hvar mörk hins náttúrulega hóls og bæjarhólsins eru en hæð hólsins er líklega mest um 1-1,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1-2

RA-320 Unuhóll

5 hdr. 1709, 3 1/4 hdr. 1847. 26.6.1703 á Helga Gísladóttir þessa eftirskrifaða parta: Vantskot, landskuld 35 ál, 1,5 kúgildi; Unahól, landskuld 60 ál, 3,5 kúgildi, Bakkakot, landskuld 35 ál, 2 kúgildi - JÁM XIII, 109. Einnig Auðnhóll. Auðnhólsjáleiga var í byggð 3-4 ár um 1670 - JÁM I, 379. HÞ vill taka aftur upp nafnið Auðnuhól en að Unuhóll fái að halda sér sem varanafn. H Þ: "Rannsókn og leiðrjettingar ..." Árbók 1923, 21
1920: Tún 2,6 ha, sléttað 2 ha, garðar 1580 m²

RA-320:001 *Unhóll* bæjarhóll bústaður

63°43.990N 20°34.787V

"Austast að norðan er Unhóll ..." segir í örnefnalýsingu. Í jarðabók Árna og Páls er býlið nefnt Auðnhóll og er sagt vera 5 hdr. að stærð árið 1709. Kristján Pálmarsson, sem er fæddur í Unhól, segir að íbúðarhús hafi verið byggt á

gamla bæjarstæðinu árið 1927. Telur hann nær öruggt að um gamla bæjarstæðið sé að ræða því heimilisfólkið hafi þurft að hafast við í útihúsum á meðan á byggingu hússins stóð. Húsið frá 1927 er nú horfið, en það stóð um 20 m norður af íbúðarhúsinu í Unhól II. Fjárhús og hlaða standa fast norðan við bæjarstæðið, en á því sjálfu er nú slétt grasflöt.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1; JÁM I, 377

RA-320:002 *Auðnhólshjáleiga* bæjarstæði býli 63°43.986N 20°34.770V

"Auðnhólshjáleiga fylgdi Auðnhól [001]. Var fyrst byggð hjerum fyrir 40 árum, og hjelst byggingin ei legnur en 3 eða 4 ár." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Hún er nefnd í Jarðabókinni, en síðan ekki. Norðaustan í bæjarhólnum í Unhól, um 15 m suður frá bænum, sér enn fyrir gömlum húsatóttum. Sennilegt, að þar hafi Auðnhólshjáleiga verið. Á seinni árum hafa rústir þessar verið nefndar Gerði." Kristjón Pálmarsson telur líklegt að Auðnhólshjáleiga hafi verið þar sem íbúðarhúsið á Unhól II stendur nú. Á túnakorti frá 1920 er útihús sýnt á þessum stað.

Í túni

Ekki sést til fornleifa. Auðnhólshjáleiga er ekki nefnd í Jarðatali Johnsens frá 1847.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920, JÁM I, 379; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 83

RA-320:003 *Útgarður* bæjarstæði býli 63°44.267N 20°34.029V

"Ólafur bóndi í Lindarbæ(1952) segir, að hóll, sem heiti Glæsir standi norðan við Háabæ, og að Útgarður, eyðibýli, sé norðan við Unhól ..." segir í örnefnalýsingu. 1709: "...[Útgarður] var hjáleiga og fylgdi Miðbakka og Búð. Er nú óbygð og hefur ei bygst í 10 ár. Hennar fyrstu byggð muna menn ekki." Útgarður stóð austur við Rangá og aðeins norðar en Unhóll. Þar er nú slétt tún.

Skammt frá árbakka í ræktuðu túni og fast vestan við varnargarð.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 4; JÁM I, 377

RA-320:004 *Unnhóll* heimild um legstað 63°43.981N 20°34.716V

"Unnholl i Tunskækli Bæarins Unnhols i Þickvabæj meinast ad fornmannahaugur sé..." segir í skýrslu sóknarprests frá 1818. "Huldufólk var talið búa í þar sem bæjarhóllinn er hæstur austan við húsin á Unhól." Aðeins einn hóll er á þessu svæði og virðist huldufólksbústaðurinn/fornmannahaugurinn vera sami hóllinn og hluti af bæjarhólnum. Hafa munnmælin um huldufólksbústaðinn orðið langlífari en þau sem greina frá hinum forna legstað. Hóllinn er um 30 m austur af íbúðarhúsinu í Unhól II.

Í túni.

Er hér um að ræða um 120 m langan hólrana sem er mest um 60 m á breidd og um 3,5 m á hæð þar sem hann er hæðstur.. Kartöflugeymslur eru byggðar utan í hann að vestanverðu. Sú saga fylgir hólnum að ekki megi hrófla við honum. Kristjón Pálmarsson tók þátt í því sem unglingur, að grafa votheysgryfju í hólinn. Segir hann að mikil ógæfa hafi skolið á eftir það, m.a. hafi einar 4 kýr drepist í fjósinu á einum og sama deginum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 261; FF, 189

RA-321 Tobbakot

2,5 hdr. 1709, 1 1/4 hdr, 1847. Kallað Þorbjarnarkot 1709 og hafði þá verið óbyggt frá fardögum 1708. 1708 tilheyrði Mangagháleiga Þorbjarnarkoti og Dísukoti - hún hafði verið í byggð frá mana minnum en lagðist í eyði árið 1700 - JÁM I, 382.

1920: Tún 1,2 ha, sléttað 0,4 ha, garðar 1670 m²

RA-321:001 *Tobbakot* bæjarhóll bústaður 63°44.027N 20°34.991V

[Þorbjarnarkot] "Hefur óbyggt verið síðan fardaga 1708, því ábúandi fekkst ekki." segir í jarðabók Árna og Páls. "Suður við Gljána er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvíbýli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn. Tjarnarkot er nú í eyði

og liggur undir Vatnskot. Norðaustur af því Tobbakot." segir í örnefnalýsingu. Eldra íbúðarhúsið, og jafnframt það eystra, stendur á gamla bæjarstæðinu. Var það byggt árið 1928.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Bærinn stendur á dálítilli hæð í túninu, en erfitt er að ákvarða hvar hinn eiginlegi bæjarhóll er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 378; Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-321:002 heimild um hesthús

63°44.044N 20°34.959V

Hesthús úr torfi og grjóti var u.þ.b. þar sem nú er bárujárnsbraggi 15-20 m austan við eldra íbúðarhúsið (sbr. 001).

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-321:003 Ísólfsstekkur bæjarstæði bústaður

63°44.086N 20°34.602V

"Ísólfskáli hefir nefnt verið tómthúsbyli, sem stóð um 330 m í háaustur frá Tobbakoti. Þar eru nú fénaðarhús. Bæjarheiti þetta sést hvergi skráð og óvist um, hver hefir búið þar og hvenær." Samkvæmt því sem Kristjón Pálmason í Tobbakoti segir þá stenst þessi leiðarvísir.

Kartöflugarður.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 83

RA-322 Vatnskot

2,5 hdr. 1709; 2,75 hdr 1847, nú þrívíli. 1709 var hjáleiga sem tilheyrði Vatnskoti og Borgartúni farin í eyði og hafði Borgartún sjálft verið fært þangað - JÁM I, 384.

1920: Tún 0,9 ha, sléttað 0,4 ha, garðar 1505 m²

RA-322:001 Vatnskot bæjarhóll bústaður

63°44.037N 20°35.372V

"Suður við Gljána er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvívíli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn." segir í örnefnalýsingu. Hóll er um 30 m austur af íbúðarhúsinu í Vatnskoti II. Þar stóð gamli bærinn, eða bæirnir, því á jörðinni var tvívíli. Unnur Steindórsdóttir telur að vestari bærinn hafi staðið á elsta bæjarstæðinu. Lá vegurinn til næstu bæja á milli húsana. Austara íbúðarhúsið er merkt sem 002 á túnakorti.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Hóllinn er nokkuð myndarlegur að flatarmáli, eða um 70x45 m að stærð, en er þó í lægra lagi, eða um 1 m. Er þetta langur hólrani sem liggur A-V.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-322:002 heimild um bústað

"Suður við Gljána er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvívíli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn." segir í örnefnalýsingu. Hóll er um 30 m austur af íbúðarhúsinu í Vatnskoti II. Þar stóð gamli bærinn, eða bæirnir, því á jörðinni var tvívíli. Unnur Steindórsdóttir telur að vestari bærinn hafi staðið á elsta bæjarstæðinu. Lá vegurinn til næstu bæja á milli húsana. Austara íbúðarhúsið er merkt sem 002 á túnakorti.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Hóllinn er nokkuð myndarlegur, eða um 70x45 m að stærð. Er þetta langur hólrani sem liggur A-V.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-322:003 heimild um útihús

66°44.031N 20°35.412V

Útihús var u.þ.b þar sem íbúðarhúsið í Vatnskoti II er nú.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-322:004 heimild um fjárhús

63°43.950N 20°35.435V

Fjárhús eða kindakofi var um 60 m suðvestur af íbúðarhúsinu í Vatnskoti II. Hann er nú horfinn fyrir margt löngu og hefur staðurinn verið sléttaður. Er þarna dálítill bunga í túninu út við næstu girðingu suður af Vatnskoti II. Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-322:005 heimild um fjárhús

63°43.973N 020°35.184V

Kindakofi var um 50 m suðaustur af gamla bæjarstæðinu (001).

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-322:006 *Tjarnarkot* bæjarstæði býli

63°43.806N 20°35.267V


"Suður við Gljána er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvíbýli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn. Tjarnarkot er nú í eyði og liggur undir Vatnskot." segir í örnefnalýsingu. "Þurrabúðir í nánd við Hrauk. Mikinn hluta 19. aldar og fyrstu áratugi þessarar voru nokkrar þurrabúðir í byggð í Þykkvabæ. ... Tjarnarkot hét býli sem stóð nálægt fyrirtöldum býlum. Þar var búið til 1946. Býlið taldist eiga rúman hektara lands. Þar var rekinn búskapur sem byggðist að mestu á heyskap úr Safamýri en fénaður gekk umyrðalaust í óskiptu landi Austbæinga." segir í Sunnlenskum byggðum. Tjarnarkot er um 500 m suður af íbúðarhúsinu í Vatnskoti II. Er þar dálítill hóll og byggingaleifar á honum.

Í túni.

Hóllinn er um 31x24 m að stærð. Norðan í honum má sjá leifar steinsteyprar hlöðu sem er um 8x6 m að stærð. Sunnan til á hólnum er tóft sem er um 8x5 m að stærð, með hleðsluhæð 0,4 m. VNV við hlöðuna er lítil tóft sem er um 2x2 m að stærð, með hleðsluhæð eða dýpt um 0,5 m. Fast norðan við hana en utan við hólinn er síðan önnur tóft sem er um 7x5 m að stærð og með hleðsluhæð um 0,3 m. Fast vestan við hlöðuna eru leifar annarar steyptrar byggingar sem virðist hafa verið um 8x9 m að stærð. Hóllinn er vaxinn háu grasi sem gerir rústirnir illgreinanlegar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1; SB V, 453



RA-323 Háfi Rimi

2,5 hdr. 1709; 1,3 hdr 1847, "Þetta býli eyðilagðist á nærstliðna vori 1708, því ábúandi fekkst ekki." JÁM I, 379 Jarðeign 3 ha., nú þrífýli. 1709 var Rimakot hjáleiga Háarima og Valahrauns, í eyði frá 1688 en hafði þá verið í byggð lengi. Valahraun hafði lagst í eyði 1697 og notaði ábúandi Háarima jörðina til slæгна - JÁM I, 379. 1920: Tún 1,7 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 1707 m²

RA-323:001 *Háfi Rimi* bæjarhóll bústaður

63°44.296N 20°35.527V

"Suður við Gljána er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvíbýli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn. Tjarnarkot er nú í eyði

og liggur undir Vatnskot. Norðaustur af því Tobbakot. Næsta jörð er Háirimi, og í hann hafa fallið tvö gömul býli, Harðhaus og Þórutótt." segir í örnefnalýsingu. Gamla bæjarstæðið í Háarima er um 50 m austur frá vestara íbúðarhúsinu (Hái Rimi III) og um 70 m norður af því eystra. Þar örfáum metrum norðar, eru fjárhús og hlaða.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Á þessum stað er ekki hægt að tala um hól þó þar sé blettur sem er örlítið hærri en túnið umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-323:002 *Harðhaus* bæjarstæði býli 63°44.196N 20°35.509V

"... Háirimi, ... í hann hafa fallið tvö gömul býli, Harðhaus og Þórutótt." segir í örnefnalýsingu. "Harðhaus var nefnt býli, sem stóð um 170 m í suður frá Háarima. Þar er nú lítil hólbunga í túninu á Háarima. Ekki er vitað, hve lengi var búið þarna." Kartöflugarður er suður af eystra íbúðarhúsinu á Háarima (sjá 004). Meðfram honum að vestan er skurður og vestan við skurðinn liggur þjóðvegurinn. Engin merki sjást um bæinn um 170 m suður frá Háarima. Bæjarstæðið gæti hafa lent undir þjóðveginn, kartöflugarðurinn, eða vestan við þjóðveginn.

Kartöflugarður, áveituskurður, þjóðvegur.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 84

RA-323:003 heimild um hesthús 63°44.234N 20°35.538V

Hesthús var um 60 m suðvestur af íbúðarhúsinu í Háarima III. Þar er nú kartöflugarður og stóð hesthúsið nálægt norðvestur-horni hans. Talsvert kom upp af hleðslugrjóti er kartöflugarðurinn var gerður.

Kartöflugarður sem áður var innan túns.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-324 Rimakot

1709: "Hefur verið hjáleiga frá Háarima og Valahrauni. Hennar fyrstu byggð muna menn ekki. Eyðilagðist fyrir 21 ári og hefur síðan aldrei bygst." JÁM I, 379. 2 2/3 hdr. 1847 Tvíbýli, Litla- og Stóra-Rimakot.

1920: Litla-Rimakot: Tún 0,9 ha, sléttað 0,8 ha, garðar 810 m² ; Stóra-Rimakot: Tún 1,4 ha, sléttað 0,8 ha, garðar 1054 m²

RA-324:001 *Stóra-Rimakot* bæjarhóll bústaður 63°44.355N 20°35.806V

"Næst [eftir RA-343] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn stóð þar sem nú standa útihús frá Stórarimakoti, fast vestan við þjóðveginn.

Í túni. Malarplan er í kringum útihúsið.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-324:002 heimild um hesthús 63°44.372N 20°35.820V

Útihús var þar sem núverandi íbúðarhús stendur. Það var hesthús og sást lengi fyrir því.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-324:003 heimild um fjárhús 63°44.309N 20°35.980V

Fjárhús var um 100 m vestur af gamla bæjarstæðinu. Kartöflugarður er nú á þessum stað og kom upp talsvert af grjóti er hann var gerður, þar á meðal talsvert af hellugrjóti. Var þessu öllu ýtt saman í einn haug sem sést enn.

Kartöflugarður.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-324:004 heimild um útihús

63°44.285N 20°36.005V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 140 m VNV af gamla bæjarstæðinu.

Kartöflugarður.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-324:005 Ögmundarkot bæjarstæði býli

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar í túnjaðri Stóra-Rimakots Ögmundarkot stóð en þó er mögulegt er þó að það hafi annað hvort verið þar sem útihús 002 eða 003 stóðu, en samkvæmt túnakorti frá 1920 voru þau hús í túnjaðri.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1 Túnakort 1920.

RA-325 Suður-Nýibær

5 hdr. 1709. 3 11/12 1847. "Fyrir innan 20 ár var hjer tvíbýli ..." JÁM I, 380. 1709 var Grenshóll "Út í högum jarðarinnar" hjáleiga frá Nýjabæ, "fyrst byggð fyrir 74 árum og hefur síðan altjafnt byggð verið." JÁM I, 383. 1803 er nefndur Syðri-Nýibær og Norður-Nýibær og er sá seinni talinn hálfur eign fátækra í Þjóðólfshaga hreppi. (JJ, 39).

1920: Tún 1,9 ha, sléttað 1 ha, garðar 1063 m²

RA-325:001 Suður-Nýibær bæjarhóll bústaður

63°43.680N 20°35.537V

"Suður við Gljána er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvíbýli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn stóð þar sem nú eru útihús, um 80 m vestur af núverandi íbúðarhúsi. Var bærinn sem síðast stóð á þessum stað byggður árið 1920 og var það torfbær. Til er ljósmynd af honum. Fast austan við bæjarstæðið var stór og mikill heygardur.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-325:002 heimild um fjárhús

63°43.690N 20°35.609V

Fjárhús voru um 50 m norðvestur af gamla bæjarstæðinu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Húsin voru rifin á árunum 1931-1932.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-325:003 Litla-Rimakot heimild um býli

63°43.664N 20°35.490V

"Kvíavellir, Kvíabekkur, Borg og Litla-Rimakot eru heiti á einu og sama býli, að sögn kunnurga manna í Þykkvabæ. Það var austan vegarins á litlum hól um 90 m sunnan við gripahúsin frá Háabæ, við veginn að Miðkoti. Árið 1886 var bær þessi fluttur austur í plássíð og stóð um nokkur ár um 60 m sunnan við fénaðarhúsin frá Suður-Nýjabæ. Þaðan var hann aftur færður 1839[á líklega að vera 1939] austur á Hólsárakka, þar sem hann er nú. Rétt nafn hans er Litla-Rimakot, en er oft nefndur Borg í daglegu tali." Segir í Þúsundára sveitaþorpi. Litla-Rimakot, en svo nefndist bærinn þá, stóð um 60 m suður af gamla bæjarstæðinu í Suður-Nýjabæ. Eru hin bæjarstæðin skráð sér. Elsta bæjarstæðið sem: RA-340, og það yngsta er skráð með Bala sem RA-337:003. Að sögn heimildamanns er ártalið 1939 ekki rétt heldur hafi bærinn verið fluttur frá Suður-Nýjabæ upp úr 1932.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85

RA-325:004 heimild um hesthús

63°43.650N 20°35.421V

Um 100 m sauð austur af gamla bæjarstæðinu var hesthús sem tilheyrði Litla-Rimakoti (003). Þar er einnig brunnur. Á sama stað stóð lengi vel sumarbústaður sem nú hefur verið fluttur annað, sjást stólpur hans enn. Er þetta hesthús sýnt á túnakorti af Litla-Rimakoti frá 1920.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-326 Norður-Nýibær

Getið í jarðabókum 1803 og 1847 - dýrleika eða landskuldar ekki getið 1847.

1920: Tún 1,4 ha, sléttað 1,2 ha, garðar 1022 m²

RA-326:001 *Norður-Nýibær* bæjarhóll bústaður

63°44.429N 020°36.147V

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot ..." segir í örnefnalýsingu. Gamla íbúðarhúsið í Norður-Nýjabæ, sem byggt er árið 1932, stendur á bæjarhólnum. Þar standa einnig útihús sem eru sambyggð íbúðarhúsinu. Eru þessar byggingar allar mjög illa farnar og stendur til að rífa þær.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Bæjarhóllinn er í flatara lagi og um 40x30 m á stærð. Er hæð hans mest um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1-2

RA-326:002 heimild um útihús

63°44.429N 020°36.147V

Útihús er sýnt á túnakorti, um 5 m VNV frá bænum. Fær það sömu hnit og bærinn sökum nálægðar við hann. Þess má geta að á þessum sama stað stendur nú útihús sem er sambyggt bænum og er að hruni komið. Stendur til að rífa það.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-326:003 heimild um útihús

63°44.467N 020°36.097V

Útihús er sýnt á túnakorti um 75 m norður af bænum. Eru hnit tekin samkvæmt því.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-326:004 heimild um útihús

Útihús er sýnt á túnakorti um 80 m NNA af bænum. Eru hnit tekin samkvæmt því.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-327 Gvendarkot

1 1/4 hdr. 1847 "Býlið Gvendarkot gekk undir Bala laust fyrir 1920." SB V, 450 Það er nú Jaðarinn. Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86. Í jarðabók 1803 er Gvendarkot talið sem eyðihjáleiga með Péturskoti - JJ, 39.

RA-327:001 *Gvendarkot* bæjarhóll bústaður

63°43.676N 20°34.886V

"Austast að norðan er Unhóll, næst Litla Rimakot, þá Bali, Gvendarkot, sem nú er í eyði og liggur undir Bala." segir

í örnefnalýsingu. "Gvendarkot, 1,5 hndr. Þess sést fyrst getið 1835. Var svo búið þar allt fram til 1914, nema árin 1870-79. ... Býlið var síðan sameinað Bala. Þar stóð um 85 m í suður frá íbúðarhúsinu í Húnakoti og hefur nú verið sléttað fyrir rústirnar." Bæjarstæðið er dálítil hæð við suðausturhorn heimatúnsins í Húnakoti, um 85 m suður af íbúðarhúsinu Húnakoti I, byggt árið 1947.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 84

RA-328 Stöðulkot

5 hdr. 1709, 1,25 hdr. 1847. 1709 var Miðkot hjáleiga Stöðulkots, byggð fyrir manna minni en fór í eyði 1705 - JÁM I, 380-81. Tvö kot nefnd Stöðulkot eru í skýrslu sóknarprests frá um 1840. Búið var í Stöðulkoti fram til um 1905, en þá sameinað Vesturholtum.

1920: Tún 1,3 ha, sléttað 0,8 ha, garðar 1040 m². Með Miðkoti

RA-328:001 Stöðulkot bæjarhóll bústaður

63°44.810N 20°36.440V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot ..." segir í örnefnalýsingu. "Bærinn stóð á lágum hól um 30 m suður frá Miðkoti. Þar eru gripahús núna." Íbúðarhúsið í Smáratúni stendur á bæjarstæði Stöðulkots.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Er bæjarstæðið fremur flatt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85+6

RA-329 Búð

3 hdr. 1709, 1,5 hdr. 1847. Í eyði 1709, engin ábúandi fékkst. 1709 var Útgarður hjáleiga Búðar og Miðbakka í eyði frá 1699. Búð heitir nú Sólbakki að hluta, þríbýli.

1920: Tún 1,5 ha, sléttað 1,2 ha, garðar 1600 m²

RA-329:001 Búð bæjarhóll bústaður

63°44.752N 20°36.797V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot." segir í örnefnalýsingu. Gamla bæjarstæðið er fast vestan við hlöðu sem er norður af núverandi íbúðarhúsi í Búð.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 2

RA-329:002 Vesturbúð heimild um býli

63°44.752N 20°36.797V

Vesturbúð var býli sem stóð fast vestan við bæjarstæði Búðar. Árið 1947 var bærinn fluttur og nefndist eftir það Sólbakki. Fær Vesturbúð sömu hnit og bæjarhóllinn í Búð sökum nálægðar við hann.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-329:003 heimild um fjós

63°44.752N 20°36.797V

Útihús, þ.e fjós og hlaða, voru sambyggð Vesturbúð að vestanverðu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-329:004 frásögn stekkur

63°44.699N 020°36.845V

Um 150 m vestur af Vesturbúð var stekkur. Þar er nú kartöfluskák.

Kartöflugarður.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-330 Búðarkot

0,5 hdr. 1847 "Þess er fyrst getið um 1830, og búið er þar til 1872 ... Þá er býlið lagt undir Búð I." Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86

RA-330:001 *Búðarkot* bæjarhóll bústaður

63°44.716N 20°36.846V

"Það stóð um 60 m suðvestur frá Búð." Búðarkot nefndist einnig Halakot. "Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot." segir í örnefnalýsingu. Bærinn stóð um 60 m VSV frá gamla bæjarstæðinu í Búð. Þar eru nú fjárhús, hlaða, og hæsnahús. Við byggingu þessara húsa kom upp talsvert af ösku. Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86; Ö-Þykkvibær, 2

RA-331 Hákot

1 1/4 hdr. 1847 "Það mun hafa verið byggt laust fyrir aldamótin 1800 (1791) og verið búið þar fram til 1923 ..." Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86-87

RA-331:001 *Hákot* bæjarhóll bústaður

63°44.821N 20°36.910V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það ..." segir í örnefnalýsingu. "Hákot var um 70 m suður frá Dísukoti." Núverandi íbúðarhús, sem byggt var árið 1968, stendur á bæjarhólnum.

Í túni

Ekki sést til fornleifa. Húsið er tvílyft og grafið inn í hollinn að norðanverðu. Er hollinn um 36x36 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 87

RA-332 Dísukot

2,5 hdr. 1709. 1,25 hdr. 1847. Í eyði 1709 ábúandi fékkst ekki. Þá var Mangahjáleiga hjáleiga Dísukots og Þorbjarnakots, í eyði frá 1700 - JÁM I, 377.

RA-332:001 *Dísukot* bæjarhóll bústaður

63°44.854N 20°37.005V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það ..." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús sem byggt er árið 1928, stendur á bæjarhólnum. Handgrafinn kjallari er undir húsinu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa, en bæjarhóllinn er allmikill, flatur að ofan og um 25x22 m að stærð. Stendur íbúðarhúsið austast á hólnum. Er hæð bæjarhólsins um 1,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2

RA-332:002 *Mangahjáleiga* bæjarstæði býli

1709: "Fylgir Þorbjarnarkoti og Dísukoti. Hennar fyrstu bygð muna menn ekki. Hefur í eyði verið 9 ár." Ekkert er vitað um hvar Mangahjáleiga var.

Heimildir: JÁM I, 382

RA-333 Vestur-Holt

2,5 hdr. 1709; 2 5/12 1847. 1709 var hjáleiga í suður frá Þorbjarnarkoti sem fylgdi Syðstabakka og Vesturholtum. Sú hjáleiga hafði verið í byggð frá því um 1665 til um 1680 - JÁM I, 378.

RA-333:001 *Vestur-Holt* bæjarhóll bústaður 63°44.918N 20°36.922V
"Þar hefur ei byggð verið undir 20 ár og er öll bygging foreydd." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot [RA-328] ..." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús í Vesturholti I, byggt árið 1927, stendur á gamla bæjarstæðinu. Handgraffinn kjallari er undir húsinu. Í túni.
Ekki sést til fornleifa og er bæjarstæðið fremur flatt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 382; Ö-Þykkvibær, 2

RA-333:002 *Grenshóll* bæjarstæði býli 63°45.768N 20°36.192V
1709: "Grenshóll. Er hjáleiga frá Nýjabæ. Meinst fyrst byggð fyrir 74 árum og hefur síðan alljafnt byggð verið." "Hans er líka getið í bæjartali 1762 og svo er hans getið 1810-1816. ... Grenshóll stóð 1200-1500 m norðaustur af Hábæ." Grenshóll er um 1,2-1,5 km norðaustur frá Hábæ í túni sem nú tilheyrir Vestur-Holti. Þar standa nú fjárhús og hlaða frá Vestur-Holti. Í ræktuðu túni.
Ekki sést til fornleifa og enginn hóll er sjáanlegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM I, 383; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86

RA-334 Önnupartur

1 1/4 hdr. 1847. Örnefnaskrá fyrir Þykkvabæ sem telur bæina upp í landfræðilegri röð nefnir bæinn Ögmundarpartur. 1920: Tún 0,6 ha, sléttað 0,5 ha, garðar 880 m²

RA-334:001 *Önnupartur* bæjarhóll bústaður 63°44.916N 20°37.057V "Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot [RA-328], næst er Oddspartur, Ögmundarpartur, þá Skarð og Borgartún (tvíbýli)." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt jarðatali Johnsens frá 1847, var Hábær aðalbýlið í Þykkvabæ, 60 hdr jörð árið 1803 með eyðihjáleigunum Önnutóft og Glæsi. Örnefnaskráin telur bæina upp í landfræðilegri röð og er Ögmundarpartur nefndur þar sem Önnupartur ætti að vera og er því líklega um sama býlið að ræða. Þá er líklegt að eins sé um Önnutóft þá sem nend er í jarðatali Johnsens. Er núverandi íbúðarhús á gamla bæjarstæðinu. Útihús, þ.e. fjárhús og hlaða, voru þar sem nú er bílskúr austan við íbúðarhúsið. Íbúðarhúsið er einlyft og er enginn kjallari undir því. Önnupartur nefndist áður Ögmundarpartur að sögn heimildamanns. Í túni.
Ekki sést til fornleifa. Er bæjarstæðið fremur flatt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 2; JJ,39

RA-335 Borgartún

3 hdr. 1709, 2,5 hdr. 1847. 1709 tilheyrði nafnlaus hjáleiga Borgartúni og Vatnskoti og var hjáleigan í eyði en Borgartún hafði verið byggt upp á hjáleigustæðinu - JÁM I, 383-84. 1920: Tún 2 ha, sléttað 1 ha, garðar 1800 m²

RA-335:001 *Borgartún* bæjarhóll bústaður 63°45.349N 20°37.601V
"Þar hefur ei byggð verið undir 20 ár og er öll bygging foreydd." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot [RA-328], næst er Oddspartur, Ögmundarpartur, þá Skarð og Borgartún (tvíbýli)." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús í Borgartúni I stendur á gamla bæjarhólum. Það er einlyft steinhús.
Nokkuð hár hóll í túni.

Ekki sést til fornleifa. Erfitt er að átta sig á því hvar hin náttúrulega hæð endar og bæjarhóllinn byrjar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-bykkvibær, 2

RA-335:002 *Borgartúnshjáleiga* bæjarstæði býli 63°45.241N 20°37.667V

"Hjáleiga, sem fylgir Borgartúni og Vatnskoti, hefur verið þar sem nú standa hús af áðurnefndum Borgartúns parti, því húsin af honum voru hingað flutt (sökum vatns uppgáangs) eftir það hjáleigan varð í eyði og hennar hús fallin." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Borgartúnshjáleiga. Hennar er getið í Jarðabókinni, og hefir hún þá lengi verið í eyði. Ekki er hægt að sjá, að þar hafi verið búið aftur fyrr en 1866-1873. ... Árið 1932 byggðu þau Sigurjón Elíasson og Valdís Guðmundsdóttir nýbýli þar sem Borgartúnshjáleiga hafði staðið. Það heitir Borgartún II, og þar hefir verið búið síðan." Gamli bærinn í Borgartúni II sem byggður var árið 1932, stóð vestan við tvær kartöflugeymslur í túninu. Sá bær var oft á tíðum nefndur Gerði. Borgartúnshjáleiga stóð á þessum sama stað. Enginn kjallari var undir gamla bænum í Borgartúni II. Árið 1952 voru útihús úr torfi og grjóti, en með bárujárnspekju um 10 m norðan við gamla bæinn, fast norðan við akveg sem liggur norðan við bæjarstæðið. Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Er bæjarstæðið um 30x25 m að stærð og í lægra lagi, eða ekki meira en 0,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 384; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 87

RA-335:003 *Gróukot* bæjarstæði býli

"Gróukot heitir önnur hjáleiga hjá Borgartúni og fylgir hún Háabæ, er í eyði síðan nærstliðið vor 1708, því ábúandi fekkst ekki." segir í jarðabók Árna og Páls. "Gróukot. Þess er getið í Jarðabókinni, og er það þá í eyði, og mun ekki hafa byggzt eftir það. Norðaustan við Borgartún I, um 70 m frá bænum, er lítill hóll í túninu og nefndur Gróuhóll. Þar sjást fornar húsatættur, og er sennilegt, að þar hafi Góukot staðið." Eru hnit tekin samkvæmt þessari lýsingu. Í túni.

Ekki sést til fornleifa og er ekki hægt að segja að þarna sjáist lengur hóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 384; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 87

RA-335:004 heimild um fjárhús

"Á kirkjuleið Bykkbæinga var kofi nokkur í Borgartúnsnesi og voru allir krakkar hræddir við hann, því að þar áttu að vera tveir afturgengir strákar ... Kofinn stóð á vatnsbakkanum, og voru sauðir hafðir í honum." Ekki tókst að staðsetja þennan kofa.

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 257-258

RA-336 Oddspartur

2,5 hdr. 1709. 1 1/4 hdr. 1847. Hét Oddskot 1709 og hafði þá verið í eyði um eins árs skeið því ábúandi fékkst ekki. 1920: Tún 0,8 ha, sléttað 0,8 ha, garðar 940 m²

RA-336:001 *Oddspartur* bæjarhóll bústaður 63°44.942N 20°37.034V

"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot [RA-328], næst er Oddspartur, Ögmundarpartur, þá Skarð og Borgartún (tvíbýli)." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús á Oddsparti stendur um 5 m SA við gamla bæjarstæðið. Fast ANA við gamla bæjarstæðið er bárujárnsklædd steinsteypt hlaða. ANA við hana voru hesthús og fjárhús úr torfi sem voru sambyggð. Eru þau nú horfin. Þá var fjós NV við gamla bæinn. Í kringum gamla bæjarstæðið er nú runnagróður. Þegar verið var að gróðursetja hann var komið niður á hleðslur NV við bæjarstæðið.

Í túni.

Ekki sést til

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-bykkvibær, 2

RA-337 Bali

0,5 hdr. 1847. Jarðarstærð um það bil 6/10 hdr., tvíbýli.
1920: Tún 1,2 ha, sléttað 1,2 ha, garðar 580 m²

RA-337:001 *Bali* bæjarhóll bústaður 63°43.704N 20°34.771V
"Austast að norðan er Unhóll, næst Litla Rimakot, þá Bali, Gvendarkot, sem nú er í eyði og liggur undir Bala." segir í örnefnalýsingu. Gamli bæjarhóllinn er um 40 m suður af núverandi íbúðarhúsi. Eru tvær kartöflugeymslur byggðar fast sunnan við hólinn og fjós austan við hann.
Í túni.

Ekki sést til fornleifa en hólinn er allmyndarlegur og virðist ekki hafa verið hróflað við honum sem neinu nemur. Er hann vaxinn háu grasi og er þ.a.l erfitt að greina byggingarleifar á honum. Hann er um 30x23 m að stærð. Lítill trjálundur er NA- til á hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-337:002 heimild um útihús 63°43.803N 20°34.266V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1920, um 50 m suður af gamla bæjarstæðinu. Stendur nú vélageymsla á svipuðum slóðum.
Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-337:003 *Litla-Rimakot* bæjarstæði býli 63°43.814N 20°34.293V
"Kvíavellir, Kvíabekkur, Borg og Litla-Rimakot eru heiti á einu og sama býli, að sögn kunnurga manna í Þykkvabæ. Það var austan vegarins á litlum hól um 90 m sunnan við gripahúsin frá Háabæ, við veginn að Miðkoti. Árið 1886 var bær þessi fluttur austur í plássíð og stóð um nokkur ár um 60 m sunnan við fénaðarhúsin frá Suður-Nýjabæ. Þaðan var hann aftur færður 1839[á líklega að vera 1939] austur á Hólsárbakka, þar sem hann er nú. Rétt nafn hans er Litla-Rimakot, en er oft nefndur Borg í daglegu tali." Að sögn Ágústs Gíslasonar í Suður-Nýjabæ er ártalið 1939 ekki rétt heldur hafi bærinn verið fluttur frá Suður-Nýjabæ upp úr 1932. Litla-Rimakot er skráð á tveim öðrum stöðum: Á sér jarðaspjaldi sem RA-340 og með Suður-Nýjabæ sem RA-325:003. Eins og kemur fram í tilvitnuninni hér að framan þá var býlið síðast flutt "austur á Hólsárbakka." Nefnist bærinn nú Borg. Gamli bærinn á Borg/Litla-Rimakoti, stóð um 80 m austur af núverandi íbúðarhúsi.

Óræktaður blettur í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85

RA-337:004 *Grænhóll* bæjarstæði býli 63°43.656N 20°34.127V
Grænhóll nefnist hóll sem er á bökkum Rangár, um 350 m SA frá bænum Borg. Á býli að hafa staðið á þessum hól. Grasi vaxinn árbakki.
Ekki sést til fornleifa en hólinn er um 15x15 m á stærð.

Hættumat: engin hætta

RA-338 Húnakot

1 hdr., 1847 tvíbýli.

1920: Tún 1,7 ha, sléttað 1,4 ha, garðar 1216 m²

RA-338:001 *Húnakot* bæjarhóll bústaður 63°43.669N 20°34.961V
"Austast að norðan er Unhóll, næst Litla Rimakot, þá Bali, Gvendarkot, sem nú er í eyði og liggur undir Bala. Þá er Húnakot, næst Hraukar." segir í örnefnalýsingu. Gamli bærinn stóð þar sem nú eru 2 kartöflugeymslur suðvestur af syðra íbúðarhúsinu í Húnakoti.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-338:002 heimild um útihús

63°43.669N 20°34.961V

Útihús þetta stóð um 5 m sunnan við gamla bæjarstæðið, samkvæmt túnakorti. Fær útihúsið sömu hnit og bæjarstæðið.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-339 Stekkjarkot

1 1/4 hdr. 1847

RA-339:001 *Stekkjarkot* bæjarstæði býli

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot ..." segir í örnefnalýsingu. "Stekkjarkot, 1,5 hndr. Þess er fyrst getið 1836 og þar búið til 1913, að Jósef Jónsson og Margrét Einarsdóttir fluttust þaðan. Þá var býlið sameinað Norður-Nýjabæ. Býli þetta var um 310 m suður frá Vatnskoti I. Nú hefir það verið jafnað við jörð. Þar sem það stóð, er lág bunga í túninu." Stekkjarkot var um 200 m norður af Tjarnarkoti (RA-322:006).

Kartöflugarður.

Ekki sést til fornleifa. Á þessum stað var lengi hóll sem nú hefur verið sléttaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1-2; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 84

RA-339:002 *Hraukur* bæjarhóll bústaður

63°43.757N 20°35.163V

"Austast að norðan er Unhóll, næst Litla Rimakot, þá Bali, Gvendarkot, sem nú er í eyði og liggur undir Bala. Þá er Húnakot, næst Hraukar." Segir í örnefnalýsingu. 1920: Tún 1,6 ha, sléttað 1,6 ha, garðar 920 m². Þótt bærinn sé nefndur Hraukur í örnefnalýsingu þá er nafnið Hraukur þó líklega réttara þar sem það nafn er notað á túnakortinu frá 1920 sem er eldri heimild en örnefnaskráin. Gamli bærinn stóð 20-30 m austur af núverandi íbúðarhúsi. Þar eru nú útihús, fjós og hlaða.

Í túni. Þar er stórt malarplan.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1

RA-339:003 heimild um hesthús

63°43.733N 20°35.163V

Hesthús sem sýnt er á túnakorti frá 1920 var nálægt 40 m VSV frá bæjarstæðinu, en ekki er þó hægt að staðsetja það nákvæmlega.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-339:004 *Litli-Hraukur* bæjarstæði bústaður

63°43.781N 20°35.105V

"Þurrabúðir í nánd við Hrauk. Mikinn hluta 19. aldar og fyrstu áratugi þessarar voru nokkrar þurrabúðir í byggð í Þykkvabæ. Litli Hraukur (stundum nefndur Rok) var í byggð til 1901." segir í Sunnlenskum byggðum. Litli-Hraukur eða Rok, var um 50 m ANA af gamla bæjarstæðinu á Hrauki (001). Á svipuðum slóðum er nú kartöflugeymsla

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 453; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 84

RA-339:005 *Hraukstún* bæjarstæði bústaður

63°43.816N 20°34.991V

"Þurrabúðir í nánd við Hrauk. Mikinn hluta 19. aldar og fyrstu áratugi þessarar voru nokkrar þurrabúðir í byggð í

Þykkvabæ. ... Hraukstún, stundum skráð Hraukskot (og manna á milli Kólga) hefir verið í byggð til 1915." segir í Sunnlenskum byggðum. "Kólga var húsmannsbýli nefnt ... [byggð] árið 1898. Dvöldust þau þar til 1905 ... Þá var býlið rífið. Nú hefur verið sléttað yfir tætturnar. Það stóð um 160 m í norðaustur frá Hrauki." Hraukstún, Hraukskot, eða Kólga, stóð vestarlega í Kartöfluskák sem er austan við bæinn á Hrauki, um 160 m ANA frá bænum.

Í kartöflugarði sem áður var tún.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 453; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 83-84

RA-340 Kvíavöllur

1 hdr. 1847

RA-340:001 *Litla-Rimakot* bæjarhóll bústaður 63°44.806N 20°36.505V

"Kvíavellir, Kvíabekkur, Borg og Litla-Rimakot eru heiti á einu og sama býli, að sögn kunnugra manna í Þykkvabæ. Það var austan vegarins á litlum hól um 90 m sunnan við gripahúsin frá Háabæ, við veginn að Miðkoti. Árið 1886 var bær þessi fluttur austur í plássíð og stóð um nokkur ár um 60 m sunnan við fénaðarhúsin frá Suður-Nýjabæ. Þaðan var hann aftur færður 1839 [á líklega að vera 1939] austur á Hólsárþakka, þar sem hann er nú. Rétt nafn hans er Litla-Rimakot, en er oft nefndur Borg í daglegu tali." Að sögn Ágústs Gíslasonar í Suður-Nýjabæ er ártalið 1939 ekki rétt heldur hafi bærinn verið fluttur frá Suður-Nýjabæ upp úr 1932. Rétt sunnan eða suðaustan þjóðveggarins og um 90 m suður af gripahúsum í Háabæ I er dálítill hól sem svipar nokkuð til rústahóls. Er mögulegt að Kvíavöllur hafi staðið þar. Hóllinn er á milli húsa þeirra sem nefnast Eyrarland og Rósalundur. Er þetta elsta bæjarstæði Litla-Rimakots/ Kvíabekkjars/ Kvíavallar/ Borgar. Eru hin bæjarstæðin skráð sér. Það næstelsta með Suður-Nýjabæ sem RA-325:003, og það yngsta er skráð með Bala sem RA-337:003.

Grasi vaxinn hól eða hólrani.

Ekki sést til fornleifa en hóllinn er nokkuð brattur og er "meginhóllinn" um 25x20 m á stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 85

RA-341 Jónskot

1 1/4 hdr. 1847

RA-341:001 *Jónskot* bæjarhóll bústaður

"Jónskot. Þess er getið öðru hvoru 1795-1844." Ekki er vitað hvar Jónskot var.

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 83

RA-342 Melurinn

7/12 hdr. 1847

RA-342:001 *Melurinn* bæjarhóll bústaður

63°43.938N 20°34.954V

"Melurinn eða Litli-Melur, eins og hann var stundum nefndur, sést skráður á árunum 1854-1859. ... Býli þetta var á smáhól í túnjaðri Unhóls, um 200 m í suðvestur frá bænum." Á þeim stað er dálítill hól sem að sögn var stærri áður fyrr en hefur nú verið sléttaður að hluta og ýtt saman.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa að öðru leyti en því að í leifum hólsins sést víða glitta í hleðslugrjót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 83

RA-343 Þórutópt

0,5 hdr. 1847. 1709 voru Þórutóftir hjáleiga Runkakots og Efstabakka, í vestur frá Þorbjarnarkoti. Hún hafði fyrst byggst um 1670 en byggðin varað aðeins í 6-7 ár - JÁM I, 378.

RA-343:001 *Þórutópt* bæjarstæði býli

63°44.158N 20°35.254V

1709: "Þórutofter hefur heitið hjáleiga í vestur hjer frá [010], sem fylgdi Rúnakoti og Efstabakka. Var fyrst byggð fyrir 40 árum eður þar um bil og varaði byggðin 6 eða 7 ár, hefur síðan í eyði verið. ... Þetta býli kann ekki aftur að byggjast, nema með skaða og aðþrengingu á öðrum þörtum. Öll bygging og tóftir er hjer í burt og hrapað til grunns." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Suður við Gljana er Suður-Nýibær, næst er Vatnskot (tvíbýli), þar er tjörn, Vatnskotstjörn. Tjarnarkot er nú í eyði og liggur undir Vatnskot. Norðaustur af því Tobbakot. Næsta jörð er Háirimi, og í hann hafa fallið tvö gömul býli, Harðhaus og Þórutótt." segir í örnefnalýsingu. "Þórutótt er nefnd í Jarðabókinni og segir þar, að hún hafi þá verið í eyði rúm 30 ár. ... Þó er hún í byggð öðru hvoru fram til 1870. ... Þórutótt var um 280 m í hásuður frá Háarima, syðst í túninu." Suður af eystra íbúðarhúsinu í Háarima (RA-323), er langt tún sem liggur N-S. Þórutóft var um 20 m norður frá suðurenda túnsins, fyrir miðju túni. Var lengi vel allmyndarlegur hóll á þessum stað sem nú hefur verið sléttuð. Kom upp talsvert af ösku sem innihélt dýrabein og hleðslugrót við sléttunina.

Í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 378; Ö-Þykkvibær, 1; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 84-85

RA-344 Snotra

1 hdr. 1847 "Snotra var sérstök jörð í jarðamati 1860." SB V, 463

RA-344:001 Snotra bæjarhóll bústaður

63°44.304N 20°35.442V

"Snotra, 1 hndr, var reist um 1834, og þar var alltaf búið fram til 1905. ... Þá var jörðin lögð undir Háarima. Snotra stóð um 70 m í suðaustur frá Háarima." 70 m suðaustur af gamla bæjarstæðinu á Háarima (RA-323) er nú kartöflugeymsla. Um 20 m SA af henni er símastaur, en nálægt honum kom upp aska og fundust í henni dýrabein og 1 snældusnúður. Á þessum stað stóðu taðgeymsla og hænsnakofi um miðja 20. öld sem tilheyrðu Háarima. Eru þau útihús sýnd á túnakorti af Háarima frá 1920.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 84, Túnakort 1920 af Háarima

RA-345 Melur

2 hdr. 1847

1920: Tún 1,2 ha, sléttuð 1,2 ha, garðar 1220 m²

RA-345:001 Melur bæjarhóll bústaður

63°44.632N 20°36.539V

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot; næst er Tjörn og Melur." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús á Mel sem byggt var árið 1930, stendur á gamla bæjarstæðinu. Fram til ársins 1999 voru bárujárnsklædd gripahús norðan við íbúðarhúsið.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Hóllinn er um 34x34 m á stærð og er íbúðarhúsið grafið inn í hann að norðvestanverðu.

Suðaustan við húsið má sjá glitta í óljósar hleðsluleifar á hólnum. Þar stóð smíðja sem ýtt var út með jarðýtu.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Þykkvibær, 1-2

RA-345:002 heimild um útihús

63°44.611N 20°36.515V

Hér er staðsetning óljós að öðru leyti en því sem kemur fram á túnakorti. Eru hnit tekin út frá því um 60 m suður frá bæjarhólnum.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-345:003 heimild um útihús

63°44.611N 20°36.515V

Hér er staðsetning óljós að öðru leyti en því sem kemur fram á túnakorti. Fær útihús þetta sömu hnit og útihús 002, sem tekin eru um 60 m suður af bæjarhólnum.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-345:004 Tjörn bæjarstæði býli

63°44.663N 20°36.443V

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot; næst er Tjörn og Melur." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús í Tjörn stendur á gamla bæjarstæðinu..

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1-2

RA-345:005 Grænhóll.

63°44.565N 020°35.797V

Svonefndur Grænhóll er um 300 m norður af núverandi íbúðarhúsi í Norður-Nýjabæ í túni sem tilheyrir Mel. Er sagt að þar hafi staðið býli. Er túnið nýtt af bóndanum í Norður-Nýjabæ.

Í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa, en hóllinn er um 30x40 m á stærð og mest um 2 m á hæð. Ber hann talsverðan svip af rústahól. Er hann talsvert þýfður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-346 Miðkot

1709: "Miðkot hefur verið hjáleiga frá Stöðulkoti, byggð fyrir manna minni, er í eyði fyrir 4 árum. Hefur Stöðulkots ábúandi brúkað hana til slægna og ei framar eftir goldið en fyrir um getur af hans býli." JÁM I, 380. 1 2/3 hdr. 1847

1920: Tún 1,3 ha, sléttað 0,8 ha, garðar 1040 m². Með Stöðulkoti

RA-346:001 Miðkot bæjarhóll bústaður

63°44.823N 20°36.480V

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot; næst er Tjörn og Melur. Norðan til eftir boðleið telst nú Miðkot, Jaðar, Háabær og Skinna." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús í Miðkoti I og II (sambyggð) standa nokkurnvegin á gamla bæjarstæðinu.

Húsið stendur við aðalveginn sem liggur í gegnum Þykkvabæ.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1-2

RA-347 Jaðar

2 hdr. 1847

RA-347:001 Jaðar bæjarhóll bústaður

63°44.864N 20°36.512V

"Næst [eftir RA-324] er Stóra-Rimakot, þar í túnjaðrinum er Ögmundarkot, nú í eyði. Næst er Norður-Nýibær, og undir hann liggur nú Stekkjarkot; næst er Tjörn og Melur. Norðan til eftir boðleið telst nú Miðkot, Jaðar, Háabær og Skinna." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu. Er það byggt árið 1933. Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þykkvibær, 1

RA-348 Bakki (Norðurbakki)

2 hdr. 1847 "Hann sést fyrst skráður 1810. Þar var búið fram til 1879 ... þá var býlið sameinað Dísukoti." Árni Óla:

Þúsund ára sveitaþorp, 86. 1709 voru nokkur býli sem hétu Bakki, Syðstabakkapartur (2,5 hdr), Bakkakot (2,5 hdr), Miðbakki (2,5 hdr), Efstibakki (2,5 hdr) og vestasta býlið á Bökkunum (2,5 hdr) - JÁM I, 376-77.

RA-348:001 *Bakki (Norðurbakki)* bæjarhóll bústaður 63°44.912N 20°36.626V
"Bærinn stóð um 80 m norður(eða NA) frá Skinum.(RA-319)" Þar sem Bakki eða Norðurbakki stóð er nú allmikill rústahóll. Fylgja þau munnmæli hólnum að ekki megi hrófla við honum og er hann því ekki sleginn.
Í túni.
Lengi sá fyrir rústum á hólnum en þær eru nú mikið signar og þar að auki vaxnar háu grasi svo erfitt er að greina þær. Hóllinn sjálfur er allmyndarlegur eða um 25x20 m á stærð og er hæð hans mest um 1,6 m.
Hættumat: engin hætt
Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86

RA-348:002 *Kryppill* bæjarstæði býli
"Kryppill var lagður við Norðurbakka." Ekki er vitað hvar þetta býli var.
Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 82

RA-349 Brekka

1 1/4 hdr. 1847

RA-349:001 *Brekka* bæjarhóll bústaður 63°44.785N 20°36.735V
"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot." segir í örnefnalýsingu. Núverandi íbúðarhús, byggt árið 1957 stendur á gamla bæjarstæðinu.
Í túni.
Ekki sést til fornleifa. Húsið sem er tvílyft, er byggt sunnanvert inn í mikinn hól. Ekki er hægt að átta sig á því hvað er hinn eiginlegi bæjarhóll.
Hættumat: hætt, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2

RA-350 Hávarðarkot

1 2/3 hdr. 1847. "Péturskot. Í kirkjubókum Háfssóknar er þessa kots getið 1808-1818, en þó ekki í manntali 1816. Gamlir menn í Þykkvabæ segja, að maður, er Hávarður hét, muni hafa endurbyggt býli þetta og þá breytt nafni þess og nefnt það Hávarðarkot, sem það hefir heitið síðan. Það nafn finnst þó ekki skráð fyrr en um 1825." Péturskot er talið sem eyðihjáleiga í j.b. 1803.

RA-350:001 *Hávarðarkot* bæjarhóll bústaður 63°44.798N 20°36.808V
"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það ..." segir í örnefnalýsingu. "Péturskot. Í kirkjubókum Háfssóknar er þessa kots getið 1808-1818, en þó ekki í manntali 1816. Gamlir menn í Þykkvabæ segja, að maður, er Hávarður hét, muni hafa endurbyggt býli þetta og þá breytt nafni þess og nefnt það Hávarðarkot, sem það hefir heitið síðan. Það nafn finnst þó ekki skráð fyrr en um 1825." Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu. Er það byggt árið 1930.
Í túni
Flatir hól sem er í lægra lagi. Er hann um 21x16 m að stærð.
Hættumat: hætt, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þykkvibær, 2; Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 86

RA-351 Skarð

1 9/12 hdr. 1847.

1920: Tún 1,8 ha, sléttað 0,8 ha, garðar 1000 m²

RA-351:001 *Skarð* bæjarhóll bústaður 63°44.985N 20°37.360V
"Næst [eftir RA-319] er talin Brekka, þá Búð (tvíbýli), og undir það liggur Halakot. Næst er Hávarðarkot, þá Dísukot, og liggur Háakot undir það; næst er Vesturholt og undir það liggur Stöðulkot [RA-328], næst er Oddspartur,

Ögmundarpartur, þá Skarð og Borgartún (tvíbýli)." segir í örnefnalýsingu. Gamla bæjarstæðið er talið hafa verið á dálitlum flötum hól, skammt vestan við núverandi íbúðarhús, á milli þess og skemmu sem stendur fast vestan við hólinn. Út frá aðstæðum og túnakorti þá virðist þetta vera líklegasti staðurinn því hér er um að ræða hæsta punktinn í annars flötu túni. Hér áður fyrr bar það oft við að túnið var umflotið vatni og því er rökrétt að álykta að bærinn hafi verið byggður á hæsta punkti þess. Þá má einnig geta þess að eldra íbúðarhús sem byggt var einhverntíma á 20. öld stóð þar sem skemman stendur nú vestan við hólinn.

Í túni

Ekki sést til fornleifa, en bæjarhóllinn er um 32x55 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-bykkvibær, 2

RA-351:002 heimild um útihús

63°44.985N 20°37.360V

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1920, um 15 m suður af bæjarhólnum. Um eða fyrir 1970 stóðu húskofar á svipuðum slóðum en ekki er vitað hvort um sömu byggingar er að ræða.

Í túni

Ekki sést til fornleifa, en eftir því sem best er vitað hefur túninu í Skarði lítið sem ekkert verið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-351:003 Vallarhús bæjarstæði bústaður

63°45.030N 20°37.459V

"Þetta var svonefnd þurrabúð sem byggð var í túninu á Skarði um 1912. ... Hún flutti þá [1937] að Tjörn og Vallarhús voru ofan tekin." segir í Sunnlenskum byggðum. Talið er að þurrabúðin hafi staðið vestantil í túninu, við girðinguna og vestan við steinsteypa kartöflugeymslu sem stendur vestan við bæinn.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 496

H á f s h v e r f i



Þ j ó r s á



Þ j ó r s á

H á f s g l j á
S a n d g r æ ð s l a

Atlantshaf

Atlantshaf

RA-352 Háfur

60 hdr 1709. “Þorkell bjálfi, fóstbróðir Ráðorms [í Vetleifsholti]; eignaðisk lond oll milli Rangár ok Þjórsár ok bjó í Háfi; hann átti Þórunni eyversku. Þeirra dóttir var Þórdís, móðir Skeggja, foður Þorvalds í Ási. Þaðan hafði Hjalti mágr hans reiðskjóta til alþingis ok þeir tólf, þá er hann var út komin með kristni ...” Landnámabók (S/H), ÍF I, 368. 1000: “... þeir [Gissur hvíti og Hjalti Skeggjason] fengu engan faragreiða né reiðskjóta fyrir austan Rangá, því at þar sátu þíngmenn Runólfs í hverju húsi; þeir gengu þartil þeir komu í Háf, til Skeggja Ásgautssonar; hann fékk þeim hesta til þíngs, en Þorvaldr sun hans var áðr heiman riðinn, er átti Koltorfu, systur Hjalta.” Kristni saga, Bsk I, 20-21. um 1160: “Nú varð Þorlákr að því ráði eggjaðr [að fá sér kvonfang], ok fór hann síðan ok frændr hans með honum á bæ þann, er í Háfi heitir, ok ætlaði að biðja sér ekkju þeirrar virðuligrar, er þar bjó, ok var við þeim tekit forkunnar val.” [en Þorláki vitjast maður í draumi sem ræður honum frá kvonfanginu og varð ekki af brúðkaupi í Háfi], Þorláks saga (A), Bsk I, 93, sbr. (B) – Bsk I, 268.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7

[1270]: Nicholas kyrkia j odda. a ... j hafi vett matar. - DI II, 86-88

[1331]: Haukadalskirkja á “vr hafi vætt miolz eda fimm aurar voru.” DI II, 668

[1332]: Skal gjalda til Breiðabólstaðarkirkju “vætt miols vr hafvi.” – DI II, 688 sbr. [1371] – DI III, 269 sbr. 1397 – DI IV, 82, 1480 – DI VI, 332.

1397: Oddakirkja á “j Haafue uett matar.” DI IV, 72 sbr. 1480 – DI VI, 325.

[1554]: Háafur.

Kirkian ad Hafi heyrir til Skalhollz. Þar eru nu med vij kugilldi og liggia til ... [vantar] – DI XII, 657.

[1553-4]: Haukadalskirkja á “fra Hafe vætt miols. edur v aura voru.” – DI XII, 660.

1575 á Háfskirkja 7 kúgildi en ekkert í landi – DI XV, 658. DI XV 658

1709: Þar er kirkja og embættað þriðja hvern helgan dag á móts við Kálfholt og Ás af prestinum að Kálfholti; JÁM I: 385

5.5.1914: Háfskirkja flutt að Háabæ í Þykkvabæ; (PP, 69) [stjórnarráðsbréf]. 1709 voru Túnhjáleiga, Háfshóll og Rimi hjáeigur Háfs en Grænhóll var í eyði. 1847 höfðu bæst við Horn, Hali og Túnhjáleiga var kölluð Háfshjáleiga en Grænhóll og Rimi voru komin í eyði.

1709: “Engjar fordjarfar sandur, sem fýkur á þær frá sjó, að Þjórsá; líka eru slægjur undir stórum spjöllum af Fiskvatni, sem ekki hefur í 3 ár útrás haft venjulega um Háfsós, þrútnar þar fyrir vatnið upp meir og meir, sjerdeilis í vatnavöxtum, og flýtur yfir engjar og haga, so gripum er hætt og farast er og stundum ófært að komast frá bænum að vakta gripi, líka reka fjenað í hagann.” JÁM I 385-386. 1920: Tún 2,4 ha, sléttað 1,8 ha, garðar 1220 m²

RA-352:001 Háfur bæjarhóll bústaður

63°47.012N 20°42.265V

Gamli bærinn stóð fast vestan við kirkjugarðinn í Háfi. Þar er nú bílastæði.

Hlað

Ekki sést til fornleifa, en bærinn stóð á dálítilli hæð eða holti sem sker sig talsvert úr umhverfinu. Núverandi íbúðarhús stendur einnig á þessari hæð, en þó nokkuð vestar en gamli bærinn. Erfitt er að átta sig á því hvar hinn eiginlegi bæjarhóll er.

Heimildir: Túnakort 1920

RA-352:002 heimild um kirkju

63°47.016N 20°42.239V

Kirkjugarðurinn er um 40 m austur af núverandi íbúðarhúsi. Um 4 m innan við sáluhlíðið, sem er á vesturhlíð garðsins, má sjá votta fyrir grjóthleðslum sem mynda ferkantaðan stall. Er það undirstöður eða sökkull kirkjunnar er síðast var á Háfi. Það var timburkirkja, byggð úr rekaviði.

Á hæð í túni.

Stallurinn er um 5x5 m á stærð og er hæð hans um 0,3 m. Kirkjugarðurinn sjálfur er um 30 x 20 m á stærð og má sjá legsteina frá ýmsum tímum gægjast upp úr sverðinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

RA-352:003 heimild um útihús

63°46.990N 020°42.362V

Útihús er sýnt á túnakorti, um 100 m vestur af gamla bæjarstæðinu. Erú hnit tekin samkvæmt því.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-352:004 *Bátatangi* örnefni

63°46.661N 20°43.257V

"Sunnan við bæina og að Gljánni heitir Háfsnes, en vestast í nesinu, vestur við Þjórsá, heitir Bátatangi." segir í örnefnalýsingu. Bátatangi er um 800 m vestur af bæ. Það er uppgróinn sandruðningur sem áður var á bakka Þjórsáróss, en áin og ósinn eru nú mun vestar og sunnar og landið gróið á milli.

Uppgrónir sandar

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 1

RA-352:005 álagablettur legstaður

63°47.011N 20°42.218V

"Við suðausturhorn kirkjugarðsins ... þar var ævagamall moldarkofi, að mestu grafinn inn í hólinn. Fylgdu honum þau munnmæli, að meðan honum væri vel við haldið, þá mundi búskapurinn í Háfi blessast vel, en miður, ef kofanum væri enginn sómi sýndur...Enn gengur sú sögn um hólinn þarna í Háfi að þar hafi í fornöld verið heygður maður, eða menn, í skipi, og geymist það enn í hólnum."

Í túni.

Nú er á þessum stað steinsteypur kofi. Sögðu munnmælinn enda ekkert um að ekki mætti endurbyggja kofann úr öðru efni. Hefur ávallt verið borin virðing fyrir þessum álögum. Hóllinn er um 30x12 m á stærð

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árni Óla: Þúsund ára sveitaþorp, 257

RA-352:006 heimild um vörslugarð

1840: "Gamall garður, hár og þykkur, sýnist fyrr meir hafa verið hlaðinn frá Háfstúni upp að Háfhólstúni, líkl(ega) göngugarður í snjó og vatnsaga." Garðlag þetta er nú alveg horfið og er staðsetning þess óljós.

Heimildir: SSR; 214

RA-352:007 *Rimi* bæjarstæði býli

63°46.919N 20°42.403V

Rima er fyrst getið í jarðabók Árna og Páls frá 1709 og var þá talin fyrst byggð um 1650. "Í mýrinni sunnan við Háfhjáleigu er stakur hóll, sem heitir Grænhóll, en neðan við túnið í Háfi er gamalt eyðibýli, sem hét Rimi." segir í örnefnalýsingu. Rimi eða Háfsrimi er túnblettur um 150 m suðaustur af bænum. Á þessum túnbletti sem er fast upp við þjóðveginn að sunnanverðu, er stakur hóll þar sem býlið mun hafa staðið.

Í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa. Rimi var fyrst byggður fyrir 1650.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 386; Ö-Háfshverfi, 2

RA-352:008 *Grænhóll* bæjarstæði býli

63°46.747N 20°42.037V


"Var fyrst byggð hjerum fyrri 30 árum og hefur síðan öðru hverju í eyði verið, nú er hún og í eyði síðan nærstliðna fardaga." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Í mýrinni sunnan við Háfhjáleigu er stakur hóll, sem heitir Grænhóll ..." segir í örnefnalýsingu. Grænhóll er um 300 m suður af Háfhjáleigu, fast sunnan við þjóðveg. Er hann nokkuð greinilegur þótt búið sé að margslétta yfir hann.

Í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa

Heimildir: JÁM I, 386; Ö-Háfshverfi, 1-2

Fornleifakort fyrir Háf, RA-352



RA-353 Háfshjáleiga

Hjáleiga Háfs. Áður kölluð Tínhjáleiga, byggð fyrir manna minni 1709. JÁM I, 386
1920: Tún 0,9 ha, sléttað 0,8 ha, garðar 820 m²

RA-353:001 Háfshjáleiga bæjarhóll bústaður

63°46.983N 20°42.002V

Núverandi íbúðarhús stendur fast austan við gamla bæjarstæðið.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Varla er hægt að tala um bæjarhól því bæjarstæðið er flatt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-353:002 heimild um útihús

63°46.965N 20°41.990V

Samkvæmt túnakorti var útihús á svipuðum slóðum og kofi sem er um 30 sunnan við núverandi íbúðarhús. Eru hnit tekin við hann.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-353:003 heimild um útihús

63°46.964N 20°42.042V

Samkvæmt túnakorti var útihús þar sem nú er geymsluplan fyrir vinnuvélar um 70 m VSV við núverandi íbúðarhús.


Í túni

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920

Fornleifakort fyrir Háfshjáleigu, RA-353



RA-354 Horn

Hjáleiga Háfs 1847.



RA-354:001 *Horn* bæjarstæði býli

63°46.930N 20°41.760V

"Milli Hala og Háfshjáleigu er annað gamalt eyðibýli, sem nú liggur undir Hala. Það hét Horn." segir í örnefnalýsingu. Horn stóð miðja vega á milli Hala og Háfshjáleigu, uppi á hrygg, vestarlega í túninu á Hala, um 100 m vestur af íbúðarhúsinu í Brautartungu sem er nýbýli frá Hala.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 2

RA-355 Hali

Hjáleiga Háfs 1847.

1920: Tún 3,4 ha, sléttað 2,2 ha, garðar 1960 m²

RA-355:001 *Hali* bæjarhóll bústaður

63°46.889N 20°41.589V

Gamli bærinn mun hafa staðið um 40 m norður af núverandi íbúðarhúsi. Þar er nú slétt tún. Nokkuð brött brekka er norðan við bæjarstæðið.

Í túni

Ekki sést til fornleifa en til er ljósmynd frá aldamótunum 1900 af gamla bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-355:002 heimild um útihús

63°46.859N 20°41.550V

Núverandi íbúðarhús stendur á brekkubrún. Við brekkuræturnar austur af því var hóll sem talið er að útihús sem sýnt er á túnakorti hafi staðið á.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-355:003 *Torfamelur* örnefni rista

63°46.667N 20°41.004V

"Austan við bæinn í Hala er lítill sandmelur, sem heitir Torfamelur." segir í örnefnalýsingu. Um 400 m austur af bænum standa fjárhús. Eru þau þétt norðan við tvo hóla sem nefnast Torfamelur og Stekkjarmelur. Eru mannvirkjaleifar á báðum hólunum.

Í ræktuðu túni. Á Torfmei eru engar mannvirkjaleifar svo heitið geti ef undan er skilinn dálítill steypstur veggstúfur sunnantil í hólunum og dálítill dokk sem grafin var fyrir rétt. Eru bæð mannvirkin frá því um miðja 20.öld.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 2

RA-355:004 *Hringir* heimild um fjárhús

63°47.875N 20°37.878V


"Austur að Gömlutóttum [RA-356:009] er mjög lágur rimi, sem heitir Hringir. Þar voru sauðahús frá Hala." segir í örnefnalýsingu. Hringir eru um 1 km ASA frá Gömlutóttum og um 3-3,5 km norður frá Hala.

Þýfður og grasi vaxinn rimi, umkringdur smápýfðum grasmóa, votlendur á köflum.

Á þessum hólruna sem er um 40 x 30 m að stærð, eru þrjár mikið signar tóftir. Tóft a) er um 13x5 m á stærð og er hleðsluhæðin um 0,2 m. Er tóftin opin í suðurenda. Tóft b) er hringlaga og um 6 m í þvermál. Hún virðist hálfniðurgrafin og er hleðsluhæð hennar eða dýpt, um 0,2 m. Tóftin virðist opin að sunnanverðu en það er þó óljóst. Tóft c) er um 6x4 m á stærð og er meira niðurgrafin en hinar tvær. Hleðsluhæð hennar eða dýpt virðist vera um 0,3-0,4 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 2



RA-355:005 heimild um huldufólksbústað

63°47.971N 20°41.953V

"Við girðinguna milli Háfshjáleigu og Hala er hár Hóll og og djúpur Dalur. Þar bjó huldufólk, og mátti r stundum heyra strokkhljóð og fleiri búumsvif." segir í örnefnalýsingu. Hér var um að ræða lægð sem var vestast í heimatúni Hala, um 50-60x40 m á stærð. Er nú búið að fylla upp í hana og gera slétt tún.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 2


RA-355:006 *Stekkjarmelur*

63°46.667N 20°41.004V


"Austan við bæinn í Hala er lítill sandmelur, sem heitir Torfmelur." segir í örnefnalýsingu. Um 400 m austur af bænum standa fjárhús. Eru þau þétt norðan við tvo hóla sem nefnast Torfmelur og Stekkjarmelur. Eru mannvirkjaleifar á báðum hólunum.

Norðan í eða við Stekkjarmel eru mannvirkjaleifar sem munu vera frá 20. öld. Það er tvískipt tóft og er vestara hólf hennar vera grafið inn í hólinn. Heildarstærð tóftarinnar er um 25x20 m og er hleðsluhæðin um 1,5 m. Í norðurenda má sjá leifar þekju úr bárujárni, klædda með torfi. Efst á hóbungunni, um 5-6 m suðvestur af tóftinni eru tvær litlar dokkir sem gætu verið byggingaleifar. Talið er að kvíar hafi verið á Stekkjarmel og séu dokkirnar leifar eftir þær. Heildarstærð dokkanna er um 7x5 m og eru þær - um 0,2-0,3 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Fornleifakort fyrir Hala, RA-355



RA-356 Háfshóll

Hjáleiga Háfs, byggð fyrir 1670.

1840: "... rétt góðar engjar, gott haglendi á sumrum í Háfsbót ..." SSR, 206 1920: Tún 3,6 ha, sléttað 2,5 ha, garðar 1540 m²

RA-356:001 Háfshóll bæjarhóll bústaður

"Upp með Þjórsá fyrir ofan Flóðin er bærinn Háfshóll, fyrir stuttu lagðist í eyði ..." segir í örnefnalýsingu. Bærinn sem stóð á löngum hólrana í túninu, er nú rústir einar. Í túni.

Fyrir utan rústir bæjarins má þar sjá leifar útihúsa sem og tveggja túngarða og verður þetta því að teljast nokkuð heildstætt mannvistarlandslag.

Rústir bæjarins eru allmiklar, eða um 38x35 m að stærð og er

hleðsluhæðin mest um 1,7 m. Skiptist tóftin í 8 hólf. Leifar garðlags eru umhverfis hólinn sem bærinn og útihús 002-003 standa á. Má sjá leifar hans víða umhverfis hólinn. Er hleðsluhæð hans mest um 1m.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Háfshverfi, 2

63°47.771N 20°40.933V



RA-356:002 tóft útihús

Útihústóft er um 20 m norður af bænum


Í túni

Tóftin sem er niðurgrafin er um 8x8 m á stærð og er dýpt hennar eða hleðsluhæð um 1,7 m. Er hún hringlaga.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1920

63°47.775N 20°40.955V



RA-356:003 tóft útihús

63°47.837N 20°40.969V


Útihústóft er um 50 m norður af bænum. Um 10 m VSV af tóftinni er dæld sem einnig gæti verið tóft.

Í túni

Tóftin er um 9x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Hún er talsvert sprungin og farin að hlaupa í þúfur. Dældin er um 7x4 m að stærð og um 0,5 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

**RA-356:004** tóft útihús

63°47.854N 20°40.950V


Útihústóft er um 40 m ANA af 003.

Í túni.

Tóftin er um 8x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Tóftin er talsvert sprungin og hlaupin í þúfur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

**RA-356:005** tóft+garðlag útihús

63°47.909N 20°40.966V


Útihústóft er um 50 m norður af 004.

Í túni.

Tóftin sem er tvískipt er um 28x10 m að stærð. Hleðsluhæðin er um 0,5 m. Tóftin er sambyggð garðlagi að sunnanverðu og myndar þauð í raun suðurhlið hennar. Það mun vera túngarður, en garðstubbar eru víða umhverfis túnið, er hann skráður sér sem 011.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

**RA-356:006** tóft útihús

63°47.615N 20°40.856V


Útihústóft er á dálitlum hól, um 250 m suður af bænum. Um miðja vega á milli tóftarinnar og bæjarhólsins er skurður sem skiptir túninu. Er syðri þessi syðsti hluti túnsins umlukinn leifum túngarðs.

Í túni.

Tóftin sem er tvískipt, er um 20x12 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 0,4 m. Hún er talsvert sprungin og eru víða rof í veggjum. Virðist tóftin hafa farið nokkuð illa vegna ágangs skepna sem beitt er á túnið.

Hættumat: hætta, vegna ágangs húsdýra

Heimildir: Túnakort 1920



RA-356:007 Borgarholt tóftir fjárhús

"... austan við bæinn [001] er rími, sem heitir Borgarholt, suður af því er annar rími, Dagmálarími, og alllangt austur af honum er enn rími, sem heitir Gömlutættur. Í Borgarholti stóðu ærhús frá Háfshól, en á hinum rímunum sauðahús." segir í örnefnalýsingu. Borgarholt er langur og þýfður hólrani í um 0,8-1 km fjarlægð austur frá bænum. Liggur hann N-S. Nyrst á honum eru dokkir eða dældir sem greinilega eru byggingaleifar.


Þýfður og grasi vaxinn hólrani, umkringdur sléttu og grasi vöxnu mýrlendi.

Á Borgarholti eru þrjár dældir sem í eru moldarflög þar sem sjá má grjótt standa upp úr hér og þar. Sú nyrsta (a) og jafnframt sú stærsta er tvískipt og um 9x7 m að stærð. Hleðsluhæð hennar eða dýpt er um 0,4 m. Um 4 m SA af a) er önnur dæld sem er um 5x4 m að stærð og er hleðsluhæð hennar eða dýpt um 0,3 m. Um 9 m suður af a) er dæld sem er um 3x3 m að stærð og um 0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 2

63°47.977N 20°40.035V

**RA-356:008 Dagmálarími** tóftir fjárhús

"... austan við bæinn [001] er rími, sem heitir Borgarholt, suður af því er annar rími, Dagmálarími, og alllangt austur af honum er enn rími, sem heitir Gömlutættur. Í Borgarholti stóðu ærhús frá Háfshól, en á hinum rímunum sauðahús." Segir í örnefnalýsingu. Dagmálarími er um 60 m suðaustur af Borgarholti (sjá 007). Á hábungu hans eru 3 dokkir sem líta út fyrir að vera byggingaleifar. Einnig má víða sjá grjótt gægjast upp úr sverðinum.


Þýfður og grasi vaxinn hóll, umkringdur sléttu og grasi vöxnu mýrlendi.

Á þessum stað eru 3 litlar dældir eða dokkir sem liggja nokkuð þétt saman. a) er um 4x3 m að stærð og er hleðsluhæð hennar eða dýpt um 0,2 m. b) er um 2x2 m að stærð og hleðsluhæð hennar um 0,4 m. c) er um 3x3 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 0,3 m. Svæðið í heild er um 100 á lengd og mest um 40 m á breidd.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 2

63°47.772N 20°39.983V

**RA-356:009 Gömlutættur** tóft fjárhús

"... austan við bæinn [001] er rími, sem heitir Borgarholt, suður af því er annar rími, Dagmálarími, og alllangt austur af honum er enn rími, sem heitir Gömlutættur. Í Borgarholti stóðu ærhús frá Háfshól, en á honum rímunum sauðahús." segir í örnefnalýsingu. Gömlutættur eru um 800 m austur af Dagmálaríma (sjá 008). Það er langur og þýfður hólrani sem liggur N-S. Ekki er hægt að greina mannvirkjaleifar frá stórþýfinu sem þarna er. Landamerkjaskurður er skiptir löndum Háfshóls og Hala liggur að Gömlutóftum að vestanverðu. Síðan tekur við há og mikil girðing sem liggur yfir Gömlutóftir en því næst tekur við skurður aftur.

Stórþýfður og grasi vaxinn hólrani, umkringdur sléttri og grasi vaxinni mýri.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Háfshverfi, 2

63°47.833N 20°38.824V

RA-356:010 frásögn útihús

Um 300 m austur af Dagmálaríma (008) er svonefndur Staki rími. Þar hafa sést byggingaleifar.

Þýfður og grasi vaxinn hóll, umkringdur smáþýfðri og grasi vaxinni mýri.


Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: engin hættu

63°47.849N 20°39.702V

RA-356:011 garðlag túngarður

Túngarður var umhverfis Háfshólstún og má sjá leifar hans víða umhverfis túnið. Fær hann sömu hnit og tóft 005. Hleðsluhæð túngarðsins er mest um 1 m og breiddin er um 1 m.



RA-357 Sandhólaferja

30 hdr 1709, Ferjuháleiga eyðihjáleiga 1709, fyrst byggð 1682 eða 1683 en fór í eyði 1707. "Sighvatr hinn rauði ... [nam] ... Einhyrningsmork fyrir ofan Deildará, ok bjó í Bólstað. Hans son var Sigmundur faðir Marðar gígju ... Sigmundur fell við Sandhólaferju; þar er haugr hans fyrir austan Þjórsá." Landnámabók (S), ÍF I, 349 sbr. M – ÍF I, 350. "Þeir Steinn enn snjalli ok Sigmundur, son Sighvats rauða áttu for útan af Eyrum ok kómu til Sandhólaferju allir senn, Sigmundur ok forunautar Steins, ok vildu hvárir fyrr fara yfir ána. Þeir Sigmundur stokuðu húskorlum Steins ok ráku þá frá skipinu; þá kom Steinn at ok hjó þegar Sigmundur banahogg." Landnámabók (S/H), ÍF I, 352. "Gunnar hét maðr; ... Rannveig hét móðir hans ok var Sigfússdóttir, Sighvatssonar hins rauða; hann var veginn við Sandhólaferju." Njáls saga, ÍF XII, 52.

[1332]: Stadrinn [í Holti undir Eyjafjöllum] skal hafa oleighis sandhola ferju. huern tíjma er hann þarf. – DI II, 681 sbr. 1480 – DI VI, 330, 1553 – DI XII, 648, 1575 – DI XV, 671.

[1332]: sandhola feria oleigis ævinliga þeim sem j odda býr. - DI II, 691-692.

1397: Oddakirkja á " flutning ad Sandholaferiu leigulausann af aullu sinu godzi og allra þeiRa manna sem aa stadarins kosti eRu." – DI IV, 75 sbr. 1553 – DI XII, 653.

1.8.1476 eru bréf skrifuð á Sandhólaferju í Háfskirkjusókn – DI VI, 84-86. "Ítak á Sandhólaferja í Áss landi beit á vetrardag, hvar fyrir að Ás á engja takmark í Ferjulandi kallað Klofskiella." JÁM I, 363

1709: "Engjavegur er lánur og blautur, og þar til liggja engjarnar undir skaða og ágangi af Frakkavatni, sem í nærstu 4 ár ekki hefur venjulegri útrás náð vegna sands, er í ósinn boruð hefur; þrútnar því vatnið og gengur uppá slægjulandið, so ei verður enginu náð, nema þerrir gáangi, og sýnist það muni þó liggja undir meiri spjöllum, en ómögulegt vatninu úr að veita." JÁM I, 263. 1920: Tún 7,8 ha, sléttað 4,3 ha, garðar 1760 m²

RA-357:001 Sandhólaferja bæjarhóll bústaður

63°49.650N 20°40.486V

Tvö íbúðarhús eru á Sandhólaferju og stendur það vestara sem byggt var árið 1973, á gamla bæjarstæðinu. Þar á undan stóð þar timburhús byggt á tímabilinu 1904-1962 sem brann árið 1973.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Erfitt er að meta stærð bæjarhólsins þar sem hann er fremur flatur. Trjárækt er á og við bæjarhólinn sem eykur talsvert hættu á skemmdum á fornleifum sem þar gætu leynst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:002 heimild um útihús

63°49.650N 20°40.486V

Á túnakorti frá 1920 er þetta útihús sýnt um 5 m vestur af SV- horni bæjarins. Fær það sömu hnit og bæjarhóllinn sökum nálægðar við hann.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:003 heimild um útihús

63°49.644N 20°40.534V

Samkvæmt túnakorti var útihús þar sem nú er rabbarbaragarður, rétt vestan þjóðvegur.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-357:004 heimild um útihús

63°49.600N 20°40.380V

"Heima á túninu er Lambhúshóll." segir í örnefnalýsingu. Lambhúshóll er um 150 m SA frá bænum. Ber hóllinn talsvert svipmót af rústahól, enda er útihús sýnt á þessum stað á túnakorti frá 1920.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:005 heimild um leið

"Engjavegur er lánur og blautur, og þar til liggja engjarnar undir skaða og ágangi af Frakkavatni, sem í nærstu 4 ár ekki hefur venjulegri útrás náð vegna sands, er í ósinn borið hefur; þrútnar því vatnið og gengur uppá slægjulandið, so ei verður enginu náð, nema þerrir gángi, og sýnist það muni þó liggja undir meiri spjöllum, en ómögulegt vatninu úr að veita." Ekki er vitað hvar engjavegurinn lá eða hvort um eina ákveðna götu var að ræða.

Heimildir: JÁM I, 263

RA-357:006 *Ferjuháleiga* bæjarstæði býli

63°49.793N 20°40.870V

"Er háleiga frá Sandhólaferju, hefur í eyði legið síðan bóluna 1707. Var fyrst bygð fyrir 26 eða 27 árum." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1709. "Fyrir norðan túnið er hátt holt, sem er nefnt Háleiguholt." segir í örnefnalýsingu. Ferjuháleiga stóð á Háleiguholti sem er um 300 m norðvestur af bæ. Austast, suður undir holtinu sást lengi móta fyrir hleðsluleifum en ekki er vitað hvort um var að ræða leifar Ferjuháleigu. Hleðsluleifar þessar eru nú horfnar. Varða er vestast á holtinu (019).

Langt holt sem liggur A-V. Grasi vaxið austast, en er vestar dregur, tekur við mosagróinn melur.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: JÁM I, 363; Ö-Sandhólaferja, 1

RA-357:007 *Ferjuhamar* heimild um ferju

63°50.055N 20°41.277V

"Norðan við bæinn upp með Þjórsá er klettabelti, sem heitir Ferjuhamar. Hann ber nafn af ferjustað á Þjórsá, sem var sunnan við hann, og var þar mjög fjölfarið um skeið, þar til Þjórsá var brúuð." segir í örnefnalýsingu. Ferjuhamar er um 700 m NNV af bænum. Ekki er langt síðan að sandfjara var við Ferjuhamarinn, en nú rennur áin þétt upp við hann.

Klettur á árbakka. Þar ofan á er uppblásinn stórgrýtismelur.

Ekki sést til fornleifa á Ferjuhamri annarra en fallegrar vörðu er stendur syðst á honum. Er hún um 1,4 m á hæð og um 1x1 m að flatarmáli að neðanverðu. "Framan í Hamrinum er sem lítil sandvík; þar eru ferjubátar hafðir og er því líklegt, og enda víst, að þar hafi ferjustaðrinn verið í fornöld ... Norðan til á Hamrinum (sjá 028) er jarðtorfa há, nær þrjár mannhæðir á hæð; er hún að blása upp; norðan til við jarðtorfuna hafa verið einhverjar byggingar, ekki stórar, og einhver mannvirki, sem hafa blásið upp. Bóndinn, sem þá var á Sandhólaferju, er eg kom þar, hafði rífið þar upp grjót og flutt heim og fann hann þar forna hrosstönn og beinköggul nokkurn, mjög svo fúinn."" segir Sigurður Vigfússon í rannsóknarskýrslu frá 1892.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: SB V, 305; Ö-Sandhólaferja, 1; SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 35

RA-357:008 *Stekkatún* örnefni stekkur

63°49.927N 20°40.648V

"Fyrir noraðn túnið er hátt holt, sem er nefnt Hjáleiguholt. Austan í því heitir Stekkatún." segir í örnefnalýsingu. Stekkatún er beint norður af bæ, austan við Hjáleiguholt (sjá 006), fast austan þjóðveg. Þar er nú slétt tún. Í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 1

RA-357:009 *Níelsborg* tóft fjárskýli

63°50.001N 20°40.551V


"Upp með ánni eru tveir klettur, sem heita Hallur og Halla. Sunnar er lítil hæð, sem heitir Níelsborg ..." segir í örnefnalýsingu. Níelsborg er um 400 m beint norður af bænum, fast austan við þjóðveg. Er það dálítil hringlaga rúst.

Grasi vaxið holt.

Tóftin er hringlaga, og um 8 m þvermál. Einungis glyttir í hleðslugrjót við svörðinn sem sýnir lögun og stærð rústarinnar. Gæti verið fjárborg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 1



RA-357:010 *Prestsvaðsbakki* heimild um vað

63°50.405N 20°39.648V

"Upp með ánni eru tveir klettur, sem heita Hallur og Halla. Sunnar er lítil hæð, sem heitir Níelsborg, en ofan við hana upp við þjóðveginn gamla heitir Prestsvaðsbakki, og ber hann nafn af vaði á Steinslæk." segir í örnefnalýsingu. Prestsvaðsbakki er hár og langur kambur, hóll eða holt norðan við þjóðveginn, fast við landamerkjagirðingu á milli Áss og Sandhólaferju. Rennur Steinslækur skamt norðan við Prestbakka.

Lækjarbakki, sandfjara.

Ekki er ljóst hvar vaðið var, en líklegur staður er þar sem lækjarbakkinn lækkar snarlega og við tekur sandfjara á kafla. Farvegur lækjarins er þó síbreytilegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 1

RA-357:011 *Burðarholt* bæjarstæði býli


63°48.850N 20°39.912V

"Útburðarholt er litlu vestar [en Gorhóll]. Þar var um tíma bær og var nefndur Burðarholt ..." segir í örnefnalýsingu.

Útburðarholt er um 1,5 km beint suður af bæ. Sunnarlega á því eru rústir.

Hátt og langt holt sem liggur N-S, umkringgt smápýfðri og grasi vaxinni mýri.

Rústirnar eru allgreinilegar, þó erfitt sé samt að henda reiður á þeim þar sem þær eru mikið signar og hlaupnar í þúfur. Á þessum stað eru 4 tóftir og leifar garðlags. Stærsta tóftin (a) er um 21x12 m að stærð og er hleðsluhæð



hennar um 0,5 m. Virðist hér vera um einhverskonar gerði að ræða sem liggur N-S. Tóft b) er um 8 m suður af suðurenda a). Er hún talsvert sprungin og er lögun því óljós. Hún virðist þó vera fjórskipt og um 20x10 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Tóft c) er um 5 m norður af b). Er hún tvöföld og um 19x8 m að stærð. Er hleðsluhæðin um 0,5 m. Frá norðvesturhorni tóftarinnar eru leifar garðlags (d) sem liggur NA-SV. Er garðlagið um 23 m á lengd, með hleðsluhæðina 0,5 og breidd um 0,5. Tóft e) er um 16 m vestur af tóft c). Er hún mjög ógreinileg en virðist vera tvískipt og um 12x7 m að stærð. Hleðsluhæðin er um 0,3 m. Auk þeirra tófta sem hér hefur verið lýst, gætu fleiri mannvistarleifar leynst á Útburðarholti, en þar er mikið stórþýfi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:012 *Ferjuós* örnefni

"Útburðarholt er litlu vestar [en Gorhóll]. Þar var um tíma bær og var nefndur Burðarholt, en lítið eitt vestar rennur Ferjuós í Þjórsá." segir í örnefnalýsingu. Ferjuós er nafn á læk sem rennur í gegnum mýrina hjá Burðarholti og er lækurinn líklegast kenndur við bæinn en kemur ferjustaðnum ekki við að öðru leyti. Þá má geta þess að á þessu svæði er orðið "ós" oft notað um breiða og lygna læk sem renna um mýrarnar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:013 heimild um bústað

63°50.055N 20°41.277V

"Uppi á þessum Hamri [við ferjustaðinn] hefur því hinn forni bær staðið, rétt við ána, enn nú er hann fluttr, síðan þar tók að blása upp." segir Sigurður Vigfússon í rannsóknarskýrslu frá 1892. Lýsingin á við Ferjuhamar (007). Ekki er nú vitað hvar á hamrinum bærinn á að hafa staðið.

Klettur á árbakka. Þar ofan á, uppblásinn stórgrýtismelur.

Ekki sést til fornleifa. "Hafa á Hamrinum fundizt ýmis kennimerki, svo sem smiðjugjall, járnruð og eirruð og brýni; flögu af því sá ég þar; hrossbein hafa og fundizt þar upp blásinn í þeirra manna minnum, sem nú lifa; þykir mér því líklegast, að haugr Sigmundar hafi verið á Hamrinum fyrir ofan víkina, þar sem hann mun hafa fallið, og geta hrossbeinin verið úr haugnum."

Hættumat: hættu, vegna vindrofs

Heimildir: SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 35

RA-357:014 *Fjárhúshóll* örnefni fjárhús

63°49.644N 20°40.627V

"Sunnan við bæinn vestur á túninu er Fjárhúshóll." Segir í örnefnalýsingu. "Norðvestur á túni Sandhólaferju er hóll sem Þjórsá hefur brotið að hluta og heitir Kvíarhóll. Nær bænum er Ívarshóll og eilítið sunnar er Hólshúshóll, hæsti punktur á túninu." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Í athugasemdum við örnefnalýsinguna segir að Fjárhúshóll hafi einnig verið nefndur Hólshúshóll. Hann er um 100 m VSV af bænum.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa, en hólnum svipar óneitanlega til rústahóls.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2; Ö-Sandhólaferja viðb., 1; Ö-Sandhólaferja ath, 1


RA-357:015 *Fjárhúsholt* tóftir fjárhús

63°49.959N 20°39.705V

"Stórt holt austur af bænum heitir Fjárhúsholt. Þar eru fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsholt er um 500 m ANA af bænum. Þar eru greinilegar rústir fjárhúsa ásamt nokkrum öðrum sem eru óljósari.

Þýfður grasmói.

Fjárhústóftin a) er stærsta rústin á svæðinu og jafnframt sú sem lítur út fyrir að vera yngst, enda í hvað bestu ástandi. Það er þrískipt tóft hlaðin úr grjóti. Er hún um 18x12 m á stærð og er hleðsluhæðin mest um 1,5 m. Tóftin er á miðju holtinu, eða á hábungu þess. Dyr eru á NV gaffli. Um 15 m norður af a) er önnur og mikið sigin tóft; b) Er hún um 8x7 m á stærð og er hleðsluhæðin innanfrá um 0,2, en utanfrá nær hún 0,5 m. Hleðslur signar. Um 4 m austur frá suðausturhorni tóftarinnar er norðurendi á mjög óljósum garðslitrum sem liggja fyrstu 13 m til suðurs, en sveigja síðan snögglega til vesturs og



enda síðan eftir um 8 m. Breidd garðlagsins er um 0,5 m. Við rætur holtisins, um 18 m NV af a), er um 6 m breið lægð en síðan tekur við dálítill hóll. Á honum er tóft c). Er hún tvískipt og um 14x7 m á stærð. Hleðsluhæð hennar er um 0,5 m. Tóftin sem snýr N-S er opin í báða enda. Hleðslur grónar. Heildarstærð rústasvæðissins er um 55x45 m. Þá er einnig mögulegt að fleiri rústir leynist á svæðinu, en það er þó erfit að sjá sökum þýfis.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólaferja, 2

RA-357:016 *Útgarður* örnefni

63°49.122N 20°38.311V

"Við Hrútsvatn skammt sunnan og austan Dagmálarima er annar rimi minni og heitir Útgarður." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Útgarður er um 1,4 km suðaustur frá bæ.

Dálítill þýfður og grasi vaxinn hóll (rimi), í smáþýfðu og grasi vöxnu mýrlendi.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1

RA-357:017 *Stekkjjarhúshóll* örnefni stekkur

63°49.430N 20°40.154V


"Norðaustur af Hádegisholti er Stekkjarhúshóll og norður af honum Stekkjarhúsflóð." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Stekkjarhúshóll er um 500 m suðaustur af bæ. Aðalsérkenni hólins eru tvær hundapúfur sem standa upp úr hábungu hans eins og horn, en á milli þeirra er dálítill tóft.

Þýfður hóll (rimi), grasi vaxinn og umkringdur mýrlendi.

Tóftin er um 3x2 m á stærð. Er hún hálf niðurgrafin og er hleðsluhæð hennar eða dýpt um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1



RA-357:018 *Kvíarhóll* örnefni kvíar

63°49.689N 20°40.762V

"Norðvestur á túni Sandhólaferju er hóll sem Þjórsá hefur brotið að hluta og heitir Kvíarhóll." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Kvíarhóll er um 100 m norðvestur af Fjárhúshól/Hólshúshól (014). Er hóllinn í lægra lagi.

Í túni á árbakka.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1

RA-357:019 *Varða* varða

63°49.793N 20°40.870V

"Vestur af Hjáleiguholti [008] er hlaðin klettavarða forn að talið er og minnst ég ekki að hafa heyrt hana nefnda annað en Varðan." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Varðan er vestast á hólrana þeim er austast nefnist Hjáleiguholt (sjá einnig 006).

Langt holt eða hólrani sem liggur A-V. Er hann grasi vaxinn austast en er vestar dregur, tekur við mosagróinn melur. Varðan sem er hlaðin úr grjóti, stendur enn. Er hæð hennar um 1,7 m en að flatarmáli er hún um 1,5 x 1,5.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1


RA-357:020 *tóft* óþekkt

63°49.793N 20°40.870V

"Norðan [vörðunnar 019] er sérkennilega lagaður hóll hringlaga sléttur að ofan og hefur staðist einkennilega vel þann uppblástur sem þarna hefur átt sér stað. Nafn bar hann ekkert en sumir eldri menn töldu hér vera haug." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Hóllinn er um 25 m norður af vörðu 019. Austur undir hólnum er dálítill tóft sem er hálfgrafin inn í hann.

Grasi vaxinn hóll, sléttur að ofan.

Hóllinn er um 30x30 m að stærð. Tóftin er með grjóthlaðna vegg. Er hún 5x4 m



að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 1-2

RA-357:021 *Einarsbryggja* garðlag lending

63°50.055N 20°41.277V

"Á Ferjuhamri norðanverðum eru sléttar blágrýtishellur og heitir þar Klöpp. Litlu austur er hlaðin steinbryggja út í Steinslæk og heitir Einarsbryggja." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Þjórsá hefur nú grafið sig inn í bakkann og sjást engin ummerki lengur eftir bryggjuna.

Klettur á árbakka. Þar ofan á er uppblásinn stórgrýtismelur.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætt, vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 2

RA-357:022 *Bleikjalyngur* þjóðsaga draugur

63°48.560N 20°40.467V

"Draugurinn Bleikjalyngur bjó í Bleikjalyngsmel sunnan við Ferjuós (012) skammt frá landamerkjum Sandhólaferju og Háfhóls." segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Bleikjalyngsmelur er við landamerkin, skammt vestan við þjóðveg.

Lyngi vaxinn melur.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Sandhólaferja viðb., 2

RA-357:023 hellir

63°48.983N 20°39.300V

"Í norðurenda hólaraðar sem rís upp úr mýrarflákum vestan við Safamýri um 1 km suðaustur af Sandhólaferju eru hellisleifar." Hólaröð þessi nefnist Skollahólar og eru þeir um 400 m austur af Burðarholti (011). Nyrst á Skollahólum er gamalt tún og túngarður utanum og nyrst í því túni var þessi hellir.

Hólrani umkringdur mýri.

"Hellirinn sem þarna hefur verið er að mestu fallinn, aðeins innsti hluti hans stendur uppi, hálffullur af hruni. Sá hluti er 9 m á lengd og 5 m á breidd. Upphaflega lengd hellisins hefur verið um 19 m. Forskáli hefur staðið framan við hann, 7 x 3 m². Brunnur er úti í mýrinni skammt norðan hólanna. Aftan við hellinn sér fyrir hlöðu eða heystæði 7 x 8 m². Túnblettur 75 x 100 m² hefur verið á hólum sunnan hellisins og virðist hann hafa verið sléttður. Hár garður hefur verið þar um kring og stendur hann enn, víða fullur metri að hæð." Hellirinn er nú horfinn að mestu en mikið og hátt rofabarð er þar sem hann var.

Hættumat: hætt, vegna vindrofs

Heimildir: Manngerðir hellar, 142-143

RA-357:024 tóftir


63°48.983N 20°39.300V

"Sunnar í hólum [en hellirinn 023] eru garðleifar og tóftarbrot og einhverjar hellulagnir syðst. Allt er þetta mun ellilegra en hellirinn." Tóftaleifarnar eru fast sunnan við hellinn (023). Eru hellirinn og tóftirnar hvortveggja innan svæðis sem afmarkað er af miklum túngarði.

Hólrani umkringdur mýri.

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 130x80 m að stærð. Er hleðsluhæð hans er um 1 m og breidd um 1 m. Tóftirnar eru mjög óljósar. Sú sem er nær hellinum (norðar) er um 8x8 m á stærð. Hún er niðurgrafin og er dýpt hennar eða hleðsluhæð um 1,7 m. Hin tóftin sem er um 6 m sunnar er um 4x4 m á stærð og um 0,5 m á dýpt. Ekki sjást nú hellulagnir syðst í túninu. Á örnefnakorti sem fylgir örnefnaskrá Sandhólaferju eru sauðhús og hestaskýli merkt inn á sama stað og tóftirnar og hellirinn eru.

Hættumat: engin hætt



Heimildir: Manngerðir hellar, 143

RA-357:025 garðlag óþekkt

63°48.812N 20°39.758V

Umhverfis Burðarholt (011) eru leifar garðlags.

Mýri.

Garðlagið liggur meðfram austanverðu holtinu, um 124 m en tekur síðan vinkilbeygju þvert yfir það og endar eftir um 106 m. Hæð garðlagsins er um 0,5 m og er breidd þess svipuð.

Hættumat: engin hætta

RA-357:026 heimild um legstað

63°50.055N 20°41.277V

"Hafa á Hamrinum [sjá 027] fundizt ýmis kennimerki, svo sem smiðjugjall, járnrusl og eirrusl og brýni; flögu af því sá ég þar; hrossbein hafa og fundizt þar upp blásinn í þeirra manna minnum, sem nú lifa; þykir mér því líklegast, að haugr Sigmundar hafi verið á Hamrinum fyrir ofan víkina, þar sem hann mun hafa fallið, og geta hrossbeinin verið úr haugnum." "Hamarinn" sem hér er talað um er Ferjuhamar sem sagt er frá í (007)

Klettur á árbakka. Þar ofan á, uppblásinn stórgrýtismelur.

1840: "Haugur Sigmundar, sonar Sighvats rauða, sem átti að vera fyrir austan Þjórsá á Sandhólaferju, sést ekki hvar verið hefur, er hann annaðhvört kominn á ána eða hefur máské verið austan undir hamrinum, því þar hafa fyrir skemmstu uppblásið mikið gömul hrossabein, hefði hestur hans kannske verið heygður með honum." Ekki sést til fornleifa á Ferjuhamri og er ekki vitað til þess að þar hafi fundist mannabein.

Hættumat: hætta, vegna vindrofs

Heimildir: SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 35; SSR, 214

RA-357:027 hús

Gamalt fjós úr torfi og grjóti stendur um 6 m austur af íbúðarhúsinu sem stendur á gamla bæjarstæðinu (sjá 001)

Í túni

Fjósið er um 14x10 m

á stærð og er

hleðsluhæðin um 1,7 m. Er það með bárujárnsklæddu þaki og timburstöfnum og snýr það N-S. Dyr eru austast á suður-gafli.


Steypt plata er nú í fjósinu sem í dag er notað sem

geymsluhús. Er heimildamaður kom á staðinn upp úr 1960, var niðurgráfin hlaða vestan við fjósið og tengdist hún því um göng. Íbúðarhúsið stendur því að hluta þar sem hlaðan stóð. Einnig liggur heimreiðin nú þar vestan við fjósið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir:

fjós




63°49.658N

020°40.436V



Fornleifakort fyrir Sandhólaferju RA-357



RA-419 Ægisíða

40 hdr., 1709. [1270]: Nichulas kyrkia j odda. a ... a ægis sidv gelldingr gamall. - DI II, 86-88 sbr. 1397 – DI IV, 71, 1480 – DI VI, 323.

24.7.1675 selur Björn Nikulásson klausturhaldari Jóni Vigfússyni eldra Ægisíðu, 40 hdr – Jarðabréf, 4. 7.7.1703 á Erlendur Jónsson Ægisíðu, 40 hdr, landskuld 1 hdr, kúgildi 4 – JÁM XIII, 59. "Engiteigar tveir hafa verið brúkaðir af Ægisíðu ábúendum, annar í Rafntófta landi, annar í Bjólu landi, og það so lengi átölulaust sem menn til vita; er sögn manna að sá, sem liggur í Bjólu landi, eigi að vera hundrað faðmar í hvert horn, og eigi þar fyrir að koma vetrararbeit fyrir fje og hesta frá Bjólu í Ægisíðu landi, eins og fyrir hinn teiginn, fyrri Rafntófta ábúenda fje og hesta. Ey ein liggur í Rangá gegnt Ægisíðu landi, sem kölluð er Ægisíðu ey; hefur verið brúkuð af Ægisíðu ábúendum til beitar af aldaöldi það menn heyrt hafa, inn til þess fyrri 12 árum, þá lögfesti eignarmaður jarðarinnar Gunnarholts þessa ey undir Gunnarsholts kirkju, og síðan hefur hún ýmist ljeð eður brúkuð verið af Gunnarsholts ábúanda." JÁM I, 355 Landinu skipt upp frá 1927, síðan þá Ægisíða I og II, Rangá byggð úr jörðinni 1933, Bjarg árið 1939, Ægisíða III 1957, Skúti 1960, Ægisíða IV 1967. SB V, 432

1708: "Engjar eru nær sem engar á þessarri jörðu, og verður oftast slægjur til að kaupa, því teigarnir, sem áður umgetur, nást ekki nema í þerrisumrum, og er slægjan keypt í Bjólulandi, þá við þarf, fyrri greiðan þann, sem ábúendur forlíkast um, en engan vissan betalning." JÁM I, 355 1920: Tún 8,2 ha, sléttað 3,5 ha, garðar 2860 m²

RA-419:001 Ægisíða bæjarhóll bústaður

63°50.201N 20°24.739V

Íbúðarhúsið á Ægisíðu VI sem byggt var árið 1993 stendur á gamla bæjarstæðinu. Gamli bærinn var rifinn árið 1986.

Á hæð í túni.

Bæjarstæðið er fremur flatt svo ekki er hægt að tala um bæjarhól í þessu tilviki. Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna Ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-419:002 heimild um smiðju

66°50.182N 20°24.767V

Sambyggð gamla bænnum að vestan voru smiðja, skemma, fjós og hesthús. Á þessum stað stendur nú íbúðarhúsið á Ægisíðu II sem byggt var árið 1967. "Að sögn Einars Ólafssonar var komið niður á forna rúst þegar nýja íbúðarhúsið á Ægisíðu var byggt. Hún var með skálalagi og langeldi. Þessa byggingu vildu menn tengja hellinum [029] því inngangur í hann var úr skálagólfinu."

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna Ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Manngerðir hellar, 154

RA-419:003 tóft hesthús

63°50.316N 20°24.640V


Hesthús var um 80 m austur af bæjarstæðinu og sést tóft þess enn að hluta. Austan í eða við tóftina er nú bárujárnsbraggi.

Í túni.

Enn sjást suður og vestur-veggir hússins sem opnast í norður. Tóftin er byggð inn í hól og er um 11x8 m á stærð og er hleðsluhæðin um 1,7 m. Veggirnir eru úr grjóti að mestu og eru orðnir nokkuð grónir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



RA-419:004 heimild um fjós

66°50.221N 20°24.678V

Fjós var um 80 m norður af gamla bæjarstæðinu, fast norðan við munnann á Fjóshelli (013).

Í túni.

Engin ummerki sjást nú eftir þetta fjós. Annað fjós, talsvert yngra, stóð nokkuð sunnar og var innangengt úr því í

Fjóshelli. Það fjós er einnig horfið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-419:005 *Árbugsvað* heimild um vað

"Árbugsvað. Í Eyjuna úr Efra-Sandskarði í Árbugnum." segir í örnefnalýsingu. Árbugsvað er á Ytri-Rangá um 400 m suðaustur af bænum Rangá í Ægissíðulandi.

Grasivaxinn árbakki.

Áin liggur í hlykkjum á þessum kafla og breikkar nokkuð við vaðið. Eru greinilegar grynningar í ánni á þessum stað og má sjá jeppaslóða liggja að því sitt hvoru megin við það.

Heimildir: Ö-Ægissíða, 1

RA-419:006 garðlag túngarður

63°50.160N 20°25.424V

Leifar túngarðs eru umhverfis Stekkatún, um 250 m vestur af íbúðarhúsinu á Ægissíðu V (sjá 025), nánar tiltekið við austur-, norður-, og suður-jaðar þess.

Í ræktuðu túni, í annars öldóttu landslagi.

Garðlagið er talsvert sigið og sprungið á köflum en hleðsluhæð þess er um 0,5 m og er breiddin sú sama.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 1

RA-419:007 *Borgarhóll* tóft fjárskýli

63°50.102N 20°24.935V

"Borgarhóll. Vestan við Lágtún; vestast á honum er lítil borgartótt, sem hann heitir eftir." segir í örnefnalýsingu. Tóftarbrot eru vestast á Borgarhól, um 200 m vestur af íbúðarhúsinu á Ægissíðu II.

Grasi vaxinn hólrani í túni.

Tóftin er sigin og sprungin. Er stærð hennar um 5x4 m og hleðsluhæð um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 1

RA-419:008 garðlag túngarður

63°50.241N 20°24.743V

Túngarður var áður fyrir um allt Ægissíðutún. Af honum sést nú einungis lítill stubbur um 150 m norður af bæ, örskammt suður af hesthúsi 009.

Í túni.

Garðlagið virðist að mestu vera úr torfi, ef dæma má af rofi sem er á suður-enda þess. Liggur það N-S og er um 23 m á lengd og um 2 m á breidd. Hleðsluhæð er um 1,4 m. Dofnar garðlagið talsvert eftir því sem norðar dregur á um 10 m löngum kafla, og er vart greinanlegt við norðurendann, hinir 13 m standa enn. Breidd garðlagsins er þar um 1,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 1

RA-419:009 tóftir hesthús/rétt

63°50.258N 20°24.758V


Hesthústóft er um 200 m norður af bæjarhólnum. Sambyggð henni að vestanverðu er hringlaga rétt.

Í túni.

Tóft hesthússins er talsvert mikil og mjög áberandi, enda mun ekki vera langt síðan húsið var rífið. Er það um 20x12 m á stærð og er hleðsluhæðin um 1,6 m. Er tóftin tvískipt og er austari hlutinn dýpri og hefur þar líklega verið hlaða. Þrennar dyr eru á tóftinni. Tvær eru á útveggjum, þ.e. vestast á norðurvegg og vestast á suðurvegg. Þriðju dyrnar eru á milli hinna tveggja hólfa tóftarinnar. Steyptur garði er frá þeim dyrum eftir miðju hesthúsinu, um 7 m langur og um 1 m á breidd. Réttin sem er úr torfi og grjóti eins og hesthúsið, er hringlaga og um 10 m í þvermál, en auk þess liggur um 2 m langur gangur úr torfi og grjóti meðfram vesturvegg hesthússins og að réttinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 1-2

**RA-419:010** Djúpavað heimild um vað

63°50.000N 20°25.627V

"Djúpavað. Á Gilinu hjá Blautahvamm." segir í örnefnalýsingu. Djúpavað er á gillæknum (í Ægissíðugili) fast sunnan við Blautahvamm (sjá 012). Þar var áður fyrr farið með hestvagna yfir er verið var að flytja hey heim af engjum.

Lækjargil

Á þessum stað beygir Ægissíðugil til suðurs og er vaðið við beygjuna. Staðurinn hefur tekið talsverðum breytingum frá því sem áður var því lækurinn var dýpkaður með skurðgröfu og eru öll ummerki eftir slóðann sem lá að vaðinu, horfin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ægissíða, 2

RA-419:011 Eyjavað heimild um vað

63°49.237N 20°25.031V

"Eyjavað. Vað á Rangá, rétt ofan við Ægissíðufoss." segir í örnefnalýsingu. Rangá kvíslast utan um svonefnda Ægissíðuey og er Eyjavað rétt norðan við Ægissíðufoss rétt áður en kvíslarnar sameinast aftur.

Grasi vaxinn og nokkuð hár árbakki, en lægri við vaðið.

Vaðið er mjög greinilegt þar sem það liggur út í eyjuna eftir grynningum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ægissíða, 2

RA-419:012 Felixarstekkur örnefni stekkur

63°50.007N 20°25.758V

"Felixarstekkur. Sunnan við Blautahvamm." segir í örnefnalýsingu. Blautihvammur er um 400 m norðvestur af bænum Rangá sem er í Ægissíðulandi, fast vestan við Ægissíðugil. Nyrst í hvamminum er örnefnið Felixarstekkur en það er þýfður grasmói sem liggur örlítið hærra en annars slétt mýrlendið í hvamminum. Ekki er vitað til að sést hafi til fornleifa á þessum stað.

Þýfður og þurr grasmói, nyrst í mýrlendum hvammi.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ægissíða, 2

RA-419:013 heimild um fjós 63°50.205N 20°24.692V
"Fjóshellir. Í Fjóshólnum, innangengt úr fjósinu. Fjóshóll. Norðan við fjósið." segir í örnefnalýsingu. Fjós stóð örskammt austur frá gamla bæjarstæðinu og var innangengt úr því niður í Fjóshellinn (028). Það er nú horfið með öllu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 2

RA-419:014 *Gilshólsvað* heimild um vað 63°49.821N 20°25.322V
"Gilhólsvað. Vað á Ægissíðuey ofan við Gilkjaftinn." segir í örnefnalýsingu. Gilhólsvað er um 100 m austan við Gilkjaftinn [á Ægissíðugili], u.þ.b. þar sem Rangá kvíslast um Ægissíðuey. Grasi vaxinn árbaki.

Rangá kvíslast þarna um eyjuna og eru augljósar grynningar í henni sem benda til hvar vaðið er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ægissíða, 2

RA-419:015 *Gilvað* heimild um vað 63°49.880N 20°25.470V
"Gilvað er vað á Gilinu [Ægissíðugili] hjá Gilhólnum." segir í örnefnalýsingu. Gilhóll er þar sem Þykkvabæjarvegur liggur hjá bænum Rangá í Ægissíðulandi. Hóllinn sem var allmikill var tekinn niður þegar vegurinn var lagður. Er Gilvað um 100 m norðan þjóðvegarinn.

Lækjargil, þýfður grasmói.

Lækjarbakkinn er talsvert lægri á þessum stað og er lækurinn mjög grunnur en dýpkar síðan snögglega er vaðinu sleppir. Er vaðið mjög greinilegt.

Heimildir: Ö-Ægissíða, 3

RA-419:016 *Grænarétt* hleðsla rétt 63°50.216N 20°25.256V
"Grænarétt. Norðan undir miðjum Hryggnum, gamalt réttarbrott, af því er nafnið." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar þessi rétt var, en mögulegt er að um sé að ræða rétt sem skráð er með hesthúsi 009.

Heimildir: Ö-Ægissíða, 3

RA-419:017 *Torfhóll* heimild um rist 63°50.216N 20°25.256V
"Torfhóll. Norðan Brúnkolluhóls; á honum var þurrkað heyturf." segir í örnefnalýsingu. Húsið á Ægissíðu V stendur á Brúnkolluhól.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Ægissíða, 6

RA-419:018 *Ægissíðuvað* heimild um vað 63°50.170N 20°24.386V
"Ægissíðuvað. Á Rangá fyrir neðan túnið." segir í örnefnalýsingu. Ægissíðuvað er um 70 m neðan við brúna við Hellu. Það var aðalvaðið á ánni.

Sendinn árbakki norðanmegin, en grasi vaxinn sunnanmegin.

Ekki sjást leifar gatna við vaðið en á þessum stað breiðkar áin örlítið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ægissíða, 7

RA-419:019 *Hjallhóll* heimild um hjall 63°50.196N 20°24.652V
"Hjallhóll. Lítil hóll austan við bæinn. Sunnan í honum var áður fyrr hjallur." segir í örnefnalýsingu. Hjallhóll er um 50 m austur frá gamla bæjarstæðinu. Á honum sjást nú engin merki um hjall þann er hann dregur nafn sitt af.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 3

RA-419:020 *Kúagötur* heimild um leið

63°50.258N 20°24.758V

"Kúagötur. Liggja heim frá Sandhólnum." segir í örnefnalýsingu. Ægissíða III stendur á Sandhólnum. Lágu göturnar þaðan þétt austan við hesthús 009. Ekki sér lengur til þessara gatna.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 4

RA-419:021 *Lambabyrgi* tóft fjárskýli

63°50.679N 20°24.155V


"Lambabyrgi. Við ána, skammt fyrir innan Höfðann. Þar var byrgi (rétt) fyrir lömb, þegar setið var yfir þeim um fráfærur. Þar fyrir norðan er nýbýlið Bjarg." segir í örnefnalýsingu. Tóft lambabyrgissins er á bökkum Rangár um 200 m suðaustur frá Bjargi.

Árbakki, vaxinn mosa og skúfeltingu.

Tóftin er hringlaga og um 12 m í þvermál og er hleðsluhæðin um 0.5 m. Dyr eru á að austanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ægissíða, 4



RA-419:022 *Löngubrá* heimild um leið

63°49.864N 20°25.426V

"Löngubrá. Var upphlaðinn vegarspotti fyrir sunnan Gilið, efst í Árbugnum." segir í örnefnalýsingu. Löngubrá var þar sem Þykkvabæjarvegur liggur yfir Ægissíðugil

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 4

RA-419:023 *Mórimi* heimild um mógrafir

63°50.037N 20°24.816V

"Mórimi. Sunnan Borgarhól; á honum var þurrkaður mór. Nú er hann slétt tún. Mógrafir. Við ána fyrir neðan og austan Mórimann." segir í örnefnalýsingu. Mógrafirnar eru á árbakkanum um 100 m sunnan við Borgarhól (sjá 007). Árbakki í túnjaðri.

Svæðið sem grafirnar eru á er um 30x26 m að stærð. Við suðvesturhorn þess má sjá það sem virðast vera leifar mókofa sem er um 4x2,5 m á stærð, með hleðsluhæðina 0,2 m. Grafirnar eru talsvert grónar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 5

RA-419:024 *Reyrhólmavað* heimild um vað

63°49.378N 20°25.394V

"Reyrhólmavað. Norðast í hólmann og þaðan í Eyjunna." segir í örnefnalýsingu. Reyrrhólmavað er um 300 m sunnan Þjóðvegur, þar sem Rangá kvíslast um hólmann.

Grasi vaxinn og nokkuð hár árbakki.

Vaðið er um grynningar við norðvesturhorn hólmanns, og er greinilegt að auðvelt er að komast úr landi yfir í hólmann og úr hólmanum yfir í eyjuna. Breidd vaðsins úr landi í hólmann er um 30 m og um 20 m úr hólmanum í eyjuna.

Heimildir: Ö-Ægissíða, 5

RA-419:025 heimild um fjárhús

63°50.096N 20°25.406V

"Stekkatún. Vestan við Stekkatúnshól, þar er fjárhús. Stekkatúnshellir. Vestan í Stekkatúnshól. Hann er nú hruninn. Stekkatúnshóll. Vestan við Kúafag." segir í örnefnalýsingu. Stekkatúnshóll er um 250 m vestur af íbúðarhúsinu á Ægissíðu V. Fjárhúsin sem um ræðir eru tveir gamlir braggar. Er annar þeirra (sá eystri) byggður við tóft forskála Stekkatúnshellis.

Í ræktuðu túni.

Forskáli hellissins er um 10x8 m á stærð og er hleðsluhæðin um 2,5 m. Er tóftin að hluta byggð inn í hólinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 5-6

RA-419:026 *Stekkatún* örnefni stekkur

"Stekkatún. Vestan við Stekkatúnshól, þar er fjárhús. Stekkatúnhellir. Vestan í Stekkatúnshól. Hann er nú hruninn. Stekkatúnshóll. Vestan við Kúaflag." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar stekkur sá er túnið heitir eftir, getur hafa verið.

í ræktuðu túni

Ekki sést til fornleifa.

Heimildir: Ö-Ægissíða, 5-6

RA-419:027 *Hellistúnshellar* hellir hlaða

63°50.290N 20°24.435V

"Hellistúnshellar. Í miðju Hellistúni. Þeir eru tveir, annar fyrir lömb, en hinn fyrir hey, sá eystri. Hann var grafinn upp 1913, þá nær fullur af mold og skán. 1927 voru grafin göng á milli þeirra, 10 m." segir í örnefnalýsingu. ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Hellar þessir eru fast vestan við þjóðveg nr. 1, rétt sunnan við söluskála sem þar er. Nefnist austari hellirinn Hlöðuhellir en sá vestari Fjárhellir.

Í túni

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeir sem á undan okkur vour notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."

"Í Hellistúni á Ægissíðu, rétt við þjóðveginn skammt frá Rangárbrú, eru tveir hellar tengdir saman við löngum göngum, Hlöðuhellir og Fjárhellir. Þeir eru grafnir í lárétt lagskítan árosasand frá ísaldarlokom sem runnið hefur saman í allþéttan sandstein. Fram eftir þessari öld var Hlöðuhellir hafður undir hey en kindur í hinum eins og nöfn þeirra gefa til kynna. Á síðari árum hafa hellarnir verið notaðir sem jarðávaxtageymslur. Hlöðuhellir hefur verið lagaður að hlutverki sínu sem kartöflugeymsla með því að dráttarvélafer inngangur var steypdur up við enda hans árið 1967 þar sem gamli forskálinn var og er jafn halli niður frá dyrunum og inn í hellinn. Um aldamót var þessi hellir ekki í notkun og hafði ekki verið í manna minnum. Innri endi hans hafði hrunið einhvern tíma í fyrndinni og hann var hálffullur af mold. Árið 1913 var hellirinn mokaður út, inn þangað sem hrunið hafði úr loftinu. Þar var geður strompur en síðan hlaðinn sandsteinsveggur fyrir endann svo hellirinn er styttri en áður var. Arngrímur Jónsson hefur lýst þessu verki ... Nýr forksáli var hlaðinn og úr honum mikil steinþrep og brött niður í hellinn. Áður virðast göngin inn í hann hafa verið neðar, e.t.v. ekki fjarri því halladni gólfi sem nú liggur í hellinn. Í hólnum úti fyrir markar lægð fyrir hinum hrunda hluta hellisins. Hún er 7 m löng, svo hann hefur styst a.m.k. sem því nemur. Hellirinn er nú víðari innst en yst. Í loftinu virðist mega sjá móta fyrir eldri lögun. Þar gengur tiltölulega jafnhvelft rjáfur inn hann allan. Hann hefur því upphaflega verið langur, jafnbreiður, með bogalaga þaki. Síðar hefur hann verið víkkaður til beggja handa og líklega dýpkaður. Á kafla er sylla í veggnum hægra megin í hellinum sem gegnur um 1 m inn undir bergið. Mikið af kroti er á veggjunum, allt frá þessari öld, og var ei um það sinnt. hellirinn sjálfur er nú um 10 m langur. Þar við bætist 11-12 m langur steypdur inngangur. Breidd 5-7 m víðast, hæð 2,65-3,15 m, hækkar inn. Áður fyrr hefur hann verið a.m.k. 17 m langur. Göng yfir í hinn hellinn voru gerð 1927. Þau eru 10 m á lengd, 1,8-1,0 m á hæð og 0,9 m víð, hvelfd með beinum veggjum. Torfi Jónsson bóndi á Ægissíðu stóð fyrir verkinu. Fjárhellirinn virðist hafa verið í notkun þegar Jón Guðmundsson kom að Ægissíðu 1885. Árið 1906 hafði hann þar 19 ær og tvo lambhrúta og þá líklega hey innst í hellinum því þetta var áður en Hlöðuhellirinn var tekinn upp. Það markverðasta við Fjárhellirinn er líklega forskálinn. Þeir Ægissíðubræður, Þorgils og Torfi Jónssynir, gerðu hann upp í sinni gömlu mynd á árunum milli 1935 og 1940. Hann er hlaðinn úr hellugrjóti og torfi og með lögn í þaki úr stórum þunnum basalhellum. Þetta virðist vera gamalt og klassískt byggingarlag á forskálum hella og fágætt að sjá það jafn vel varðveitt og hér. Dyraumbúnaðurinn er nýlegur, úr mótatimbri, og áfalega óvandaður. Átta góð helluþrep liggja niður í hellinn, einhver þeirra eru reyndar úr steypum hellum. Í búskapartíð Þorgils á Ægissíðu var hellirinn notaður fyrir lömb og mátti hafa þar 60-70 hausa en heyið var í hellinum við hliðina. Á þessum árum var hann því oft kallaður Lambahellir. Ekkert sér nú af gömlum innréttingum hellisins. Óvandaðar kartöflustútur eru með veggum innan við þrepin. Fyrir miðjum vinstri vegg gróf Torfi Jónsson brunn, 0,65 m í þvermál og 4,5-5,0 m djúpan. Niður á vatnsborðið eru 3,6 m. Þegar Ægir Þorgilsson byggði hús sitt þarna rétt hjá

setti hann dælu og vatnslögn í brunninn og notaði hann sem vatnsból um skeið. Strompurinn er vel hlaðinn úr sandsteini og torfi, 4,75 m eru frá gólfi og upp úr. Sandsteinþykktin er 1,0-1,25 m. Hleðslan er því um 2 m há. Þvermál neðst í strompi 0,9 m, efst 0,5 m. Hellirinn er 10 m langur og forskálinn 4 m. Breidd 3-6 m, víkkar inn. Hæð 1,6-1,8 m. Veggjakrot er bæði lítið og ómerkilegt."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ægissíða, 3; ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 154-156

RA-419:028 *Fjóshellir* hellir fjós

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. "Fjóshellir var stærsti hellirinn á Ægissíðu og raunar meðal stærstu manngerði hellanna. Hann var í notkun til 1975 en þá var kúabúskapur lagður af á Ægissíðu. Hann hafði þá verið notaður sem fjáshlaða svo lengi sem elstu menn mundu, en fosið stóð í brekkunni framan við hellinn." Fjóshellir er um 70 m ANA frá gamla bæjarstæðinu.

Í túni.

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíþýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs frikirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur voru notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."

"Nýr inngangur var gerður í hellinn úr fjósi sem reist var sunnan við hann árið 1934 og vann Torfi Jónsson mest við það. Þar var lengi aðalinngangurinn í hellinn og lá niður úr fjósgólfinu. niður er alllöng göng að fara, nokkuð brött. Þau eru hlaðin efst en nest eru þau höggvin í hvelfingu. Til þess að koma heyi úr hellinum uppi í fjósið var notaður vagn sem rann á teinum. Teinarnir eru úr gömlu járnbrautinni sem notuð var við gerð Reykjavíkurhafnar. Uppi var spil sem vagninn var dreginn með. Í efsta hluta ganganna eru þrep allgóð en neðar eru þau mjög farin að láta á sjá. Þó er niðurgangan allgreið. Þegar niður í sjálfan Fjóshellinn er komið er innsti hluti hans á vinstri hönd fallega höggvinn í hvelfingu. Þessi hluti er í daglegu tali nefndur Kapellan en það nafn er að líkindum ekki gamalt því áður var þessi hellishluti kallaður Gaflað og jafnan talað um að gefa úr Gaflaðinu. Á gaflí kapellunnar er lítið krossmark og á veggjunum báðum megin eru allmörg önnur krossmörk af svipaðri gerð. Krossarnir eru allir með latnesku formi, heldur óvandaðir, en þó af óvenjulegri gerð. Útlínur þeirra eru ristar inn í vegginn en síðan er ekki tekið innan úr þeim. Þeir eru því eins og upphleyptir. Krossinn á gaflinum er gamall, bæði Matthías og Einar benediktsson nefna hann en hina krossana minnst þeir ekki á, enda eru þeir sennilega ungar eftirlíkingar af gaflkrossinum. Innst í Kapellunni hefur verið byrjað á strompi sem aldrei var lokið við. Holan nær svo sem 55 cm upp í klettinn og er sporöskjulöguð, 50 x 60 cm. Framan við kapelluna er stallur á hellisgólfinu og er hann 60 cm þar sem hann er lægstur en 80 cm þar sem hann er hæstur og er aðalhellisgeimurinn því þetta miklu dýpri en Kapellan. Tvö þrep hafa verið á stalli þessum og er annað vel merkjanlegt en hitt er nú orðið að hallandi moldarbreku. Aðalhellirinn er mjög breiður og hár. Í lofti hans eru tvö baggagöt. Annað er frá þessari öld, þar sem hvelfingin er breiðust en hitt er miklu eldra. Á miðjum vegg vinstra megin er hleðsla langsum eftir veggnum og virðist hún hlaðin upp í sprungu. Þessi hluti hellisins er farinn að láta allmikið á sjá. Í lofti má sjá á nokkrum stöðum hvar fallið hafa niður stykki en ekki er vitað um nýlegt hrun. Víða í veggjum eru fôr eftir sívalar holtu og fôr sem ómögulegt er að skýra öðruvísi en að þau séu eftir trjástofna og greinar, sem kaffærst hafa í foksandinum sem sandsteinninn er myndaður úr. Holurnar eru allt að 15 cm víðar og sums staðar má reka tommustokk 1 m inn í þær. Sumar eru bognar og hlykkjóttar og því örugglega ekki eftir verkfæri manna. Í hellisloftinu inn af innganginum má sjá greina- eða rótafór ganga eins og í stjörnu út frá stofnfari. Fyrir enda hellisins er hlaðið upp í gamlan útgang og mun það hafa verið gert þegar ný inngangurinn var höggvinn. Þar er svo þriðja baggagatið og steinhleðsla í því. Fyrir neðan gatið eru hlaðnar tröppur. Í veggnum til hægri við endahleðsluna eru tveir stallar líkt og sæti hlið við hlið. Þarna utan við var gamla fjósið en nú sjást engin merki eftir það, enda allt sle'ttað út þegar það var rifið. Hellirinn var eingöngu notaður fyrir hey. Í bók Einar Benediktssonar, Thules Beboere, er uppdráttur af þessum heli, sennilega gerður 1915. Þá hefur verið gengið um tröppur niður í enda hellisins. Þar er baggagatið aðeins eitt. Í hellinum öllum, og einkum þó Kapellunni, er mjög

63°50.211N 20°24.689V



mikið af kroti en mest af því er orðið svo máð a það er næstum torlæsilegt. yngstu ártölin eru frá 1970 og þau elstu frá 1906. Einar Benediktsson þóttist sjá merki um fornkeltneskt letur, svokalað ogham, í Fjóshellinum. Ekki er ljóst við hvaða ristur hann átti og e.t.v. eru þær horfnar. En á hægri vegg, 4,5 m frá núverandi inngangi og um 2,5 m frá gólfi, má sjá sérkennilegar grópir. Á myndum Kjarvals úr Fjóshellinum eru þessar grópir m.a. sýndar. hugsanlega eru þetta risturnar en ekki er hægt að sjá að þetta sé ogham. Gríðarmikið krot er á veggjunum og ekki vinnandi vegur að skrá það allt. Mest mun þetta vera 20. aldar túrhestaspark. Allmikið var um að ferðafólk kæmi í Fjóshellinn á fyrri árum en síðasta áratuginn hefur það farð minnkandi."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146-151

RA-419:029 *Búrhellir* hellir

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Búrhellir er undir íbúðarhúsinu að Ægissíðu II og er innangengt í hann úr kjallara hússins.

Í túni.

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur vour notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."

"Búrhellir (Stéttahellir). Vorið 1899 gróf Jón Guðmundsson á Ægissíðu upp gamlan helli, sem þar var við bæinn og að nokkru leyti undir honum. Brynjúlfur frá Minna-Núpi skrifaði um hann smáklausu í Árbók Fornleifafélagsins árið 1900. Þar nefnir hann að hellirinn hafi lengi staðið ónotaður en hafi auglýsilega verið búr fyrrum. Það sýndu m.a. nokkrar allvíðar holur eftir matarkeröld. Uppi yfir þeim voru skot út í bergið en hleinar gengu fram milli þeirra. Inn í þær voru djúpar holtu sem Brynjúlfur gat sér til um að væru eftir oka undir búrhillum. Jón notaði hellinn fyrir heyllöðu fyrst í stað. Síðar var hann hafður undir eldsneyti, tað o.fl. en nú er hann á ný í sinu forna hlutverki sem búr. Á dögum Jóns Guðmundssonar var smiðja yfir hellinum og var inngangurinn í hann sjá smiðjudyrnum áður en Jón hreinssaði hann út. Hann færði innganginn og lagði hann upp í smiðjuna. Innst, þar sem hellirinn hafði hrúnið saman, hlóð Jón vegg og útbjó innfall. Þar virðist hafa verið forn uppgangur. Hellirinn er að nokkru undir íbúðarhúsi Einars Ólafssonar Ægissíðu II, sem bygt var 1966. Hann var strax tengdur húsinu og er innangengt í hann úr kjallaranum um innganginn sem áður lá upp í smiðjuna. Matthías Þórðarson lýsir hellinum allnáið og teknaði upp grunn hans og langsníð. Á teikningu hasn sjást holur eða för eftir 7 keröld í hellisgólfinu, 4 meðfram suðurvegg, eða vinstra vegg, eitt stendur að hálfu út undir hleðslunni við hellisgaflinn að norðan og tvær grynri holur þar utar með veggnum. Að auki var nýleg ferhyrnd gryfja í skoti utarlega við suðurvegginn. Mál keraldsfaranna við suðurvegginn voru eftirfarandi: Ysta farið var 95-100 cm í þvermál, næsta far 1,5-1,65 m í þvermál og 75 cm djúpt og það næst innsta var 13-1,4 m í þvermál og 60 cm djúpt. Lengd hellisins var 15 m. Tveir strompar voru á hellinum, annar innarlega, allvíður, um 70 cm í þvermál neðst, hinn lítill, utar. Eins og sjá má af teikningunum hafa orðið allmiklar breytingar á hellinum á þeim 60 árum sem liðin eru síðan Matthías kom í hann. Í fyrsta lagi hefur innganginum verið breytt þannig að steypur stigi og stigagangur ligja upp í kjallara íbúðarhússins. Hann hefur einnig verið stytur í báða enda og hlaðslan fyrri gafl færd rúma 2 m inn. Innfallið er því horfið og þrjú keraldsför. Skilin milli keraldsfaranna þriggja sem eftir eru við suðurvegginn eru að mestu horfin og þau orðin að samfalldri laut í gólfinu. Ferhyrnda gryfjan í skotinu er orðin kringlótt og hefur dýpkað en ný ferhyrnd gryfja hefur verið gerð þar rétt utar. hellirinn er fremur óreglulega lagaður, framparturinn er þrengri og lægri en innsti hlutinn og þar er einnig töluverður halli á gólfinu. Lengd hellisins er nú 11 m og breiddin 2,5 m yst en um 3 m innar. Egnin veggjaskrift er í hellinum. Að sögn Einars Ólafssonar var komið niður á forna rúst þegar nýja íbúðarhúsi á Ægissíðu var byggt. Hún var með skálalagi og langeldi. Þessa byggingu vildu menn tengja hellinum því inngangur í hann var úr skálagólfinu." Hellirinn nefndur Stéttahellir í örn. Munir hafa fundist í hellinum sem nú eru á Þjóms.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 151-154

RA-419:030 Kirkjuhellir hellir fjárhús

63°50.202N 20°24.599V

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Kirkjuhellir er um 50 m SA af Hrútselli (031). Í hól í túni.

Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur vour notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."



Nafni' Kirkjuhellir er ekki gamalt. Í örnefnaskrá Torfa Jónssonar heitir hann Túnhellir. Matthías Þórðarson minnst ekki á Kirkjuhellisnafnið og ekki heldur Einar Benediktsson sem þó hefði örugglega getið um það, ef hann hefði heyrt það og talið það vera gamalt, jafn fundvís og hann var á röksemdir til stuðnings kenningum sínum um að hellarnir væru margir hverjri forn guðshús frá dögum papa á Íslandi. ... Ástæðan fyrir nafngiftinni á þessum helli er lögun hans. Lágur forhellirinn og víð og há hvelvingin þar inn af minna ögn á kirkju. Kirkjuhellirinn er því til vitnis um ungan aldur papahugmynda og helgisagna varðandi manngerðu hellana. Hellirinn stendur nú opinn og ónotaður norðan í Austurhólnum á Ægissíðu, kippkorn frá Fjóshelli. Áður fyrr var hann notaður sem gripahús og seinna sem heyhlaða. Hellirinn er notaður sem gripahús og liggja ofan í hann fimm vel hlaðin þrep og veggir meðfram þeim, traustlega hlaðnir. Gömul taðskán, rusl og hrun úr lofti þekja hellisgólfið svo óljóst er hver upprunaleg dýpt hans hefur verið. Í grófum dráttum er hellirinn tvískiptur. Fremri hlutinn er 4 m á lengd, 4 m á bridd og 2,5 m á hæð, nokkuð reglulega höggvinn. Innri hlutinn er miklu stærri, eða um 8 m á breidd þar sem hann er víðastur, 7 m á lengd og 4 m á hæð. Nokkuð þar sem hann er víðastur, 7 m á lengd og 4 m á hæð. Nokkuð hefur hrúnið úr lofti hans svo hvelvingin er óregluleg. Fram við forhellinn má glögg sjá upprunalegt lag innra hellisins og hefur hann verið höggvinn í hvelvingu sem er allmiklu minni en núverandi hvel. Ágangur búfjár hefur víkkað hellinn í tímans rás. Strompur er í lofti og er hann fallega höggvinn og hlaðinn. Sandsteinþykktin í honum er 2 m, hleðslan er 1,5 m og í henni skiptast á lög af torfi og grjóti. Trégrind lokar opinu. Frá hellisgólfi og upp á yfirborð jarðar eru um 9 m. Sandsteinninninn í hellisveggjum er foksandsteinn með trjáföllum í. Op hellissins er mjög greinilegt, en hellirinn sjálfur er hrúnninn samana að miklu leyti. Strompurinn er einnig mjög greinilegur uppi á hólnum.

Hættumat: hætta, vegna hruns

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 157-158

RA-419:031 Hrútsellir hellir

63°50.215N 20°24.624V

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Hrútsellir er fast austan við við bragga við hesthústóftina 003, um 80 m austur af bæjarstæðinu.

Í túni.

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur vour notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."



Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."

"HrútsHELLIR er á milli Fjóshellis og Kirkjuhellis. Hann er lítill, nær kringlóttur að grunnfleti og kúpulaga að innan, 4,4 x 4,5 m að þvermáli. Trjáfór eru í sandsteininum og inn í eitt þeirra má reka tommustokk 1,2 m. Strompur er á hellinum, 50 cm í þvermál. Þar er sandsteinsþykktin 50 cm og hleðsla þar ofan á. Fyrir dyrum eru leifar af trévegg. hellirinn er hálffullur af rusli. Rör gengur upp úr því og upp um strompinn en yfir honum er húskofi. Í honum var kaldreykt kjöt í nokkur ár. Þá var kveikt upp niðri í hellinum og var reykurinn orðinn hæfilega kaldur þegar hann hafði stigið upp í gegnum strompinn og inn í kofann. Í áður nefndum minnisbókum Jóns Guðmundssonar á Ægissíðu segir 1895: "Búinn til HrútsHELLIR". Einar Ólafsson á Ægissíðu tekur að þarna sé átt við viðbyggingu framan við helinn en hellirinn sjálfur sé eldri. Þetta var töluverð bygging með hallandi skúrþaki en nú sést aðeins grunnur hennar við hellismunann."

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 158-159

RA-419:032 *Brunnhellir* hellir vatnsból

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Inngangurinn í Brunnhelli var fast vestann við dyr hesthússins 003, um 80 m austur af bæjarstæðinu. Strompur hellissins er nú hulinn grasi og lokað hefur verið fyrir innganginn.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. "Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur voru notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."

"Brunnhellir er norðan í Austurhól hjá gömlu hesthúsi sem þar er. Hann fannst 1913. Milli 1920-1930 gróf Torfi Jónsson brunn í hellisgólfið. Dæla var látin í hann til að fá vatn í fjósið. Seinna var sett upp vinda yfir hellinum og vatnið dregið upp í fótum. Upp úr 1940 var hætt að nota hellisbrunninn og árið 1949 voru breikkaðar dyr á hesthúsi við innganginn; við það lokaðist hellirinn og hefur verið luktur síðan svo ekki verður komist í hann nema í kaðli niður um strompinn."

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 159


RA-419:033 *Skagahellir* hellir

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Skagahellir er um 25 m austan við íbúðarhúsið á Ægissíðu IV. Í túni.

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur voru notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."

"Skagahellir er í bæjarhólinum við Ægissíðu IV en hóllinn sjálfur heitir Skagi. Þetta er lítill hellir. Hvelving hans er regluleg en hellirinn virðist allmikið notaður og því slitinn. Hann hefur nú um nokkurt skeið staðið opinn, veggir mosagróið og ennfremur er forskálinn tekinn að sligast. Forskálinn er 3,4 m á lengd og hlaðinn úr torfi og grjóti að gömlum sið. Sperrur eru úr timbri en reft yfir með steinhellum og torfi. Ekki er neitt krot að sjá í hellinum. Um 20

63°50.255N 20°24.491V



cm frá gólfi er 40 cm þykkt jarðvegslag, mun mýkra en sandsteinninn sem hellirinn er annars höggvinn í, og hefur það mulist burt og skilið eftir syllu í vegginn, sem nær allt í kringum innsta hluta hellisins. Eitt innfall er á hellinum, 60 cm í þvermál, og er því lokað ofan frá með grjóthellu. Sandsteinninn er þar um 30 cm á þykkt. Í hellinum eru nýlegar tréstíur, tvískiptar svo sem sjá má á teikningu, og eru þær undan garðávöxtum. Á þriðja áratug 20. aldar var refabú á Ægissíðu og stóð það á Skaganum rétt við Skagahelli. Refafóðrið, sem aðallega var kjöt, var stundum geymt í hellinum og var þá hafður ís í honum til að fóðrir geymdist betur. Skagahellir er því í tölu gamalla íshúshella, en þeir voru allnokkrir."

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 159-160

RA-419:034 Fjárhellir hellir fjárskýli

63°49.762N 20°26.713V

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Alls voru 18 hellar á Ægissíðu áður fyrr. Fjárhellir er norðan til í svonefndum Hellishólum, um 1,5 km vestur frá bæjarhólum (001)

Grasi vaxnir hólur á annars sléttu og votlendu landi.

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs frikirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur vour notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."



"Hellishólar eru efsti hlutinn af mikilli sandsteinahólaröð sem teygir sig frá mýrunum vestur af Ægissíðu niður hjá Veteifsholti um eyðibýlin Hrút og Refshalakot og að Veteifsholtshelli í Safamýri, um 7 km leið í kynlega beinni línu. Hellirhólar rísa 6-8 m yfir mýrarnar í kring. Sá syðsti þeirra heitir Hellishóll. Þar eru tveir hellar. Annars þeirra er Fjárhellir. Hann er nú að fyllast af mold og mjög farinn að láta á sjá en hætt var að hafa kindur þarna árið 1972. Við innganginn sem snýt til vesturs hefur verið hlaðið hús eða andyri og reft yfir. Það er nú fallið svo vart verður komist inn í hellinn þeim megin frá. Að austan má skriða inn í hann um hálfvallna hlöðuna. Hellirinn er allstór, 21 m að lengd og 3-4 m á breidd og um 2 m á hæð þar sem hæst er en lækkar út í ekki enitt til hliðanna. Strompur er innarlega í loftinu. Þykkt fokmoldarlag er á gólfi og mikið tað undir. Í hellinum var hægt að hafa 140 kindur. Í honum miðjum var trégarði sem 100 kindur komust að og síðan var bætt við garða þar sem hann var breiðastur. Sá hluti var kallaður breiða gjögrið. Djúp hlöðutóft er í framhaldi hellisins. Samkvæmt frásögn Matthíasar Þórðarsonar gróf Jón Guðmundsson hana í hólinn árið 1899. Hún er hlaðin upp að hluta til úr sandsteinshnullungum og síðan reft yfir. Síðasta yfirbygging hlöðunnar hefur verið úr bárujárni, því þjóðlega byggingarefni. Hún er nú hálfvallin ofan í tóftina. Hrafnar hafa enn gagn af þessari byggingu og er laupur þar á syllu í vegg." Op hellisins er nú fallið saman en leifar forskálans eru þó nokkuð greinilegar. Uppi á hólum ná sjá leifar fjárréttar sem byggð var árið 1932. Austan við hellinn er hlöðutóft og má skriða þeim megin frá inn í hellinn. Hellirinn er nú hálfvallur af taði. Hlaðan er um 10x9 m á stærð, hlaðin úr grjóti að hluta, en að mestu höggvinn ofan í sandsteininn." Umhverfis hólana má sjá leifar túngarðs sem nær umhverfis svæði sem er um 200x100 m á stærð. Hleðsluhæðin er um 0,5 m



Hættumat: hættu, vegna hruns

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 161-162

RA-419:035 Lambahellar hellir óþekkt

63°50.108N 020°24.690V

ÁG: "Hellar manngerðir, fornir, 12 að tölu, við bæinn og í grendinni." Hellar eru grafnir inn í brekkuna sem liggur að Rangá, SV- við Ægissíðu í túnjaðrinum.


Í brekku í túnjaðri.

"Arngrímur Jónsson, sonur Jóns, hefur lýst áhuga föðurs síns á hellinum: "Er faðir minn kom að Ægissíðu var þar tvíbýli. Á austurjörðinni bjó Guðmundur Felixson og Ólafur faðir sr. Ólafs fríkirkjuprests. ... Ég vissi til þess að þeim sem á undan okkur vour notuðu hellana. Faðir minn var mjög áhugasamur um viðhald þeirra og sífellt var verið að grafa og lagfæra, svo nota mætti. Hann lét auðvitað okkur strákana gera það Við byggðum forskála úr torfi og grjóti fyrir þá flesta held ég. Dyrnar voru eins og hverjar aðrar hesthús- eða kofadyr í dag. Þær voru gerðar úr plönkum settar á sperrur og rafta. Stundum gerðar úr reka. ... Þessar dyr héldu illa og var alltaf verið að bæta þetta. Við stækkuðum líka götin og strompana og lagfærðum á þann hátt sem best var. Ég hef aldrei heyrt þess getið að hellarnir voru notaðir sem mannabústaðir."


"Lambahellar. Tveir samstæðir hellar eru grafnir inn í brekkuna sem liggur að Rangá vestan við Ægissíðu. Þar eru Ægissíðuhella nr. 9 og 10 í lýsingu Matthíasar Þórðarsonar. Gata liggur frá hellunum upp á túnið fyrir ofan brekkuna. Hér er um að ræða litin helli og hlöðu. ... Hlöðuhellirinn er höggvinn í hvelfingu 2,5 x 3,5 m², og 2,8 m hár við baggagat. Það er með 40-50 cm þykkum sandsteini og hálfhruninni hleðslu ofan á sem er 1,25 m þar sem hún er hæst. Baggagatið liggur rétt við túnfótinn og er góð hleðsla í og upphækkun úti. Göngunum, 2,7 m löngum, hallar inn í hlöðuna en gólf hennar er um 1 m lægra en jörðin úti fyrir. Þau eru 1,6-2,0 m há og með helluþaki. Axarför eru afar greinileg á veggjunum. Veggjaletur niður undir núverandi gólfi bendir til að þykkt moldarflag sé á hinu upprunalega gólfi. Hellirinn er hvað breiðastur efst á veggjum niður undan hvelfingunni en mjókkar svo niður. Af lýsingu Matthíasar Þórðarsonar má ráða að hellirinn hafi verið mun dýpri 1917. Fjárhellirinn er um 3,5 x 6,5 m², lægstur fram við dyr, 1.6 m, en hækkar í 1,8 m innst. Loftið er höggvið í fallegan boga og í neðri hluta veggjanna er höggvin hvelfing yfir jöturnar. Jötur eru með báðum veggjum, gerðar úr hellusteinum sem reistir hafa veið upp á rönd. Breidd jötnnar er 30 cm. Mjór strompur er á hellinum og upphækkun að honum úti fyrir. Sandsteinsþykkt í strompi er 1,7 m og 90 cm jarðvegur þar ofan á. Sandsteinþykkt í hellismunna er 30 cm. Hleðslur eru í fordyri en þak og hurð eru á bak og burt." Hellar þessir voru síðast notaðir 1962."

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 70; Manngerðir hellar, 144, 146, 161

Fornleifakort 1 fyrir Ægissíðu, RA-419



Fornleifakort 2 fyrir Ægissíðu, RA-419



RA-420 Rafntóptir

16 hdr 1709, með Steintóftum, heimajörðin 12 hdr. [Ketill hængr] kom skipi sínu í Rangárós ok var enn fyrsta vetr at Hrafnatóptum. Ketill nam oll lond milli Þjórsár ok Markarfljóts ... Þá er Ketill hafði fært flest fongsín til Hofs, varð Ingunn léttari ok fæddi þar Hrafn, er fyrst sagði log upp á Íslandi; því heitir þar at Hrafnatóptum." Landnámabók (S/H), ÍF I, 347.

[1270]: Nichulas kyrkia j odda. a ... ath hrafn toftum gelldingr. gamall. - DI II, 86-88 sbr. 1397 - DI IV, 71, 1480 - DI VI, 323.

Getið í landamerkjálýsingu Odda 23.2.1567 - DI XIV, 582, 582 sbr. áreið 30.8.1570 - DI XV, 433. 23.8.1694 fær Magnús Jónsson m.a. 7,5 hdr í Bjólu og Hrafnatóttir, 16 hdr, í arfaskiptum eftir föður sinn Jón Vigfússon biskup - Jarðabréf, 40. [1703] á Jón Vídalín Rafntóftir, 16 hdr, landskuld 1 hdr, 5 kúgildi - JÁM XIII, 60. "Sagt er þessi jörð muni eiga beit í Ægissíðu landi fyrir fje og hesta á vetur, og komi þar fyrir engja takmark í Hrafnatópta landi frá Ægissíðu, sem kallast Efri-Ægissíðuteigur. Annað engjapláts er sagt Garðastaða á Rángárvöllum eigi hjer og svari það nærri hinum teignum; hafi brúkað verið átölulaust, en bæði þessi ítök sjeu nú orðin að litlu gagni, því gras spretti hjer lítið." JÁM I, 372-373. Nú er þar tvíbýli.

1920: Tún 6,8 ha, sléttað 4 ha, garðar 1300 m²

RA-420:001 Rafntóptir bæjarhóll bústaður

63°48.060N 20°26.334V

"Nokkrum mílum fyrir austan Sandhólaferju eru Hrafnatóftir við Ytri-Rangá. ... Þar dvaldist Ketill hængur fyrsta vetur eftir komu sína til Íslands. Fékk staðurinn nafn eftir Hrafn syni Ketils, síðar lögsögumanni, er fæddist þar. Foss er í Rangá ofan við Hrafnatóftir. Er sagt að þar sé járnhringur í klettinum, þar sem Ketill hafi bundið skipt sitt

..." segir Kristian Kaalund í sögustaðalýsingu sinni. Fjós og hlaða standa nú á gamla bæjarstæðinu. Var grafið talsvert djúpt niður er hlaðan var byggð.

Í túni

Ekki sést til fornleifa. Til eru myndir af gamla bænum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1920, KK I, 155

RA-420:002 heimild um útihús

63°48.076N 20°26.578V

Samkvæmt túnakorti var útihús í túninu hjá Steintópt (RA-421), 40 m austan við hana. Eru hnit tekin samkvæmt því. Tún þetta tilheyrir nú Bjólu.

Í túni

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1920

RA-420:003 heimild um útihús

63°48.055N 20°26.558V

Samkvæmt túnakorti var útihús í túninu hjá Steintópt (RA-421), 40 m ASA við hana. Eru hnit tekin samkvæmt því. Tún þetta tilheyrir nú Bjólu.

Í túni

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-420:004 heimild um brú

63°48.277N 020°26.066V

"Gil eitt örstutt fellur í Rangá ofan við garð Hrafnatófta, það heitir Gunnugil og er brúað." segir í örnefnalýsingu. Gunnugil liggur meðfram austurjaðri heimatúnsins á Rafntóftum. Engin merki sjást um brúna og ekki er vitað hvar hún var.

Gil.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Bjóluhverfi, 2

RA-420:005 heimild um útihús

63°48.154N 020°26.338V

Samkvæmt túnakorti var útihús um 180 m NA af bænum. Eru hnit tekin samkvæmt því.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-420:006 Þvottaklettar heimild um þvottastað

63°48.060N 20°26.247V

"Byrjað er, þar sem tún jarðarinnar byrja, austur af efri bænum (tvíbýli er á jörðinni). Þar við ána eru nokkrir klettur, sem notaðir eru við skolun á þvotti, og heita því Þvottaklettur." segir í örnefnalýsingu. Rangá rann áður fyrir þétt upp við heimatún Rafntófta að sunnanverðu. Endar túnið þar í bröttum bakka og standa klettur þessi út úr honum að neðanverðu. Nú rennur áin 200-300 m sunnar.

Gamall árbakki í túnjaðri.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 2

RA-420:007 Bónaþúfa álagablettur legstaður

63°48.099N 20°26.225V

"Þar austur af (austan við veginn) Austurtún; í því er strýtumynduð þúfa, sem nefnd er Bónaþúfa, er hún kennd við einhvern bónda, sem á að vera grafinn þar. Þúfu þessi fylgja þau ummæli, að ekki má slá hana." "Sé þar út af brugðið, á að fara illa fyrir þeim, sem það gerir, eða ábúandanum. Stendur hún því jafnan óslegin." egir í örnefnalýsingu. Bónaþúfa er lítil en áberandi húlbunga um 150 m austur af bæ. Hafa menn ávalt farið eftir þeim

fyrirmælum að ekki megi slá hana.

Í túni

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnótóftir, 2

RA-420:008 *Fjárhústún* heimild um fjárhús

63°48.450N 20°25.725V

"Austur með ánni, nokkru innan við Þvottakletta, er undirlendi nokkurt, sem Fit nefnist. Norður af hinu forna Austurtúni, er nokkur lægð, og var hún nefnd Lágaból. Austur af Lágabóli stóðu fyrrum fjárhús, og var þar nefnt Fjárhústún." segir í örnefnalýsingu. Fjárhústún er um 500 m ANA af bæ. Þar stendur nú steinsteypt hlaða.

Ræktað tún

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnótóftir, 2

RA-420:009 *Kvíaból* heimild um kvíar

63°48.400N 020°25.630V

"Austur með ánni, nokkru innan við Þvottakletta, er undirlendi nokkurt, sem Fit nefnist. Norður af hinu forna Austurtúni, er nokkur lægð, og var hún nefnd Lágaból. Austur af Lágabóli stóðu fyrrum fjárhús, og var þar nefnt Fjárhústún. Þar niður við ána var kvíastæði og hét Kvíaból." segir í örnefnalýsingu. Kvíaból mun vera við suðurjaðar Fjárhústúns, skammt frá árbakkanum.

Í túnjaðri.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnótóftir, 2

RA-420:010 *Stekkjartún* heimild um stekk

63°48.372N 020°25.833V

"Þar áfram með ánni [frá Stóragili] er sléttur völlum, sem kallaður er Stekkjartún. Mun þar hafa verið stekkur fyrr, eins og nafnið bendir til." Segir í örnefnalýsingu. Staðsetning óljós. Svonefnt Gunnugil liggur meðfram austurjaðri heimatúnsins (sjá 004). Því næst tekur við svo neft Stekkjartún og liggur Stóragil meðfram austurjaðri þess. Ekki sjást ummerki eftir stekk þann sem túnið heitir eftir. Eru hnit tekin út við Stóragil.

Ræktað tún.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnótóftir, 2

RA-420:011 *Rimahús* heimild um fjárhús

63°48.379N 020°25.874V

"Þar norður af [010] eru rimar, á þeim standa fjárhús, sem kölluð eru Rimahús." segir í örnefnalýsingu. Hér er staðsetning óljós að öðru leyti en því sem kemur fram í lýsingu örnefnaskrár. Eru hnit tekin samkvæmt því í kartöfluskák sem er rétt norðan við veginn, norður af 010. Þar fyrir norðan er svæði þar sem stunduð er trjárækt.

Kartöfluskák, Trjárækt.

Ekki sést til fornleifa.

Heimildir: Ö-Hrafnótóftir, 2

RA-420:012 *Fossflataþúfa* varða landamerki

63°49.025N 20°25.169V

"Á þessum flötum [Fossflötum við Ægissíðufoss] er allmikil, upphlaðin þúfa, sem nefnist Fossflataþúfa. Þar eru hin fornu mörk milli Hrafnótófta og Ægisíðu." segir í örnefnalýsingu. Skammt fyrir neðan Ægissíðufoss eru sléttar og grasi vaxnar flatir sem nefnast Fossflatir. Þar skammt frá háum árbakkanum (um 30 m austur af honum) er dálítill hóll og á honum það óljósar leifar vörðu. Núverandi landamerki Rafntófta og Ægissíðu liggja talsvert sunnar. Vallendi.

Greinilegar hleðsluleifar, um 1x1 m að stærð en mikið signar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafnótóftir, 3

RA-420:013 *Mýrarhús/Sauðahús* tóft fjárhús

"Mýri sú, er liggur þaðan [frá Smárimum] og heima til túns, er nokkru hærra norðan til og heitir þar Brún, en mýrin sunnan til er nefnd Lágamýri. Á þessu svæði er fátt um nefnda staði. Þar eru tæftur eða rústir, sem eru eftir fjárhús, sem kölluð voru Mýrarhús; einnig eru þar fjárhús, sem kölluð eru Sauðahús." segir í örnefnalýsingu. Mýri þessi hefur nú verið þurrkuð upp og eru þar nú mikil tún. Eru þau um 500 m NA af bæ og ná út að landamerkjum á móti Ægissíðu. Öll merki um Mýrahús og Sauðahús hafa verið afmáð þegar mýrin var gerð að túni og er ekki vitað hvar í því þau voru. Þá eru túnin það stór að lítið hefði verið unnið með því að taka GPS-hnit þar, þar sem staðsetning fjárhúsana var það óljós.

Ræktuð tún

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 3

RA-420:014 *Eyjarvað* heimild um vað

"Fjórir hólmar eru í ánni, vestan við eyna ... eru þrír hinir fremstu kallaðir Litluhólmar og sá efsti Stórhólmi. Er hann efst við eyjartagl, þar sem farið er út í eyna, og kallað er Eyjavað." segir í örnefnalýsingu. Í bók sinni Gamlar götur og goðavald talar Helgi Þorláksson um að þjóðleiðin hafi legið yfir Ytri-Rangá við Breiðabakka og hafi vaði verið nefnt Breiðabakkavað. Sýnir hann staðsetningu þess á korti og samkvæmt því er hér um að ræða sama vað og nefnist Eyjarvað. Er það efst (austast.) við Hrafnatóftaey um 1400 m VSV frá Hrafnatóftum.

Grasi gróinn árbakki.

Að sögn Óskars í Bjóluhjáleigu er þarna um að ræða eina mögulega staðinn þar sem hægt er að vaða út í eyjuna á þessum slóðum því annars sé áin fremur djúp. Segir hann að grynningar hafi myndast annarsstaðar, en þetta vað sé það eina sem hafi haldist stöðugt.

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 5

RA-420:015 *Móagarður* gerði kálgarður

63°49.075N 20°26.408V

"Í túninu er laut, sem nær yfir það þvert; ofan við laut þessa, nálægt veginum, mótar fyrir gömlu garðstæði, var sá garður kallaður Móagarður." segir í örnefnalýsingu. Lautin er um 100 m norðan bæjarhólsins og norðan þjóðveggar. Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 3

RA-420:016 *Lambhússkák* örnefni lambhús

"Í túninu er laut, sem nær yfir það þvert; ofan við laut þessa, nálægt veginum, mótar fyrir gömlu garðstæði, var sá garður kallaður Móagarður. Þar vestur af hét Steinstóftarmói (eru nú sléttar túnflatar). Við veginn sunnan við áðurnefnda laut heitir Lambhússkák." segir í örnefnalýsingu. Lautin sem nefnd er hér að framan er um 100 m norðan bæjarhólsins og norðan þjóðveggar (sjá 015). Er Lambhússkák á milli lautarinnar og þjóðveggarins. Fær hún sömu hnit og 015.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 3

RA-420:017 *Fornufjós* heimild um fjós

63°48.058N 20°26.427V

"Hólbunga liggur þar suður af [RA-421], og er það gamalt fjósstæði, kallað Fornufjós." segir í örnefnalýsingu. Hólbunga þessi var um 50 m norðvestur af bænum. Liggur þjóðvegurinn nú á þessum stað og var hólnum ýtt niður þegar hann var gerður.

Í túni, undir þjóðvegi

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hrafnatóftir, 4

RA-420:018 *Hólagarður* gerði kálgarður

63°48.058N 20°26.427V

"Hólbunga liggur þar suður af [RA-421], og er það gamalt fjósstæði, kallað Fornufjós. Seinna var þarna kálgarður, sem kallaður var Hólagarður." segir í örnefnalýsingu. Hólbunga þessi var um 50 m norðvestur af bænum. Liggur

Þjóðvegurinn nú á þessum stað og var hólnum ýtt niður þegar hann var gerður. Ekki er vitað hvort kálgarðurinn var á fjósstæðinu eða aðeins nálægt því.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hrafnstöftir, 4

RA-420:019 *Bensahöll* heimild um bústað

63°48.128N 20°26.721V

"Þar vestur af [RA-421] rétt við Bjólumörk, er nokkur bunga. Er hún menjar frá þeim tíma, er umrenningur nokkur byggðir sér þar skjól, ef nefnt var Bensahöll eða öðru nafni Marz (byggt í marz); var þetta hreysi byggt úr mýrarhnausum." segir í örnefnalýsingu. Bústaður þessi var gerður á 20. öld. Hann um 50 m norðvestur frá Steintópt (RA-421) og er dálítill hóll þar sem kofinn var.

Í túni

Ekki sést til fornleifa, en dálítill hóll er þar sem kofinn var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnstöftir, 4

RA-420:020 heimild um ferju

"Ferja var höfð á ánni frá Bjólu um 1840 og heimildarmenn segja að bátur hafi verið hafður á ánni frá Hrafnstöttum fram á þessa öld. - Rafn Þorsteinsson á Hrafnstöttum segir að faðir sinn hafi haft bát á ánni og stundað flutninga og þetta hafi bændur á Hrafnstöttum gert, mann fram af manni. Þegar brú kom á ána árið 1912, dró úr flutningum og fyrir þá tók á bílaöld, um 1935. Flutningurinn kostaði eina krónu og var farið á ferjunni yfir ána að heiman frá bænum á Hrafnstöttum." Ekki er vitað hvar ferjan lá við Hrafnstöftir, en á þeim tíma sem hún var og hét þá rann Ytri-Rangá þétt upp við heimatúnið.

Grasi gróinn árbakki.

Ekki sést til fornleifa.

Heimildir: Helgi Þorláksson: Gamlar götur og goðavald, 58

RA-421 Steintópt

4 hdr 1709, hjáleiga Rafntófta.

RA-421:001 *Steintópt* bæjarhóll býli

63°48.080N 20°26.45V

"Í túninu er laut, sem nær yfir það þvert; ofan við laut þessa, nálægt veginum, mótar fyrir gömlu garðstæði, var sá garður kallaður Móagarður. Þar vestur af hét Steinstóftarmói (eru nú sléttar túnflatir). ... Þar norður af er tún, kallað Steinstóftartún, er það kennt við býli sem þar stóð og Steintóft hét (mun býlið hafa farið í eyði um eða eftir miðja 19. öld)." segir í örnefnalýsingu. Steintópt var um 300 m VNV af bæjarhólum á Hrafnstöftum og um 200 m austur af Bjólu (RA-422). Túnið sem Steintópt stóð í tilheyrir nú Bjólu.

Í túni

Ekki sést til fornleifa utan þess að nokkuð áberandi hóll er í túninu þar sem býlið stóð, og er hann um 20x20 m að stærð og um 1-1,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnstöftir, 3, 4

RA-421:002 *Pálskofi* heimild um fjárhús

63°48.102N 020°26.576V

"Norðan til á þessu túni er hóll, þar var til skamms tíma kindakofi, sem Pálskofi var kallaður." segir í örnefnalýsingu. Staðsetning er óljós að öðru leyti en því sem kemur fram í örnefnalýsingu. Eru hnit tekin samkvæmt henni á dálitlum hól norðarlega í túninu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Hóllinn er um 14x10 m á stærð og um 0,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnstöftir, 4

RA-422 Bjóla

20 hdr 1709. Fyrst getið í vitnisburði um landamerki Odda 23.2.1567 – þar er miðað við bæjardyrnar í Bjólu – DI XIV, 582 sbr. áreið 30.8.1570 – DI XV, 433. 1.7.1647 selur sr. Halldór Teitsson tvo parta í Bjólu í Oddastaðakirkjusókn fyrir 13 hdr 40 álnir Guðrúnu Jónsdóttur, konu Magnúsar Þorsteinssonar – Jarðabréf, 124. 23.8.1694 fær Magnús Jónsson m.a. 7,5 hdr í Bjólu og Hrafnóttr, 16 hdr, í arfaskiptum eftir föður sinn Jón Vigfússon biskup – Jarðabréf, 40. Tvíbyli nú.
1920: Tún 5,7 ha, sléttað 2,5 ha, garðar 3400 m²

RA-422:001 Bjóla bæjarhóll bústaður

63°48.061N 20°26.945V

Tvö íbúðarhús standa nú á bæjarhólnum. Var það vestara byggt árið 1907 en það austara árið 1954. Auk þeirra er þar skemma, upphaflega byggð sem fjós. Handgrafnir kjallarar eru undir báðum íbúðarhúsum. Einnig stóð hlaða sunnan við skemmuna/fjósið, sem nú er horfin. Norður af íbúðarhúsum var einnig heygarður. Til stendur að rífa vestara íbúðarhúsið.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Bæjarhóll er allstór, um 60x70 m að stærð. Það skal tekið fram að erfitt er að átta sig á mörkum hinnar náttúrulegu hæðar sem bærinn stendur á og hins eiginlega bæjarhóls. Þó má giska á að bæjarhóllinn sé um 1,5-2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-422:002 heimild um útihús

63°48.225N 20°27.040V

Nákvæm staðsetning er óljós að öðru leyti en því sem kemur fram á túnakorti, en þar er þetta útihús sýnt um 100 m NNV af bæjarhólnum. Eru GPS-hnit tekin samkvæmt því.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-422:003 heimild um útihús

63°48.225N 20°27.040V

Nákvæm staðsetning er óljós að öðru leyti en því sem kemur fram á túnakorti, en þar er þetta útihús sýnt um 6 m frá útihúsi 002. Eru því sömu GPS-hnit látin gilda hér.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-422:004 Gerði heimild um útihús

63°48.135N 20°27.208V

Fjárhús sem nefndust Gerði og voru um 250 m norðvestur af bæjarhólnum. Þar sáust tóftir um miðja 20. öld.

Óslétt tún.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-422:005 heimild um útihús

63°48.061N 20°26.945V

Samkvæmt túnakorti var útihús á bæjarhólnum um 5 m vestur af SV horni bæjarins. Fær það sömu GPS-hnit og bæjarhóllinn.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-422:006 heimild um fjárhús

63°48.738N 20°27.153V

"Allangt vestur af Fúladal er holt eitt langt og mjótt í Hagamýrinni og heitir Þorgeirsholt. Þar voru fjárhús

Bjólubænda. Talið var reimt þar fyrir á tímum, en holtsbúi þó frekar vinveittur bændum." segir í örnefnalýsingu. Þorgeirsholt er um 700 m norður af bæ. Þar stendur enn fjárhús, en þó úr bárujárnri. Liggur akvegur frá Bjólu að holtinu.

Grasi gróið holt, umkringgt ræktuðum túnum

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjóluhverfi, 2

RA-422:007 *Snorrastekkur* heimild um stekk

"Heiman við Hestalæk, rétt vestan við Þorgeirsholt, stóð Snorrastekkur á rimateygingum, að því er gamlir menn töldu." segir í örnefnalýsingu. Hér fannst ekki heimildamaður sem gat staðsett stekkin. Þá er það við lýsingu örnefnaskrár að athuga, að Hestalækur rennur ekki nálægt Þorgeirsholti og því er hæpið að stekkurinn geti hafa verið "heiman við Hestalæk" og "rétt vestan við Þorgeirsholt." Eru hnit tekin um 100 m vestan við holtið.

Svæðið í kringum Þorgeirsholt hefur tekið talsverðum breytingum frá því sem áður var sökum umfangsmikillar túnræktunar. Má því gera því skóna að mögulegar fornleifar á svæðinu hafi orðið túnsléttun að bráð.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjóluhverfi, 2

RA-422:008 *Mýrarskurður* renna áveita

"Neðan við [túnin] er upphaf Flóðakeldu, sem lá alla leið á mótum Hagamýrar og Safamýrar vestur í Frakkavatn. Upp úr síðustu aldamótum var grafinn skurður mikill eftir henni, og er mönnum síðan tamara að tala um Mýrarskurð en Flóðakeldu, svo það nafn mun nálega fyrnt." segir í örnefnalýsingu. Mýrarskurður liggur vestan við túnið á Bjólujáleigu og nær út í Rangá. Þar sem gamli þjóðvegurinn liggur yfir skurðinn er steyp brú með flóðgáttum. Sést þetta vel frá núverandi þjóðvegi. Er skurðurinn einnig kallaður Brúarskurður.

Skurðurinn liggur um land með ræktuðum túnum þar sem áður var mýri.

Skurðurinn er umtalsvert mannvirki og er breidd hans um 10 m.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Bjóluhverfi, 3

63°47.803N 20°26.974V



RA-422:009 *hleðsla varnargarður*

63°47.768N 20°26.949V

"Neðan við bæina eru svonefndir Balar og ná fram að Bjóluósum heimri. Þar braut Rangá skarð í bakka sína og flæddi vestur yfir Safamýri. ... Ósar þessir voru tepptir og grjóti klædd hleðslan, og hefur ekki haggast síðan. Áveituskurður er nú á þessum slóðum." segir í örnefnalýsingu. Fyrirhleðsla er við mynni Mýrarskurðar 008.

Árbakki. Þar eru einnig miklar eyrar.

Við mynni skurðarins má vel greina þessa fyrirhleðslu þótt nú sé talsvert gróið yfir grjótið.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Bjóluhverfi, 3

RA-422:010 *Djúpsstífla* hleðsla varnargarður

63°47.489N 20°29.906V

"Rangá braut tvö skörð í bakka sína fram undir Djúpós, og nefndust þar Bjóluósar fremri. Var hlaðið í þá nálega á vori hverju á árunum 1900-1918 eða lengur, því alltaf rifu þeir úr sér, unz teppt var með mýrarkekkjum og grjóti." segir í örnefnalýsingu. Víða má sjá hleðslur meðfram árbakkanum á þessum slóðum. Mikilfenglegust af þeim er Djúpósstífla sem hlaðin var árið 1923 og er í landi Bjólujáleigu.



Árbakki.

Djúpósstífla er um 340 m á lengd og um 15 m breið.

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Bjóluhverfi, 4

RA-422:011 hellir fjárhús

"Á Bjólu er forn fjárhellir fjarri bæ, í svonefndu Þorgeirsholti. Hann er nú opinn í báða enda og líklega kominn nærri falli." Manngerðir hellar, 142-143. Þorgeirsholt er um 700 m norður af Bjólu og liggur akvegur þangað. Þar hafa lengi verið fjárhús Bjólubænda (006). Er hellirinn um 20 m vestur af fjárhúsunum. Grasigróið holt, umkringgt ræktuðum túnum.

Hellirinn er nú nánast uppfullur af taði svo erfitt er að fara inn í hann. Nyrðra op hans er þó greinilegt. Er það um 7 m á breidd. Búið er að fylla upp í syðra opið þar sem það var talið hættulegt skepnum. Um 2 m suður af norðuropinu er strompur hellissins.

Hættumat: hætta, vegna hruns

Heimildir: Manngerðir hellar, 144

63°48.738N 20°27.153V



RA-422:012 þjóðsaga legstaður


Þúst er um 20 m norðvestur af gömlum útihúsum serm eru um 40 m norðvestan við bæjarhólinn. Er landnámsmaðurinn Helgi Bjóla talinn vera heigður þar.

Í túni


Þústinn minnir á leifar af fornu garðlagi og er hún um 15x3 að stærð og um 0.3 m á hæð. Liggur hún A-V.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

63°48.090N 20°27.052V



Fornleifakort 2 fyrir Bjólu, RA-422



RA-423 Bjóluhjáleiga

Þriðjungur býlisins 1709, hjáleiga Bjólu.

1920: Tún 2,2 ha, sléttað 1 ha, garðar 1200 m²

RA-423:001 *Bóluhjáleiga* bæjarhóll bústaður

63°48.024N 20°27.124V

Gamli bærinn stóð um 20 m ANA af núverandi íbúðarhúsi. Var "gamli bærinn" sem hér um ræðir byggður árið 1901 og er hann sýndur á túnakorti frá 1920.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Til er teikning af ennþá eldri bæ, þ.e.a.s. torfbæ en ekki er vitað hvar hann mun hafa staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:002 heimild um útihús

63°48.008N 20°27.182V

Landslag þetta myndaðist af því, að á þessum árum og áður fór Ytri-Rangá stundum í frostavetrum undir gaddaskorpuna, lyfti henni upp og sprengdi sér útrás mörgum föðmum frá árfarveginum. Einn veturinn kom hún upp í hesthúsi, sem stóð neðst í túnjaðrinum í Bjóluhjáleigu, um 350 m frá ánni." segir í örnefnalýsingu. Var þetta hesthús á svonefndum Kvíahól sem er örskammt vestan við bílskúr sem stendur fast vestan við núverandi íbúðarhús. Er þetta lítill hóll, flatur að ofan.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Bjóluhjáleiga, 2

RA-423:003 heimild um útihús

63°48.008N 20°27.182V

Önnur útihús voru á Kvíahól sem er örskammt vestan við bílskúr sem stendur fast vestan við núverandi íbúðarhús. Er þetta lítill hóll, flatur að ofan. Samkvæmt túnakorti frá 1920 virðast þessi útihús hafa staðið um 5 m vestan við 002

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:004 heimild um útihús

63°48.030N 20°27.149V

Útihús var á sama stað og nú stendur eldra fjósið í Bjóluhjáleigu, um 20 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:005 heimild um útihús

63°48.030N 20°27.149V

Samkvæmt túnakorti var útihús um 5 m norður af 004. Fær það sömu GPS-hnit og 004.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:006 heimild um útihús

63°48.072N 020°27.143V

Hér er staðsetning óljós að öðru leyti en því sem kemur fram á túnakorti, en þar eru sýnd tvö útihús(006 og 007), um 80 m norður af bænum. Fá þessi útihús sömu GPS-hnit sökum nálægðar við hvert annað.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:007 heimild um útihús

63°48.072N 020°27.143V

Hér er staðsetning óljós að öðru leyti en því sem kemur fram á túnakorti, en þar eru sýnd tvö útihús(006 og 007) um 80 m norður af bænum. Fá þessi útihús sömu GPS-hnit sökum nálægðar við hvert annað.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:008 Gerði heimild um fjárhús

63°48.124N 20°27.258V

"Milli [Stóra- og Litlagils] var Torfrimi. Hann bar nafn af því, að þar var heytorfið þurrkað, meðan á því þurfti að halda. Fyrir aldamót var þar byggt fjárhús og heygardur. Nokkru seinna var riminn sléttadur. Eftir það breyttist nafnið, og túnið var nefnt Gerði." segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsið var nyrst í túninu, um 250 m frá bænum.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa, en dældir eru í túninu á þessu svæði sem benda til þess hvar húsið hefur staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:009 heimild um útihús

63°48.099N 20°27.109V

Um 50 m ANA af fjóshlöðunni og við landamerkjagirðinguna á móti Bjólu, er moldarflag þar sem útihús var samkvæmt túnakorti.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa á þessum stað að öðru leyti en því að víða í flaginu má sjá grjót gægjast upp úr sverðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-423:010 Gapi heimild um fjárhús

63°48.125N 20°28.656V

"Fyrir vestan Hestalæk sunnanverðan, rétt vestur við mörk, voru sauðahús frá Bjóluhjáleigu og nefndust Gapi." segir í örnefnalýsingu Bjóluhverfis. "Húsin voru tvö og stóðu með litlu millibili á aðeins örlitlu rimabroti...1884-85 var sauðahús fyrir 60-65 sauði byggt þar. Nokkrum árum seinna var annað hús fyrri um 40 kindur byggt þar. Bæði þessi hús voru rifin á árunum 1900-1910. Þar sem þau stóðu, er ofurlítill þurrlendisflöt núna... Í norðvestur, um 650 m frá Holtinu, er Gapi." segir í örnefnalýsingu Bjóluhjáleigu. Gapi er um 1,7 km VNV frá bæ.

Grasi gróinn og þýfður blettur sem liggur nokkuð hærra en mýrin umhverfis.

Riminn, en svo eru grasblettir kallaðir sem rísa upp úr landslaginu í kring, er um 53x26 m að stærð. Á honum má víða sjást glitta í hleðslugrjót og einnig eru á honum þúfnahnappar sem gætu verið mannvirkjaleifar. Hefur hrossum verið beitt á mýrina sem riminn er í og nota þau hann til þess að velta sér á. Er hann af því orðinn hálfgerð moldarflag.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjóluhverfi, 2; Ö-Bjóluhjáleiga, 7

RA-423:011 Eystraskýli garðlag fjárskýli

"Spölkorn vestur í mýrarbrúninni ofan við kelduna er Eystraskýli. Dálítið vestar, á landamörkum Bóluhjáleigu og Rifshalakots, er Brúnarholtið. Uppi í mýrarbrúninni, aðeins vestan við mörkin, er Ytraskýli. Skýli þessi eru gamlir og fallnir skjólgarðar." segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning Eystraskýlis er talsvert óljós og gat heimildamaður einungis bennt á talsvert stórt svæði þar sem hann taldi að skýlið hafi mögulega verið. Sökum stærðar svæðissins sem um er að ræða, þá þótti lítið unnið með því að taka GPS-hnit af Eystraskýli. Þrátt fyrir það er svæðið merkt inn á kort.

Mýrlendi.

"Þeir voru ýmist eitt eða fjögur horn, garður hlaðinn í kross. Skjólgarðar höfðu verið hlaðnir úti í haganum til skjóls fyrir hross að standa undir í illviðrum." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Bjóluhjáleiga, 6-7

RA-423:012 heimild um rétt

63°47.968N 20°27.919V

"Um 400 m frá Hólnum [022] er Holtið. Þangað var ánum smalað um sauðburðinn. Þar var fjárrétt, og lömbum stíað og færð frá." segir í örnefnalýsingu. Holtið er um 400 m vestur frá 022. Þar standa nú fjárhús sem byggð voru árið 1950 sbr. 020..

Dálítið holt í ósléttu túni.

Ekki sést til fornleifa.

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 6

RA-423:013 *Gamligarður* gerði heygarður

63°48.079N 20°27.175V

"Norðan við bæinn er flatur hóll. Þar hefur einhvern tíma verið heygarður, það er Gamligarður." segir í örnefnalýsingu. Hóll þessi var þar sem nú er hlaða við nýja fjósið, um 100 m norður af núverandi íbúðarhúsi. Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 3

RA-423:014 *Kvíahóll* heimild um kvíar

63°48.008N 20°27.182V

"Vestan við bæinn er Vesturtúnið. Norður af því er Kvíahóll. Þar voru kvíarnar, og ærnar mjólkaðar þangað til að farið var að nota færigrindur." Segir í örnefnalýsingu. Kvíahóll er örskammt vestan við bílskúr sem stendur fast vestan við núverandi íbúðarhús. Hann er lítill hóll, flatur að ofan.

Í túni.

Ekki sést til þeirra kvía sem nefndar eru í örnefnalýsingu, en á hólnum er gamall brunnur sem grafinn var niður á fast. Þótti vatnið nokkuð gott úr honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 3

RA-423:015 renna áveita

63°48.027N 20°27.095V

"Milli bæjanna var mýrarsund, Sundið. Árið 1884 eða '85 var skurður grafinn í það um 50 m austan við bæinn (Bjólujáleigu). Mun það hafa verið fyrsti skurðurinn, sem grafinn var þar í kring, enda þá mikið umtalaður sem tálgrýfja fyrir alla gripi." segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn er um 20 m austan við gamla bæjarstæðið.

Í túni.

Skurðurinn er um 140 m langur og mest um 2 m breiður. Liggur hann N-S.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 3

RA-423:016 renna áveita

63°48.127N 20°27.294V

"Um 100 m vestan við Litlagil var annað gil, Stóragil. Í því var síkið. ... Skurður var grafinn í Stóragil rétt fyrir aldamótin." segir í örnefnalýsingu. 40-50 m norðan við nýja fjósið er svonefnt Litlagil en í því er nú einnig áveituskurður. Norðan við Litlagil er svo túnblettur sem nefnist Gerði (sjá 008). Meðfram norðurjaðri Gerðistúnsins liggur svo Stóragil en í því er hinn gamli áveiturskurður.

Í gili í túnjaðri.

Skurðurinn er um 7 m breiður og liggur eftir nánast öllu gílinu. Liggur hann ANA-VSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 3

RA-423:017 *Torfrimi* örnefni rista

63°48.124N 20°27.258V

"Milli [Stóra- og Litlagils] var Torfrimi. Hann bar nafn af því, að þar var heytorfið þurrkað, meðan á því þurfti að halda." segir í örnefnalýsingu. Er þetta túnbletturinn sem seinna var nefndur Gerði og fjárhús 008 stóðu á. Sjá einnig 016.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 3-4

RA-423:018 *Gömluhlöð* heimild um brú

"Skammt ofar með [Hestalæk] eru Gömluhlöð, brúarhlað frá löngu liðnum tíma." segir í örnefnalýsingu. Hestalækur breytir oft um farveg og er ekki vitað hvar Gömluhlöð voru.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna vatnsaga

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 6

RA-423:019 heimild um brú

63°47.990N 20°27.143V

"Heimreiðin var yfir tvo brúarspotta, Kelduna." segir í örnefnalýsingu. Tvær keldur voru 30-40 m suður af núverandi íbúðarhúsi. Er nú búið að fylla uppí þær báðar og var grafinn skurður nokkrum metrum sunnan við þá nyrðri.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 4

RA-423:020 heimild um fjárhús

63°47.968N 20°27.919V

"Um 400 m frá Hólnum (022) er Holtið. Þangað var ánum smalað um sauðburðinn. Þar var fjárrétt, og lömbum stíað og færð frá. Tvö fjárhús voru þar fyrir einsvetra sauði og þá rýrustu tveggjavetra." segir í örnefnalýsingu. Holtið er um 400 m vestur frá 022. Þar standa nú fjárhús sem byggð voru árið 1950. Í holtinu norðan við fjárhúsin er stór hellir sem kom í ljós fyrir allmörgum árum síðan. Var honum fljótlega lokað aftur.

Dálítið holt í ósléttu túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 6

RA-423:021 *Stöðullinn* heimild um kvíar

63°47.990N 20°27.143V

"Heimreiðin var yfir tvo brúarspotta, Kelduna. Milli þeirra var Stöðullinn. Þar voru kýr mjólkaðar á sumrin." segir í örnefnalýsingu. Tvær keldur voru 30-40 m suður af núverandi íbúðarhúsi. Er nú búið að fylla uppí þær báðar og var grafinn skurður nokkrum metrum sunnan við þá nyrðri. Miðað við lýsingu örnefnaskrár þá virðist Stöðullinn hafa verið á svipuðum slóðum og skurðurinn er nú.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 4

RA-423:022 heimild um fjárhús

63°48.052N 20°27.518V

"Vestan við bæinn og Stóragil, niður við kelduna, er Keldurimi. Upp af honum, um 300 m frá bænum, er Hóllinn. Þar voru hús fyrri rúmar 100 ær og heykuml." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er í ræktuðu túni, um 300 m vestur af bænum.


Flöt og aflíðandi hæð eða hól í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa, en er túnið var sléttað kom upp hleðslugrjót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bjólujáleiga, 6

Fornleifakort fyrir Bjóluhjáleigu, RA-423



6. kafli Fornleifar og byggð í Djúpárhreppi

Djúpárhreppur nær yfir strandlengjuna milli Þjórsár og Hólsár og upp með Hólsá að vestan, og er því eins og öngull í laginu. Hjá Ægissíðu er landið hæðótt en að öðru leyti er það flatneskja alveg niður að sjó, og má skipta svæðinu í fjögur landfræðileg belti. Efst eru þurrir móar með holtum og ná þeir niður undir Bjóluhverfi og Sandhólaferju. Þar fyrir sunnan tekur við 6-8 km breitt mýrlendi, marflatt með tjörnum og vötnum. Þetta svæði er sundurskorið af gömlum árfarvegum, sem hafa verið stíflaðir en hafa skilið eftir aura. Fyrir sunnan þessar mýrar er 1-2 km breið ræma þar sem landið er ívið hærra og þar eru tún og bæjarstæði Þykkvabæjar og Háfshverfis. Þar fyrir neðan er sandur allt til sjávar, sumsstaðar meira en 2 km breiður. Á milli túnanna og sandsins var áður árfarvegur, gljá, en hann er nú að mestu gróinn fyrir neðan Þykkvabæ en fyrir neðan Háfshverfi er Háfsgljá full með vatni úr Kálfalæk og skurðum í mýrunum fyrir ofan byggðina. Jarðvegur er á þessu svæði öllu mjög óstöðugur, rúmlega metra þykkt moldarlag ofan á allt að 50 m þykkum sandi sem aftur hvílir á móbergsklöpp. Það er því engin fyrirstaða gegn ágangi vatna sem mjög hafa breytt landslagi í Djúpárhreppi undnafarnar aldir. Engum sögum fer af landslagsbreytingum á svæðinu á miðöldum og fram á 17. öld. Þá voru tvö vötn ofan við byggðina, Bæjarvatn og Fiskivatn, og getið er um mýrar sem beitoland í Þykkvabæ um 1600 – þær hafa væntanlega verið fyrir ofan byggðina þó ekki sé það fullvíst. Þögn heimilda má ekki taka sem vitnisburð um að ekkert hafi gerst – vel má vera að árfarvegir hafi breyst, vötn horfið og myndast, sandar gengið á gróið land og gróður myndast á söndum án þess að þess sjái stað í heimildum eða á annan hátt. Miðað við hinar miklu breytingar sem orðið hafa síðastliðin 200 ár virðist ólíklegt að allt hafi verið með kyrrum kjörum næstu 900 árin þar á undan, en um það verður því miður lítið sagt að svo stöddu. Fyrsta vísbendingin um breytingar er frá lokum 17. aldar en þá virðist útfall Hólsár hafa stíflast og stór ós myndast milli fjöru og byggðar. Þetta hafði í för með sér að útgerð dróst mjög saman frá Þykkvabæ en líka gæti verið að Hólsá hafi þá þegar tekið að brjóta bakka sína. Frá því á 16. öld virðist Markarfljót öðru hvoru hafa hlaupið í Þverá og gerðist það æ oftar eftir því sem leið á 18. öld. Með því stórjókst vatnsmagnið í Hólsá og hún tók að brjóta æ meira af bökkum sínum. Þeir eru lágir og er elítill sem enginn hæðarmismunur á þeim og mýrunum inni í landi. Laust eftir 1800 braust Hólsá endnalega inn á mýrarnar ofan við Þykkvabæ og myndaði Djúpós, árfarveg sem lá þvert í vestur frá ármótum Þverár og Rangár ytri og út í Þjórsá ofan við Háfshverfi. Með þessum hætti voru Þykkvibær og

Háfshverfi umflotin vatni á alla vegu – og einnig aðskildar hver frá annari af árfarvegi – þannig að hverfin urðu einskonar eyjar í miðjum vatnsflaumnum. Djúpós fylgdu mikil landspjöll þar sem hann skolaði burtu grónu landi eða færði það á kaf í vatn og aur, en hann olli líka gerbreytingu á gróðurfari á svæðinu með því að bera næringarefni á flatar mýrarnar sem áður höfðu verið gróðurýrar eftir því sem best verður séð. Þá varð til Safamýri norðan við ósinn, eitt stærsta og gjöfulasta stararengi sem sögur fara af á Íslandi. Helmingur Safamýrar tilheyrði Vetleifsholtshverfi en hinn hlutinn Þykkvabæ og Bjóluhverfi. Landspjöllinn sem Þykkvabæingar urðu að þola af völdum Djúpóss voru því að nokkru leyti bætt upp með nálega óþrjótandi heyfeng, og virðast þessar aðstæður hafa ráðið mestu um aukningu byggðar í Þykkvabæ og Háfshverfi á 19. öld. Fleiri ósar brutu land Þykkvabæinga og runnur sumir þeirra þvert í gegnum þorpið en flestir þeirra voru stíflaðir á 19. öld. Djúpós sjálfur var hinsvegar ekki stíflaður fyrr en 1922, þá voru vötnin Bæjarvatn og Fiskivatn horfin, og í kjölfarið hófust umfangsmiklar framræslu og áveituframkvæmdir í mýrunum og hinum gömlu árfarvegum norðan við Þykkvabæ. Þar er nú gríðarlegt samfelld ræktunarland sem að stórum hluta liggur undir kartöflurækt.

Ósarnir sem brutust í gegnum byggðina í Þykkvabæ á 19. öld hafa eflaust hrifið burtu gömul bæjar- og hússtæði, en mest landbrot í byggðinni sjálfri hefur verið austast, á bökkum Hólsár. Þar voru í byrjun 18. aldar nokkrir bæir sem flestir fóru í eyði seinna á öldinni, sá síðasti 1825, án efa vegna landbrots. Þessi bæjarstæði voru friðlýst 1927 en eru nú horfin í ána. Ekki er vitað um nein bæjarstæði sem horfið hafa í Þjórsá en þar hefur þó mikið landbrot átt sér stað og eru sögusagnir um að bæjarstæði Sandhólaferju hafi verið fært vegna þess. Þjórsá hefur skafið bort stór landflæmi norðan og sunnan við Ferjuhamar, allt að kílómetra breiðar ræmur, en að öðru leyti virast landslagsbreytingar ekki hafa orðið jafnmiklar vestanmegin í hreppnum eins og austanmegin.

Miklar líkur eru á að fjöldi fornleifa hafi horfið á aldanna rás á skráningarsvæðinu, einkum og sérílagi í landi Háfs og Þykkvabæjar. Vel er hugsanlegt að sandurinn framan við byggðina hafi verið gróinn að hluta í öndverðu og að þar hafi verið byggð býli sem seinna urðu uppblæstri að bráð. Mýrarnar ofan við byggðina eru hinsvegar ólíklegar byggingarland þó vel hafi getað verið þar mishæðir sem hægt var að tylla byggingum á, en sem seinna hafa sópast burt í vatnsflaumi. Í Bjóluhverfi og á Ægissíðu háttar öðruvísi til, og þó ekki sé útilokað að byggingaleifar hafi hrunið af bökkum Ytri-Rangár, þá er líklegra að minjar þar hafi hulist moldu vegna jarðvegsþykknunar.

Kumlin sem fundist hafa við Háabæ benda þó til að í aðalatriðum hafi byggðin í Þykkvabæ og Háfi í aðalatriðum verið á þeim slóðum sem hún er nú og líklegt er að hinir fjölmörgu bæjarhólar þar geymi vitnisburð um sögu Þykkvælinga og Háfshverfinga aftur til landnámsaldar.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir, en jafnframt þeir sem einna verst hafa orðið úti í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum geryðilagst.

Í Þykkvabæ eru fjölmargir bæjarhólar sem enn sést til en hús eru á þeim flestum og eru þeir því skemmdir að meira eða minna leyti. Í Háabæ er risastór bæjarhóll með mörgum húsum á og þar sást sumarið 2000 snið í húsgrunni með mannvistarleifum niður á 2 m dýpt. Stórir bæjarhólar eru einnig á Skinnum (70x50 m, 1,5 m hár) og Vatnskoti (70x45 m, 1 m hár). Minni hólar (um 30x20 m flestir) sjást enn á Tobbakoti, Norður-Nýjabæ, Gvendarkoti, Hákoti, Dísukoti, Borgartúni, Borgartúnshjáleigu, Mel og Hávarðarkoti. Hólar sem ekki hefur verið byggt á en eru slétaðir eru á Bala, Litla-Rimakoti (þ.e. RA-340:001), Norðurbakka og Skarði. Fyrir utan Litla-Rimakot eru þessir hólar allir nokkuð háir, og sá í Skarði sérlega stór (55x32 m). Full ástæða er til að varðveita þessa hóla.

Aðeins á einum stað í Þykkvabæ sjást rústir á gömlu bæjarstæði, en það er Tjarnarkot og eru þær rústir allar frá 20. öld. Í Háfshverfi eru allir bæjarhólarnir meira eða minna skemmdir, af byggingum í Háfi og Háfshjáleigu en sléttuðir hólar eru á Rima, Grænhóli, Horni og Hala. Hinsvegar er óskemmdur bæjarhóll á Háfshóli, nálega 2 m hár og á honum rústir síðasta bæjarins og í kring rústir af útihúsum. Háfshóll er eina bæjarstæðið á skráningarsvæðinu sem ekki hefur verið skemmt af framkvæmdum á 20. öld. Sama gildir raunar einnig um Burðar- eða Útburðarholt í landi Sandhólaferju – þar eru rústir sem gætu verið eftir bæ en engar heimildir eru til um þá byggð. Bæjarhólar á Ægissíðu, Hrafnatóftum og Bjólu eru allir skemmdir vegna

bygginga en sá í Bjólu er þeirra langstærstur, 70x60 m og meira en 2 m hár. Bæjarstæði Steintóftar er sléttaður hóll í túni.

Útihús og túngarðar

Útihús eru yfirleitt langstærsti minjaflokkurinn á hverju svæði, en þau eru víðast horfin, hafa verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Í Þykkvabæ fylgdu flestum kotunum 1-2 útihús í byrjun 20. aldar og eru þau öll horfin nú, mörg undir yngri byggingar en flest hafa verið sléttuð undir tún. Útihúsin stóðu oftast þétt við bæina og sennilega hafa skepnur víða verið geymdar í kofum sem voru hlutar af torfbæjunum. Á öðrum jörðum á skráningarsvæðinu eru öll útihús horfin nema tvær hesthústóftir í Ægissíðutúni, fjós sem enn stendur á bæjarhólnum á Sandhólaferju og fimm útihústóftir í túni Háfshóls. Margir hellar eru í túninu á Ægissíðu og voru sumir þeirra notaðir fyrir skepnur, þ.á.m. Fjóshellir, Fjárhellir, Kirkjuhellir, Hrútshellir og Lambahellar en einnig Hlöðuhellir.

Á Háfshóli er túngarður í kring, en leifar túngarðs sjást einnig í kringum stekkatún og aðaltún á Ægissíðu, sem og um gömul tún á Burðarholti og nyrst í Skollahólum í landi Sandhólaferju. Ekki er vitað til að túngarðar hafi almennt verið hlaðnir í Þykkvabæ eða Háfshverfi.

Tún og garðar

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Langflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélum og á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabil. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjaski henta verr til rannsókna og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar. Öll gömul tún á skráningarsvæðinu, fyrir utan Háfshól, eru röskuð og hafa verið sléttuð og/eða plægð með stórvirkum vinnuvélum.

Grænmetisrækt var stunduð við flesta bæi í Djúpárhreppi á fyrri hluta 19. aldar en mun hafa verið heldur í smáum stíl fram á 20. öld. Engir gamlir kálgaraðr hafa þó varðveist á skráningarsvæðinu og eru aðeins heimildir um tvo slíka, Móagarð og Hólagarð á Hrafnatóftum.

Stekkir og kvíar

Örnefnin Ísólfstekkur og Stekkjarkot minna á hvar stekkir hafa verið í Þykkvabæ en einnig er vitað um stekk sem var skammt vestur af Vesturbúð. Á 19. öld voru fráfæruær í Borgartúnsnesi en ekki er vitað hvort þar var stekkur. Stekkatún eru örnefni á Sandhólaferju, Ægissíðu og Hrafnatóftum sem minna á hvar stekkir voru, en auk þeirra var Felixarstekkur á Ægissíðu og Snorrastekkur á Bjólu. Á Stekkjarhúshóli í landi Sandhólaferju er lítil tóft, sem sennilega er af stekkjahúsinu, fremur en stekknunum, en inn í Stekkjarmel hjá Hala í Háfshverfi er grafin tóft sem af kunnugum er talin hafa verið kvíar.

Örnefnið Kvíavellir eða Kvíabekkur sem var annað nafn á Litla-Rimakoti bendir til þess hvar kvíar frá Háabæ voru upphaflega – austan við bæjarstæðið nálægt þar sem Miðkot er nú. Stöðulkot bendir í sömu átt en það var þar sem íbúðarhúsið Smárahvammur er nú. Kvíarhóll á Sandhólaferju og Kvíaból á Hrafnatóftum benda til hvar kvíarnar voru á þessum bæjum, og við Kvíahól í landi Bjóluhjáleigu voru torfkvíar sem nú eru horfnar. Í landi Bjóluhjáleigu er einnig örnefnið Stöðullinn.

Beitarhús og sel

Ekki er vitað um nein beitarhús frá Þykkvabæ og hafa þau annaðhvort aldrei verið eða horfið í vatnagangi 19. aldar. Þó eru tveir Grænhólar ofan við byggðina þar sem fjárhús gætu hafa verið. Í Háfshverfi eru beitarhúsatóftir á fjórum stöðum: á Borgarholti, Dagmálarima, Hringir og svokallaðar Gömlutættur. Í landi Sandhólaferju voru beitarhús á Fjárhúsholti og nyrst í Skollahólum, en einnig getur verið að tóftir á Burðarholti hafi verið notaðar sem beitarhús. Þá er þar í landinu tóft af fjárskýli sem kallað var Nielsborg. Ekki er vitað um nein beitarhús á Ægissíðu en þar eru tvær tóftir af fjárborgum, Lambabyrgi og á Borgarhóli. Á Hrafnatóftum voru beitarhús kölluð Rimahús og önnur sem hétu Mýrarhús eða Sauðahús. Á Bjólu voru beitarhús á Þorgeirsholti og þar var líka hellir sem notaður var fyrir fé. Á Bjóluhjáleigu voru beitarhús kölluð Gapi og önnur á Holti og þar var einnig fjárskýli kallað Eystraskýli.

Engin sel eða sel-örnefni eru þekkt í Djúpárhreppi.

Vörslugarðar

Í sóknarlýsingu frá 1840 er getið um mikinn garð sem lá frá Háfi til Háfshóls, en ekki er ljóst af lýsingunni hvort hann var fyrst og fremst notaður sem göngugarður eða hvort hann hafði verið gerður til að verja búfénaði umgang. Þessi garður sést nú ekki lengur og er ekki vitað hvar hann var nákvæmlega. Um aðra vörslugarða er ekki vitað á svæðinu og hafa þeir örugglega ekki verið algengir á 19. öld að minnsta kosti, því í sömu sóknarlýsingu er þess getið að Þykkbælingar láti kýr sínar vera inni á sumrum því annars taki þær á rás norður yfir vötnin. Hafi fornir garðar verið á svæðinu þá eru þeir nú annaðhvort sokknir í mýrar eða eyðilagðir af vartnsflaumi.

Engjar og áveitur

Engjar voru mikilvægar í efnahag landbúnaðarsamfélagsins. Tún voru lítil, og af þeim fékkst aðeins taða fyrir mjólkurkýrnar. Öll önnur hey komu af engjum sem voru mjög misjöfn að gæðum. Þó að engjaheyskapur hafi skipað stóran sess í efnahagslífi Djúphreppinga á 19. öld er næsta lítið um mannvirkjaleifar honum tengdar. Ekki er vitað um neina forna garða eða skurði á svæðinu. Brýr hafa áreiðanlega verið gerðar yfir fen til að greiða götu heybandslesta – og er getið um slíkar brýr í Veleifsholtshverfi – en um þær hafa ekki varðveist heimildir í Djúpárhreppi.

Mikill garður var hlaðinn meðfram suðurhlíð Safamýrar á árunum eftir 1880 til að verja hana fyrir Djúpós en þar fyrir utan mun hafa verið lítið um mannvirkjagerð af því tagi fyrr en eftir að Djúpós var stíflaður 1922. Þó að þeir skurðir sem þá voru grafnir teljist ekki til fornleifa lögum samkvæmt vegna aldurs, eru þeir elstu minjar um horfið verklag og mikilvægan þátt í atvinnusögu íslensku þjóðarinnar.

Vatnsból

Ekki eru nein vatnsból skráð sem fornleifar í Djúpárhreppi nema Brunnhellir á Ægissíðu.

Eldsneyti

Mógrafir eru hvergi skráðar sem fornleifar í Djúpárhreppi nema á Ægissíðu og mun ekki hafa verið mótak á neðri bæjunum. Hinsvegar eru þar lurkalög í jörðu sem hugsanlegt er að menn hafi grafið eftir eins og í Landeyjum. Í sóknarlýsingum frá 1840 er þess getið að sauðaskán og kúamykja sé aðaleldsneyti á svæðinu enda voru túnin sáralítill og áburðarþörf því ekki mikil. Vafalaust hafa menn einnig notað rekavið að einhverju leyti sem eldsmat. Kvistmýri sem getið er um í sóknarlýsingu Neðri-Holtaþinga hefur tæplega verið á því svæði sem Djúpárhreppur nú nær yfir, einkanlega ekki eftir að Safamýri myndaðist.

Kuml og kirkjugarðar

Kuml, hugsanlega fleiri en eitt, hafa komið í ljós þar sem kirkjugarðurinn í Þykkvabæ er nú og norðan við hann. Þar er sennilega kumlateigur sem vitnar um forna byggð í Þykkvabæ almennt og Háabæ sérílagi. Bænhús mun seinna hafa verið í Þykkvabæ og er talið að það hafi verið hjá Glæsi á eða norðan við bæjarhólinn í Háabæ.

Á Háfi hefur sennilega verið komin kirkja um 1160 þegar gifta átti Þorlák helga þangað og hennar er getið í kirknaskrá frá því um 1200. Í raun er ekkert sem bendir til annars en að kirkja hafi verið komin á Háfi þegar á 11. öld.

Á Sandhólaferju hafa menn lengi leitað haugs Sigmundar sem Landnámabók segir frá að hafi verið veginn þar. Á 19. öld fundu menn hrossbein á Ferjuhamri og settu þau í samband við hauginn en nú er þar allt blásið og örvænt að botn fáiist í það mál.

Sandhóalferja átti ásamt Þykkvabæ sókn að sækja til Háfs en Ægissíða og Bjóluhverfi voru í Oddasókn og er ekki vitað um bænhús á þessum bæjum.

Leiðir

Sandhólaferja er gömul samgöngumiðstöð og er hennar getið í Landnámabók og Njáls sögu. Miðaldaskjöl greina einnig frá því að kirkjurnar í Odda og Holti undir Eyjafjöllum voru undanþegnar ferjutolli á Sandhólaferju. Um þennan ferjustað lá aðalumferðin milli neðanverðs

Rangárþings og Flóa og um hann fóru allir sem leið áttu austur á land eða komu þaðan til Suðurnesja. Frá Sandhólaferju mun hafa legið leið svo að segja beint í austur í stefnu á Odda og mun þá hafa verið farið yfir á vaði eða ferju hjá Bjóluhverfi en á seinni öldum var aðalleiðin norðar, í gegnum Áshverfi og yfir Rangá ytri hjá Ægissíðu. Þeir sem ætluðu í Þykkvabæ eða Landeyjar fóru frá Sandhólaferju til Háfs, og þaðan um Þykkvabæ og að ferju á Hólsá.

7. kafli. Verndun og kynning á fornleifum í Djúpárhreppi

Miðað við önnur sveitarfélög eru aðstæður fremur óvenjulegar í Djúpárhreppi og hafa ekki verið til þess fallnar að fornleifar varðveittust. Það gerir votlendið og hinn óstöðugi jarðvegur sem gert hefur fallvötnum kleyft að brjóta land og með því þær minjar sem ef til vill voru á því.

Hinsvegar er Þykkvibærinn sjálfur, það er að segja allt þorpið, einar óvenjulegustu fornminjar á Íslandi. Þar eru á mörgum litlum hólum uppsafnaðar mannvistarleifar eftir meir en 1000 ára byggð í eina sveitapéttbýli sem sögu fara af hér á landi. Gerð var tilraun til að friða hluta þessara minja 1927 en þau bæjarstæði eru nú horfin í Hólsá. Hinsvegar eru nokkur önnur í þorpinu sem ekki hefur verið byggt á sem full ástæða er til að varðveita og rík ástæða er til að fylgjast vel með öllu jarðraski og húsbyggingum í þorpinu til að koma í veg fyrir óþarfa minjaspjöll, eins og þau sem fyrir skemmstu voru gerð í Háabæ, og bjarga þekkingu frá glötun með rannsóknum.

Fyrir utan hina horfnu Bakkabæi eru Ægissíðuhellar einu fornminjarnar sem friðlýstar hafa verið í Djúpárhreppi. Þeir eru mjög gott dæmi um hellagerð Sunnlendinga og henta einkar vel til kynningar vegna nálægðar við þjóðveg 1 og vegna þess að þeir eru óvenju margir og fjölbreytilegir á litlu svæði. Í kringum Ægissíðuhella mætti byggja upp kynningu á a) jaðrfræði Suðurlandsundirlendisins, b) búskaparhætti í Rangárþingi á 19. öld og c) hugmyndum um bústaði papa en margir frægir listamenn (t.d. Einar Benediktsson og Jóhannes Kjarval) hafa fengið innblástur um þetta efni útfrá hellunum og er full ástæða til að kynna það þó að engar sannanir hafi fundist fyrir veru papa í hellum sem þessum

Lagt er til að eftirtaldir minjastaðir verði verndaðir sérstaklega og ráðstafanir gerðar til að kynna þá ferðamönnum. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska eða spilla, en með sérstakri verndun er átt við að hirt sé um viðkomandi minjastað, hann kynntur og gerður

aðgengilegur og að ráðstafanir séu teknar til að koma í veg fyrir eyðingu af völdum náttúruafla þar sem það á við.

- Bæjarstæði Háfshóls. Heildstætt menningarlandslag með leifum torfbæjar frá 19. öld
- Bæjarhólar Bala, Norðurbakka og Skarðs í Þykkvabæ.
- Rústir á Burðarholti í landi Sandhólaferju.

Full ástæða væri til að gera minniháttar fornleifarannsóknir á bæjarstæðum í Þykkvabæ, einkum hjá Glæsi og kirkjugarðinum. Sömuleiðis í Burðarholti og Skollahólum í landi Sandhólaferju.

Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að stöðva eyðileggingu mannvistarleifa í Þykkvabæ af völdum byggingaframkvæmda.

Ástæða er til að kanna yngri mannvirki en þau sem teljast fornleifar í skilningi þjóðminjalga með það fyrir augum að varðveita og kynna leifar um baráttu Þykkebælinga við vötnin á 19. öld, einkum og sérílagi stíflur þær sem gerðar voru af miklum vanmætti en miklum samhug. Sömuleiðis eru elstu skurðir í Safamýri margir handgrafnir og því minjar um horfna atvinnuhætti og merkilegan þátt í nútímavæðingu Íslands.

8. kafli Niðurlag

Árið 2000 voru allar þekktar fornleifar í Djúpárheppi skráðar. Þar með á að vera kominn grundvöllur til að vernda þær fornleifar sem nú eru þekktar og koma í veg fyrir óþarfa eyðileggingu á þeim í framtíðinni. Sömuleiðis er nú kominn grundvöllur undir kynningu minjastað í hreppnum en full ástæða er til að nýta merkilega minjastaði á þann hátt. Ljóst er að í Þykkvabæ er varðveittur mikill fjársjóður fyrir íslenska fornleifafræði sem hefur gríðarlegt rannsóknargildi fyrir komandi kynslóðir íslenskra fornleifafræðinga.

9. kafli Heimildaskrá

Heimildamenn

Þykkivibær

Hábær: Páll Hafliðason, f. 1921. Sigurbjartur Guðjónsson f. 1918.
Skinnar: Kristjón Hafliðason, f. 1919.
Unhóll: Kristjón Pálmarsson, f. 1927.
Tobbakot: Jónína Gunnarsdóttir, f. 1926. Kristjón Pálmarsson, f. 1927.
Vatnskot: Unnur Steindórsdóttir, f. 1943.
Háirimi: Guðjón Guðnason, f. 1945.
Stóra-Rimakot: Guðjón Guðnason, f. 1945.
Suður-Nýibær: Ágúst Gíslason, f. 1929.
Norður- Nýibær: Sigurbjartur Guðjónsson f. 1918.
Gvendarkot: Garðar Óskarsson, f. 1942.
Stöðulkot: Kristjón Hafliðason, f. 1919.
Búð: Páll Hafliðason, f. 1921.
Búðarkot: Páll Hafliðason, f. 1921.
Hákot: Anna Guðmunda Markúsdóttir, f. 1913.
Dísukot: Anna Guðmunda Markúsdóttir, f. 1913.
Vesturholt: Anna Guðmunda Markúsdóttir, f. 1913.
Önnupartur: Eygló Yngvadóttir, f. 1941.
Borgartún: Sigvaldi Ármannsson, f. 1928.
Oddspartur: Eygló Yngvadóttir, f. 1941.
Bali: Guðlaugur Árnason, f. 1927.
Húnakot: Garðar Óskarsson, f. 1942.
Stekkjarkot: Unnur Steindórsdóttir, f. 1943. Ágúst Gíslason, f. 1929.
Melurinn: Kristjón Pálmarsson, f. 1927.
Þórutóft: Guðjón Guðnason, f. 1945.
Snotra: Guðjón Guðnason, f. 1945.
Melur: Páll Hafliðason, f. 1921. Kristjón Hafliðason, f. 1919. Sigurbjartur Guðjónsson f. 1918.
Miðkot: Páll Hafliðason, f. 1921.
Jaðar: Kristjón Hafliðason, f. 1918.
Bakki: Páll Hafliðason, f. 1921.
Brekka: Kristjón Hafliðason, f. 1918.
Hávarðarkot: Kristjón Hafliðason, f. 1918.
Skarð: Sigurbjartur Pálsson, f. 1960.

Háfshverfi

Háfur: Ólafur Þórarinnsson, f. 1928.
Háfshjáleiga: Jón Vilberg Karlsson, f. 1933.
Horn: Jón Vilberg Karlsson, f. 1933.
Hali: Jón Vilberg Karlsson, f. 1933.
Háfshóll: Jón Vilberg Karlsson, f. 1933.

Sandhólaferja

Jocum Marth Ulriksson, f. 1953.

Ægissíða

Eyjólfur Guðmundsson, f. 1932.

Guðrún Guðmundsdóttir, f. 1932.

Ægir Þorgilsson, f. 1939.

Bjóluhverfi

Hrafnatóftir: Pálína Jónsdóttir f. 1941. Óskar Ólafsson, f. 1944. Sæmundur Ágústsson, f. 1941.

Steintóft: Sæmundur Ágústsson, f. 1941.

Bjóla: Sæmundur Ágústsson, f. 1941.

Bjóluhjáleiga: Óskar Ólafsson, f. 1944.

Ritaðar heimildir

Anton Holt & Guðmundur J. Guðmundsson (1980): *Um manngerða hella á Suðurlandi*, Rv.

Árni Óla (1962): *Þúsund ára sveitaþorp. Úr sögu Þykkvabæjar í Rangárþingi*, Rv.

Brynjúlfur Jónsson (1900): 'Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1899.' *Árbók 1900*: 1-8.

Brynjúlfur Jónsson (1910): 'Ýmsar greinar.' *Árbók 1910*: 28-47.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II, Kaupmannahöfn 1858-1878.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.

Einar Benediktsson (1905): 'Írabýlin.' *Fjallkonan* XXII: 6/10, 13/10.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, Ágúst Ó. Georgsson tók saman, Rv. 1990.

Helgi Þorláksson (1989): *Gamlar götur og goðavald. Um fornar leiðir og völd Oddaverja í Rangárþingi*, (Ritsafn Sagfræðistofnunar 25), Rv.

ÍF: *Íslenzk fornrit*, Rv 1933-.

Jarðabréf: Gunnar F. Guðmundsson, *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*, Rv. 1993.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

KEKH: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri 1956.

KK: Kålund, Kristian: *Íslenzkir sögustaðir I. Sunnlendingafjórðungur*, Haraldur Matthíasson þýddi, Reykjavík 1984.

Manngerðir hellar: Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson, Hallgerður Gísladóttir: *Manngerðir hellar á Íslandi*, Reykjavík 1991.

Matthías Þórðarson (1931): 'Manngerðir hellar í Rangárvallasýslu og Árnessýslu.' *Árbók 1930-31*: 1-76.

SB: *Sunnlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár*, Rv. 1987.

Sigurður Vigfússon (1892): 'Rannsóknir sögustaða, sem gerðar voru 1883 um Rangárvöllu og þar í grend, einkanlega í samanburði við Njálssögu.' *Árbók 1888-1892*: 35-62.

SSR: *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Rangárvallasýsla*, Rv. 1968.

Ö-Bjóluhjáleiga, Guðjón Jónsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Bjóluhverfi, Bergsteinn Kristjánsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Háfshverfi, Ingimundur Jónsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hrafnatóftir. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sandhólaferja, Bergsteinn Kristjánsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sandhólaferja ath. Sigurður Grétar Guðmundsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sandhólaferja viðb. Sigurður Grétar Guðmundsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þykkvibær, Bergsteinn Kristjánsson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ægissíða, Torfi Jónsson. Örnefnastofnun Íslands.

Kortagrunnar:

Bjóluhverfi: Landkostir hf, Elín Erlingsdóttir, 1990.

Háfshverfi: Búnaðarfélag Íslands, Ásgeir H. Jónsson ,1928.

Sandhólaferja: Búnaðarfélag Íslands, Ásgeir H. Jónsson og Björn Bjarnason, 1962.

Þykkvibær: Pétur H. Jónsson, 2000.

Viðauki I: Fornleifakort af Þykkvabæ.

Viðauki II:

Mjöll Snæsdóttir: Athugun á leifum í húsgrunni í Hábæ.

Sumarið 2000 vann Fornleifastofnun Íslands að aðalskráningu fornleifa í Djúpárhreppi. Við þá skráningu fengu starfsmenn vitneskju um að nýbúið væri að grafa fyrir nýbyggingu við Hábæ I í Þykkvabæ og reyndist sá gröftur hafa skaddað mannvistarlög. Athugun var gerð á ummerkjum á bæjarstæði Hábæjar í Þykkvabæ dagana 8.-9. júlí 2000.

Núverandi íbúðarhús á Hábæ I er bárujárnsklætt timburhús á steiptum kjallara reist 1924 og stendur það sunnan í hólbungu nokkurri, bæjarhól Hábæjar. Austan við íbúðarhúsið hafði verið grafinn húsgrunnur, um 16 x 12 m að stærð,. Grafið hafði verið í gegnum mannvistarlög í hólnum og djúpt niður í sandlag sem þar er undir. Þegar bakkarnir umhverfis voru skoðaðir mátti greinilega sjá í þeim annars vegar leifar bygginga og hins vegar sorphaug mikinn, sem hlaðist hafði upp suðaustan í hólnum sem íbúðarhúsið stendur á. Gryfjan var 2 – 2,20 að dýpt frá yfirborði (vestast).

Á bakkanum norðan við grunninn mátti sjá hálfhrundar (felldar) rústir útihúss, sem okkur var sagt að hefði verið hlaða, en í stálinu neðan við þær rústir voru ummerki um eldri byggingu eða byggingar. Þar mátti sjá leifar torfhleðslu á u.þ.b. 6 m kafla. Sandlög eru í torfinu. Þar sem hleðslan stendur á einum stað, austarlega í bakkanum, er hún um 70 sm há. Ekki verður skorið úr um hvar hús það er þessi veggur tilheyrir hefur verið, hvort það er norðan gryfju eða hvort leifar þess hafa verið fjarlægðar þegar grunnurinn var grafinn.

Í vesturbakkanum mátti greinilega sjá hvar grafið hafði verið í gegnum byggingu með torfhlöðnum veggjum. Ekki var að sjá neitt grjót í veggjum þess húss né heldur í gólfi. Tótt þess var full af torfi, eins og húsið hafi verið fellt inn í tóttina. Það hefur líklega gerst á 20. öld, brot úr gluggagleri sást í fyllingunni. Torfhúsið hefur því líklega staðið fram á 20. öldina, en ekki er ljóst hvenær það hefur verið reist, etv á hinni 19. Byggingin virðist hafa verið niðurgrafin að nokkru leyti (0,6 – 1 m).

Í suðurbakkanum voru ekki minjar bygginga, en þar mátti sjá á 1,6 m dýpi sorphaug mikinn sem án efa hefur hlaðist upp á löngum tíma. Greina má þrjú lög í sorphaugnum, þrjú lög af sendinni brúnni mold, hið efsta sendið brúnt moldarlag með lítilsháttar af beinum, um hálfur metri að þykkt. Undir því lag sem er sendnara en efra lagið og meira af beinum í því, einnig spýtum, það er einnig um hálfur metri að þykkt. Þar fyrir neðan er leirkenndara lag, en að öðru leyti svipað laginu yfir. Það var í þessu neðsta lagi sem yfirleðrið fannst. Svo er að sjá að það lag hafi safnast fyrir í dokk eða laut, sem var suðaustan í hólnum.

Í austurbakka var ekki að sjá eldri byggingaleifar, en þar er komið mjög utarlega í hólinn. (Það snið var ekki teiknað).

Um tímasetningu mannvistarminjanna verður það sagt að byggingin sem sést í norðurbakka er eldri en sú sem sést í vesturbakka.

Ath er sorp- og beinalagið í miðju í suðursniði yngra en byggingarleifarnar í norðurbakka?

Teiknuð voru þrjú snið, vesturbakki, suðurbakki og norðurbakki vestanverður. Neðarlega í sorphaugnum sem sjá mátti í suðurbakka mátti sjá yfirleður af skó standa út úr bakkanum og var það tekið til handargagns og afhent Þjóðminjasafni. Þessi skór er af miðaldagerð.

Í austurbakka holu (hún er um 12 x 16) er aðeins að sjá sand og moldblandaðan sand. Einar, áb. (eða maður sem með honum kom) segir að það sé “hlöðubotn” í norðurbakka. Aftan / norðan við gryfju hár gróinn moldarbálgur, trúlega leifar byggingar. Í “hlöðunni” alls konar drasl efst í prófil, hraukurinn hækkar er fjær dregur holunni.

Þar sem “innkeyrsla” er inn í holu tókst okkur ekki að komast fyrir botn haugs. Hér heldur ábúandi að hafi verið gamalt haughús og kann það að hafa raskað lögum í miðri “innkeyrslu” (um 3 m breið)

Norðan holu, um 2 m frá henni stendur veggjarbrot. Nær um 2 m vestar en hola og er sýnilegt a.m.k. eins langt og N-prófill er teiknaður. Þar austan við er sandhrúga yfir og sést ekki vel hve langt (á að giska 12,5 m). Veggbrotið er 1,80 m hátt - leifar hlöðu sem hér var - og a.m.k. 2 m þykkt.

Tekin voru til handargagns nokkur dýrabein úr sorphaugnum neðarlega. Greinilegt er að haugur þessi heldur eitthvað áfram og hægt ætti að vera að ganga að þeim hluta hans sem eftir er hið næsta hinu nýja húsi sem reisa á.

Suðursniðið er 8 m langt, og er teiknað niður á 1,60 – 2,20 m dýpi frá yfirborði eða niður í óhreyft sandlag, sem er þarna neðst í hólnum á allar hliðar. Lög er sjást í þessu sniði:

1. grasrót
2. mikið hreyfð mold með kolum og móösku
3. lagskipt mold, brún og ljósbrún
4. linsa / lag af mól og sandi
5. sendið brúnt moldarlag m. lítilsáttar af beinum. Í því móöskulinsa og grjót.
6. Sandlag
7. Sendnara brúnt lag með meiru af beinum en 5
8. Sorplag dökkt, sendið moldarlag líkt 6 en leirkenndara (yfirleður hér)
9. Óhreyft sandlag.

Vestursniðið er 12 m langt og teiknað niður á 2-2,40 m dýpi eða spottakorn niður í sandlag er virðist með öllu óhreyft. Þar eru þessi lög:

1. grasrót
2. niðurgroftur fyrir lagnir (rafmagn eða sími?)
3. steypur veggur – tilheyrir yngra skeiði torfbyggingarinnar
4. niðurgroftur f. hús
5. hleðsla í niðurgrofnu húsi
6. fylling í niðurgrofnu húsi
7. brún hreyfð mold torfblönduð
8. torfhleðsla (efri hleðsla í húsi?)

9. ljósbrún sendin mold
10. moldarlag með grjóti, beinum etc
11. hreyft tof (tilheyrir vegg?),
12. hreyfð sendin mold, í henni kol og bein
13. dökkbrún sendin mold (samstætt við 12 ?)
14. sandur, blandaður mold og móösku
15. sandur, óhreyfður að sjá

Norðursniðið er 15,8 m að lengd. Á bakkanum er hálhrunin rúst byggingin sem hefur verið að töluverðu léyti úr torfi, þó hefur verið búið að steypa í hana einhverja hluta. Að sögn manns sem kom að með Einari þeim er býr í húsinu (og runninn gróf) hafði þessi bygging verið hlaða.

1. Grasrótarlaga + moldarlag blandað beinum + tóttir hlöðunnar sem hefur fallið eða verið rutt um
2. Sandlag hreyft, í því kol & móaska & mold í flekkjum
3. Veggjarleifar, torf m. sandi
4. sstandandi hleðsla, tilheyrir 3
5. hreyfður sandur
6. hreyft torf
7. lítið hreyfð mold
8. óhreyfður sandur

Ljóst að hlöðubyggingin er nýleg eða hefur verið í notkun nýlega og torfbyggingin sem leifar sjást af á vesturbakka hefur staðið á 19. öld, þó ekki sé fullljóst hvenær báðar þessar byggingar voru reistar – þurfa ekki að vera eldri en frá fyrri hluta 20. aldar eða 19. öld.

Greinilegt er í N-sniði hvernig hlaðan er grafin niður í lag af hreyfðum sandi sem liggur yfir veggjarleifunum (ath nr) Hreyfða sandlagið er nú um 30 sm þykkt yfir veggnum, en virðist sem það hafi getað verið töluvert þykkara áður en hlaðan var reist og er því ljóst að hleðsluleifarnar undir eru töluverðum mun eldri en hlöðubyggingin, þó að öðru leyti sé erfitt að áætla aldur byggingarleifanna.

Auk yfirleðurs sem áður getur voru tekin til handargagns hluti úr skóhæl, vaðmálsþjatta, leðurstykki og trénagli(?). Þessir hlutir lágu lausir þegar að var komið og verða ekki staðsettir til lags. Allir voru gripirnir afhentir Þjóðminjasafni Íslands 21.10.2000.

Margt bendir til að byggð sé forn þar sem Háabær stendur. Í Jarðabók Árna og Páls er staðhæft að bæirnir hafi verið saman þar sem Háabær er nú. Kirkja var reist við Háabæ 1914, en kirkjustaður hafði frá fornu fari verið í Háfi. Spjótsoddur fannst við greftrun í Háabæjarkirkjugarði 1919, og öxi og skjaldarbóla fundust þar nærri við greftrun 1958. Mannsbeinagrind fannst er prestsetrið í Þykkvabæ var reist 1943 um 500 m norðvestur frá norðvesturhorni kirkjugarðsins. Þessir fundir benda til þess að forn kumlategur hafi verið þar sem nýi kirkjugarðurinn í Háabæ var gerður.